JÓNAS JÓNSSON:

ÍSLANDSSAGA

HANDA BÖRNUM

FYRRA HEFTI

REYKJAVÍK — 1915 — FÉLAGSPRENTSMIÐJAN

949.1
J65ú

JÓNAS JÓNSSON:

ÍSLANDSSAGA

HANDA BÖRNUM

Fyrra hefti

REYKJAVÍK
FÉLAGSPRENTSMIÐJAN
1915

FORMÁLI.

BÓK þessi er nokkuð með öðru sniði en eldri kenslubækur í Íslandssögu. Kemur það af því, að hún er eingöngu ætluð börnum. Er því lítil áhersla lögð á stjórnarfarssöguna, tímabilaskiftingar, ártöl eða ættartölur, en meira sagt frá einstökum atburðum, er mega kallast sögulegir, og ýmsum atriðum menningarsögunnar. En af þessu leiðir, að efninu verður tæplega raðað í nákvæmt kerfi eftir tímaröð, eins og yrði að gera í sögubók handa unglingum og fullorðnum mönnum.

Svo er til ætlað, að saga þessi verði í tveimur heftum, jafnstórum, og að hún verði hæfileg kenslubók handa barnaskólunum og til nokkurrar vakningar börnum, sem lesa vilja sögu í heimahúsum. En reynist hún of stór, er hægurinn hjá fyrir kennarann að hlaupa yfir einstöku kafla, og þá helst smáletursgreinarnar. Á stöku stað er vitnað í Íslendingasögurnar, útgáfu Sig. Kristjánssonar, til að venja börnin við að lesa þær og meta að verðleikum.

Höf.



FUNDUR ÍSLANDS. — LANDNAMSÖLDIN. — Fyrir meira en þúsund árum var víkingur einn, er Naddoður hét á leið frá Noregi til Færeyja. En hann viltist fram hjá eyjunum og rak langt norðvestur í haf. Þar kom hann að vogskorinni, hálendri strönd. Það voru Austfirðir. Hann sá þar enga bygð, og gekk því upp á fjall eitt, sem víðsýnt var frá, til að vita, hvort ekki sæist neinstaðar reykur eða önnur merki um mannabygð. En það var ekki. Þeir félagar yfirgáfu þá landið og sigldu áleiðis til Færeyja; en áður en ströndin hvarf sjónum þeirra, féll snjór á fjöllin. Þessvegna kallaði Naddoður landið *Snæland*.

GARÐAR SVAVARSSON. — Um sama leyti kom hingað sænskur maður, að nafni Garðar Svavarsson. Hann vissi ekkert um ferðalag Naddoðs, og þeir hvorugur um annan. Garðar kom líka að Austfjörðum en lét sér ekki nægja að koma til landsins, heldur sigldi alt í kring um það og fann, að það var eyja. Honum vanst ekki tími til að ná heim samsumars og bygði sér skála til vetursetu við Skjálfandaflóa. Þar heitir síðan Húsavík. Hann hélt heimleiðis,

alfarinn, næsta sumar. Eftir honum var landið nefnt, um stund, og kallað Garðarshólmi.

HRAFNA-FLÓKI. Af frásögnum Naddoðs og Garðars varð mönnum á Norðurlöndum kunnugt um, að til var stórt, óbygt land norðvestur af Færeyjum. Þetta frétti norskur víkingur, sem hét Flóki og afréð hann að flytja þangað búferlum. Bjó hann skip sitt vel að mönnum og vistum. Hann hafði með sér trjávið í nýjan bæ, og talsvert af kvikfénaði. Hann lét í haf frá Noregi vestanverðum, og fylgdi löndum, sem mest hann mátti og þektum leiðum; sigldi fyrst til Hjaltlands, þaðan til Færeyja og síðan til Íslands. Þá þektu menn ekki áttavitann, og var því ólíkt erfiðara fyrir sjómenn að rata yfir höfin, heldur en nú er. Sagan segir að Flóki hafi haft með sér þrjá hrafna til að vísa sér leið. Á leiðinni milli Færeyja og Íslands slepti hann hröfnunum, hverjum á eftir öðrum. Hinn fyrsti flaug aftur um stafn, því að þá var skemst til lands í Færeyjum. Annar flaug upp í loftið, en svo aftur til skipsins, því að þá var langt til allra landa. En hinn þriðji flaug fram um stafn, í þá átt, sem þeir fundu landið. Af þessu fekk Flóki viðurnefni og var kallaður Hrafna-Flóki. Hann kom að Austfjörðum og sigldi vestur með suðurströndinni og inn á Breiðafjörð og lenti í firði einum á Barðaströnd, sem heitir Vatnsfjörður. Hann er undurfagur enn í dag, og hefir þó mörgu hnignað, einkum gróðrinum. Inn af firðinum gengur dalur milli hárra fjalla. Í miðjum dalnum er stöðuvatn, og úr því rennur breið og tær á fram í sjóinn. Hlíðarnar eru skógi vaxnar, og láglendið gróðurmikið. Á þessum stað þótti Flóka byggilegt. Þar reisti hann sér skála og bjóst um til vetursetu. Kvikfé gekk sjálfala í högunum, en veiði var mikil og góð í vatninu, ánni og firðinum. Flóki og menn hans stunduðu veiðina um sumarið,

en gættu ekki að afla heyja handa búfénu. En veturinn var harður; bæði mikil frost og fannfergi, svo að tók fyrir beitina, og féll þá búsmali þeirra allur. Vorið var líka heldur kalt. Þá gekk Flóki upp á fjall eitt hátt, og horfði norðvestur yfir Vestfirði. Þar sá hann í fjörð einn, fullan af hafís. Varð það til þess, að hann kallaði landið Ísland og hefir það haldist síðan. Flóki var næsta vetur í Borgarfirði, en hélt að því búnu til Noregs. Honum hafði vegnað hér illa, enda bar hann landinu eigi vel söguna. Síðar fluttist hann þó alfarinn til Íslands og bjó í Fljótum í Skagafirði og andaðist þar.

INGÓLFUR ARNARSON. — Flóki er samt ekki talinn fyrsti landnámsmaður á Íslandi af því hann flutti burtu um stund. Sá maður, sem fyrstur tók sér fasta bólfestu hér á landi, var *Ingólfur Arnarson*. Örn faðir hans var góður bóndi á vesturströnd Noregs. Hann átti tvö börn: *Ingólf* og *Helgu*. Skamt frá þeim óx upp frændi þeirra systkyna, er *Leifur* hét. Hann var vinur og fóstbróðir Ingólfs, en unnusti Helgu. Þegar þeir fóstbræður voru um tvítugt, fóru þeir í hernað, eins og títt var þá um unga og hrausta menn. Jarl einn er Atli hét bjó þar í námunda. Hann átti þrjá sonu. Einn af þeim hét Hólmsteinn. Jarlssynir þessir og þeir fóstbræður herjuðu í félagi eitt sumar, og féll vel á með þeim. Um veturinn héldu fóstbræður veislu og buðu sonum Atla jarls. Þeir komu til boðsins og skemtu sér vel. Leist Hólmsteini vel á Helgu Arnardóttur og strengdi þess heit að giftast henni, eða engri konu annars. Leifi mislíkaði þetta og þótti nærri sér höggvið, enda varð nú fullur fjandskapur milli jarlssona og fóstbræðra. Ekki löngu síðar áttu þeir orustur saman og féll þá Hólmsteinn og annar bróðir hans fyrir Leifi og Ingólfi. Ekki var þó þetta fullur sigur fyrir fóstbræður, því að Atli jarl var voldugur og hugði á hefndir. Varð það úr, að þeir

leituðu sátta við hann og tókst það. En í sonabætur heimtaði hann jarðir þeirra og mestar aðrar eignir, og að þeir færu alfarnir úr landi. Þeir tóku þennan kost.

Flóki var þá nýlega kominn úr Íslandsferð sinni og varð mönnum tíðrætt um landið. Fóstbræðrum kom til hugar að flytja til Íslands, en vildu þó áður kynna sér landið. Þeir fóru því fyrst einskonar rannsóknarferð til Íslands og voru einn vetur á Austfjörðum. Þeim leist vel á landið og afréðu að sækja heim vandafólk sitt og eignir. Ingólfur undirbjó burtförina, en Leifur brá sér í víkingaferð til Irlands og varð gott til fanga. Fékk hann þar mikið fé, tíu þræla og gott sverð. Eftir því sverði var hann síðan nefndur Hjörleifur. Flutti hann feng sinn heim til Noregs og var þá Ingólfur albúinn til Íslandsferðar. Hjörleifur var áður giftur Helgu, og Ingólfur var líka kvongaður. Stigu þeir nú á skip með alt fólk sitt, og búslóð, sem þeir máttu með komast. Þeir höfðu sitt skipið hvor. Urðu þeir nú samferða, uns þeir sáu land á Íslandi. Þá skildu leiðir þeirra. Ingólfur var trúmaður mikill, og vildi fela goðunum að ráða, hvar hann veldi sér bústað. Tók hann þá öndvegissúlur sínar, en það voru stoðir, sem stóðu sín til hvorrar handar við tignarsæti húsbóndans í stofunni, og fleygði þeim í sjóinn með þeim ummælum, að þar sem þær rækju að landi, vildi hann gera sér bæ og búa síðan.

Báðir lentu þeir fóstbræður í Skaftafellssýslu, en Ingólfur nokkru austar, við höfðana, sem síðan eru kendir við þá. En hérumbil hálf önnur dagleið er á milli staðanna.

HJÖRLEIFUR DREPINN — Hjörleifur reisti nú tvo skála við höfðann yfir fólk sitt og fénað. Var önnur tóftin 18 faðmar að lengd, en hin 19. Veitti ekki af miklum húsakynnum, því að tuttugu karlmenn voru í heimili, helmingurinn frjálsir menn. Voru það skipverjar Hjörleifs. Hitt voru þrælar þeir,

er hann tók á Írlandi. Sat nú alt þetta fólk um kyrt yfir veturinn. En er voraði, vildi Hjörleifur plægja akur sinn og sá, eins og títt var í Noregi. Hann átti einn uxa og plóg. Skipar hann nú þrælunum að vinna að akuryrkjunni, en þeir voru þess ófúsir. Vildu þeir heldur hefna harma sinna á Hjörleifi, ef færi gæfist. Gera þeir nú samsæri, drepa uxann, en segja Hjörleifi, að björn hafi komið úr skóginum, og orðið honum að bana. Hjörleifur er heima við skála og frjálsu mennirnir tíu. Bregða þeir nú við að leita bjarnarins og dreifa sér um skóginn. Þá réðust þrælarnir á þá, hvern í sínu lagi og drápu þá alla. Að því búnu flúðu þeir með Helgu og aðrar konur úr skálanum út í eyjar, sem þar voru skamt frá landi, vestur með ströndinni. (Landnáma, 30–35).

HEFND INGÓLFS. — Þetta sama vor sendi Ingólfur tvo þræla vestur með sjó til að leita að öndvegissúlunum. Þeir komu að Hjörleifshöfða, fundu skálana mannlausa, og Hjörleif dauðan. Sneru þá leitarmenn heim og sögðu Ingólfi. Hann brá skjótt við og hélt vestur að Hjörleifshöfða, og er hann sá fóstbróður sinn dauðan, mælti hann: „Lítið lagðist hér fyrir góðan dreng, er þrælar skyldu að bana verða, og sé eg svo hverjum verða, er eigi vill blóta.“ Nú voru líkin grafin, En að því búnu bjóst Ingólfur að leita þrælanna. Vildi hann bæði bjarga systur sinni úr höndum þeirra, og þeim konum öðrum, er með henni voru, og hefna fóstbróðurmorðsins. Ingólfur sá að bátur Hjörleifs var horfinn. Þóttist hann af því fullviss, að þrælarnir mundu hafa farið sjóveg, og að líkindum vestur með landi, þar sem síst var mannavon. Heldur hann nú með nokkra menn sjóleiðis vestur á bóginn, og finnur þrælana í eyjunum. Þeir urðu hræddir, er þeir urðu Ingólfs varir, enda beið þeirra bráður bani. Sumir féllu fyrir Ingólfi, en aðrir hlupu fram af háum hömrum og

týndust þannig. Ingólfur gaf eyjunum heiti, það er þær hafa síðan, og nefndi þær Vestmannaeyjar, því að Norðmenn kölluðu Írlendinga Vestmenn.

Næsta vetur var Ingólfur með alt fylgdarlið sitt á Hjörleifshöfða, en sumarið eftir heldur hann vestur á bóginn yfir hið frjósama sléttlendi, sem stórárnar Þjórsá og Ölfusá renna um. Voru þar mörg blómleg héruð, þar sem vistlegt var að taka sér bólfestu. En Ingólfur skeytti því engu. Hann beið eftir svari guðanna, og gerir sér því enn bráðabirgðaskála undir háu og fallegu fjalli með bröttum hamrahlíðum. Heitir fjall þetta síðan Ingólfsfjall; það er skamt í suðaustur frá Þingvallavatni.

REYKJAVÍK. — Um þetta leyti fundu sendimenn Ingólfs öndvegissúlur hans. Þær höfðu borist vestur með ströndinni, fram fyrir Reykjanes, inn Faxaflóa, að norðurströnd á litlu nesi, þar sem nú stendur höfuðbær Íslands. Frá Ingólfsfjalli er ekki nema ein dagleið þangað, yfir lága heiði. Þá leið hefir Ingólfur farið með alt skyldulið sitt og farangur. Hann gerði sér bæ við víkina, þar sem súlur hans höfðu komið að landi. Skamt þar frá eru heitar uppsprettur og lagði reyk af þeim. Það mun þeim félögum hafa þótt undarlegt, því að í Noregi eru engar laugar eða hverir. Þessvegna kallaði Ingólfur bæ sinn Reykjavík. Hann kastaði eign sinni á víðáttumikið landflæmi, alt það sem nú heitir Gullbringu- og Kjósarsýsla, og tvö héruð vestan af Árnessýslu. Á því svæði sem þá var eins manns eign, og talin ein jörð, lifir nú um fjórði hluti allra landsmanna. Ingólfur bjó síðan í Reykjavík alla æfi, og eru litlar frásagnir um efri ár hans. Smátt og smátt hefir hann minkað jörð sína, með því að gefa vinum og fylgdarmönnum land til að nema.

PAPAR. – Áður en Norðmenn bygðu Ísland höfðu Írar fundið landið, og írskir einsetumenn dvalið þar að öðru hvoru í tvo eða þrjá mannsaldra. Írar voru menn kristnir og vel að sér um marga hluti; þeir voru friðsamir og gefnir fyrir að eyða æfinni í kyrð og næði. Risu þar upp klaustur mörg og einsetuskálar; en sumum þótti þar ekki nógur friður, og fóru úr landi í óbygðar eyjar og útnes til að vera sem minst á mannavegum. Lítið vita menn um athafnir Íra, eða Papa eins og Norðmenn nefndu þá, á Íslandi, nema að þeir höfðust mest við suðaustan til í landinu. Ekki er getið um, að Ingólfur yrði þeirra var, heldur sagt að þeir hafi hörfað heim til Írlands, er landið fór að byggjast. Þeir vildu ekki búa innan um heiðna menn. Engin varanleg merki eru um bygð þeirra í landinu.

LANDIÐ. — Þegar landnámsmenn bygðu Ísland var það að sumu leyti ennþá yndislegra en nú. Landslagið var að vísu hið sama. Fjöllin voru þá, eins og nú, há og svipmikil, jöklarnir hvítir, fossarnir tignarlegir, sjórinn dökkblár og loftið tært og hressandi. En gróðurinn var þá ólíkt meiri og dýralífið fjölbreyttara. Engin mannshönd hafði farið eldi um skógana og landnámsmenn dáðust að, hve öll dýr voru spök og óvör um sig. Firðirnir, vötnin og árnar voru kvik af fiski og silungi. Hvalirnir syntu inn í fjarðarbotna, en selirnir léku við kópana hvarvetna á ströndinni. Fuglarnir hreyfðu sig ekki úr hreiðrunum, þótt menn gengju nærri þeim. Engin skepna vissi sér von nýrrar hættu. En með byggingu landsins varð brátt breyting á, til hins verra.

SKÓGURINN. — Í Landnámu er sagt, að landið hafi alt verið skógi vaxið milli fjalls og fjöru. Mestalt láglendið hefir þá verið klætt skógi: ströndin alt í kringum land, sléttlendið sunnan- og vestan-vert á landinu, allir dalir og hátt upp eftir hlíðunum. Þó hafa allvíða verið eyður í skógana, þar sem mýrlent var, heiðardrög eða nýrunnin hraun. Ofan til í fjallahlíðunum hefir verið of kalt fyrir skóginn; þar hefir

fjallhrapinn, lyngið og annar heiðagróður tekið við og teygt sig langt inn á hálendið, uns allur gróður hvarf við eyðisandana, sem girtu jökulflákana í miðju landi, alveg eins og nú.

Ekki hafa vaxið aðrar trjátegundir á landnámsöldinni en þær, sem nú þróast viltar á Íslandi: *birki, reyniviður* og *víðir*. Sjálfsagt hafa skógarnir verið misjafnlega þroskamiklir, þá eins og nú, eftir landkostum og veðursæld. Í skjóli og sólsælum dölum hafa birki- og reynitrén að jafnaði orðið 8—10 m. á hæð, eins og allrahæstu hrislur eru nú í Hallormsstaðaskógi. Einstökusinnum í fornsögunum er getið um, að bygð hafi verið haffær skip og reistir bæir úr íslenskum skógartrjám. Skógurinn var ákaflega þýðingarmikill fyrir landsmenn. Hann skýldi öðrum gróðri, svo að tún, engi og beitilönd voru grasgefnari en ella. Hann batt jarðveginn, svo að landið náði ekki að blása upp, eins og síðar varð, og hann mildaði loftslagið, svo að hlýrra og gróðurvænlegra var í landinu en nú er, þó að sólarhiti sé samur og var og hafstraumar eigi óhentugri en þá.

HNIGNUNIN. — En þessi dýrð átti sér skamman aldur. Landnámsmennirnir og niðjar þeirra voru í mörgu miklir menn og vitrir, en þeir fóru illa með landið. Þeir létu ránshendur sópa um eggver og selalátur. Þeir eyddu fuglum, fiskum, selum og hvölum eins og þeir höfðu vit og mátt til, enda urðu öll vilt dýr bráðlega jafn mannfælin á Íslandi, eins og í öðrum bygðum löndum. Þó fékk skógurinn enn verri útreið. Hann var ruddur hlífðarlaust, fyrst til að geta ræktað túnin og stækkað slægjurnar og síðar til að fá eldivið. Mikið var höggvið og hálfsviðið í torfþöktum gryfjum, „kolagryfjum“. Ur því fengust *viðarkol*, sem smiðir notuðu fram á 19. öld til að smíða við, og einkum til að hita gömlu íslensku ljáina

svo að hægt væri að dengja þá. Við þetta alt minkuðu skógarnir drjúgum, svo að seint á 11. öld voru víða orðin ber svæði, þar sem örnefni og munnmæli bentu til skóga. Oft eyddust skógarnir af eldi, þar sem ógætilega var farið að við kolagrafir. En mest voru þó spjöllin af ágangi búfjár. Oft er minst á í fornsögunum, að bændur létu búfé sitt, einkum sauðfé og nautgripi. ganga sjálfala í skógunum. Þegar hart var á veturna og mikill snjór, komst búsmalinn að yngstu sprotunum á greinaendum ungu trjánna og beit þá af. En þá gat stýfði stofninn eða greinin ekki lengst framar; ef tréð lifði lengur hljóp vöxturinn í neðri greinarnar, svo að hrislan varð að lágum og kræklóttum kjarrvið. Svona lækkuðu og eyddust skógarnir vegna skammsýni mannanna. Við beitina og skjólleysið varð grasið kyrkingslegra. Sumstaðar komu flög. Vindurinn reif niður grasrótina; flagið stækkaði, og út frá eyddu skógarblettunum mynduðust víðáttumikil landbrot og eyðisandar.

HARALDUR HÁRFAGRI. — Rétt um sama leyti og Ísland fanst, gerðust merkilegir atburðir í Noregi. Einn maður náði yfirráðum í landinu, þar sem áður höfðu ráðið margir smáhöfðingjar. Margir voru óánægðir með þessa breytingu og fluttu búferlum til Íslands.

Víða í Noregi eru staðhættir svipaðir og á Íslandi. Þar eru líka há fjöll, langir og þröngir dalir og vogskorin strönd. Samgöngur á landi voru þá erfiðar milli bygðanna. Hvert hérað var heimur fyrir sig. Yfir því réð einn helsti stórbóndinn og var kallaður fylkiskonungur. Það þótti mikil tign, en lítið vald fylgdi því, nema herforusta á ófriðartímum. Í hverri sveit voru margir gildir sjálfseignabændur. Þeir voru kallaðir *höldar*. Þeir voru ríkir menn, vanir vopnaburði og sjálfstæði. Þeir voru einvaldir hver á sinni jörð, og ófúsir að lúta boði

annara. Ennfremur voru margir bændur leiguliðar stórbænd-anna. En þeir máttu sín lítils. Skör lægra voru *ófrjálsir menn, þrælar og ambáttir.* Það var mest hertekið fólk og niðjar þess. Þrælarnir voru réttlausir og gengu kaupum og sölum eins og skepnur.

Haraldur konungur hárfagri sameinaði þetta sundraða land og gerði á 12 árum, rétt áður en Ísland bygðist, eitt ríki úr 30 fylkjum. Hann erfði allstórt fylki norður af Kristjan-íufirðinnm, en alt hitt vann hann með vopnum. Hann velti smákonungunum úr völdum en setti sjálfur embættismenn í þeirra stað. Þeir stjórnuðu bygðunum, heimtu skatta í nafni konungs, og þágu laun fyrir frá honum. Haraldur hár-fagri hafði um sig mikla hirð og allmikinn fastan her, svo að mikið fé eyddist í konungsgarði. Lagði hann því þunga skatta á þjóðina. Smælingjarnir beygðu sig, því að þeir voru illu vanir fyr. En sjálfseignarbændurnir kunnu þessum álög-um illa, einkum fasteignarskattinum, sem konungur lagði á alla arðsama jörð. Þótti höldunum skattur þessi einskonar landskuld, sem benti á, að þeir væru alt í einu orðnir leigu-liðar konungs. Og heldur en þola þá smán, vildu þeir flýja land og eignir. Ísland var þá nýfundið og látið vel af land-kostum þar; þangað fóru margir stórbændur úr Noregi beina leið. En fleiri héldu í fyrstu vestur um haf til Skotlands, Ír-lands og eyjanna þar í kring. Höfðust þeir þar við um hríð og herjuðu á Noreg til að hefna harma sinna á konungi. Gekk svo uns Haraldur fór herferð vestur um haf og stökti víkingum burtu. Fór þá fjöldi af þessum landflóttamönnum til Íslands. En þessir atburðir urðu þess valdandi að til Ís-lands fór mikið af kjarkmesta fólkinu, sem til var í landinu. En um leið var það sá hlutinn, sem óbilgjarnastur var og verst að stjórna. Og sjálfræðið kom Íslendingum síðast á kaldan klaka.

SKALLAGRÍMUR. — Einn af þeim höldum, sem fyrst hrökk undan Haraldi konungi til Íslands var *Skallagrímur*. Kveldúlfur faðir hans hafði verið mikill víkingur á yngri árum, en síðan sest að búi sínu og haft mikla rausn. Hann átti tvo sonu: Þórólf og Skallagrím. Báðir voru þeir miklir hreystimenn, en annars ólíkir í flestu. Þórólfur var glæsimenni hið mesta, gleðimaður mikill og virðingagjarn. Skallagrímur var ófríður, þögull, vinnugefinn og hneigður til búskapar. Þórólfur gerðist hirðmaður Haralds konungs og þótti mikið að honum kveða. Gerði konungur vel til hans í mörgu. Þetta þoldu ekki óvinir Þórólfs og rægðu hann við konunginn. Lagði konungur trúnað á þennan orðróm, þó ósannur væri, veitti Þórólfi aðför, og feldi hann. Skallagrímur fór að áeggjan eins vinar síns, á fund konungs, til að biðja hann bóta fyrir bróðurvígið; var þó ekki slíkt ferðalag að skapi hans. Þeir Skallagrímur fóru tólf saman. Valdi hann sér til fylgdar þá af heimamönnum og nábúum, sem mestir voru vexti og sterkastir. En er þeir komu til hallar konungs, gengu sex inn en hinir biðu úti og gættu vopnanna. Heldur þótti konungsmönnum þeir félagar ferlegir ásýndum og líkari þursum en menskum mönnum. Þeir kvöddu konung sæmilega. Hann mælti við Skallagrím: „Ef þú beiðist bóta fyrir Þórólf, vil eg að þú gerist minn maður og þjónir mér. Má mér svo vel líka þín þjónusta, að eg veiti þér bætur eftir bróður þinn og aðra sæmd, eigi minni en honum. En þá skyldir þú kunna betur að gæta en hann". Skallagrímur svaraði: „Það er kunnugt, hversu Þórólfur var mér framar um alla hluti, og bar hann enga gæfu til að þjóna þér, enda mun eg ekki það ráð taka, því eg veit, að eg mundi *eigi bera gæfu til að veita þér þá þjónustu, sem eg mundi vilja og vert væri.*" Konungur þagði en setti dreyrrauðan, og var hinn reiðasti. Lét hann veita þeim eftirför, en Skalla-

grímur komst undan með naumindum heim til föður síns. Nú sáu þeir feðgar, að þeim yrði ekki vært í landinu fyrir fjandskap konungs. Tóku þeir þá lausafé alt, sem þeir máttu með komast og bjuggu tvö skip til Íslandsferðar. Voru um 30 vígra manna á hvoru. En báðum feðgum var harmur í hug og vildu ekki fara svo úr landi, að engin kæmi hefnd fyrir. Þeir lögðu báðum skipunum í leynivog við eyjar nokkrar, utan við ströndina. Eftir nokkra stund bar þar að fallegt skip, sem konungur hafði sviksamlega tekið af Þórólfi Kveldúlfssyni; stýrðu því nú tveir hirðmenn konungs, sem hann hafði miklar mætur á. Haraldur hafði sent þá eftir tveim konungbornum drengjum, náfrændum hans, og voru þeir á skipinu. Hér þótti feðgum bera vel í veiði. Réðust þeir á skipverja og drápu flesta vopnfæra menn, er þeir náðu. Sumir druknuðu er þeir reyndu að synda til lands og þar á meðal konungsfrændurnir. Skallagrímur gaf fáeinum mönnum grið, og bað þá flytja konungi tíðindin og biturýrta vísu, um að nú væri Þórólfs hefnt. Eftir þetta létu þeir feðgar í haf, hvor á sínu skipi. Kveldúlfur var nú orðinn gamall maður og hafði ofreynt sig við sonarhefndina. Hann andaðist á leiðinni, en bað förunauta sína, áður en hann dó, að gera kistu um líkið, og kasta henni í sjóinn. Kvað hann Skallagrími ráðlegt að taka sér bólfestu, þar sem kistuna bæri að landi. Hana rak í vík einni, rétt hjá þeim stað, þar sem nú er kaupstaðurinn Borgarnes. Skallagrímur gerði þar bæ og kallaði Borg. Hann kastaði eign sinni á næstum alt Faxaflóaundirlendið svokallaða þ. e. mestan hluta Mýrar- og Borgarfjarðarsýslu. Hann hafði mörg stórbú víðsvegar um landareignina. Á sumum jörðunum var stunduð laxveiði; á öðrum akuryrkja, selveiðar, útróðrar og hvaladráp. Kvikfé gekk af í skógunum á veturna. Skallagrímur var smiður mikill bæði á tré og járn. Hann kafaði niður á sjávarbotn og kom upp

með stóran, sæbarinn stein, sem marga menn þurfti til að hefja. Við þann stein lúði Skallagrímur smíðajárn sitt. Margir menn bjuggu í landnámi Skallagríms. Einn af þeim bygði sér bæ á Hvanneyri, þar sem nú er búnaðarskólinn. (Egilss. 74).

AUÐUR DJÚPÚÐGA. — Af öllum landnámskonum þótti Auður mestur skörungur. Faðir hennar var mikill höfðingi í Noregi, en fór að undirlagi Haraldar hárfagra vestur um haf og vann Suðureyjar. Auður giftist norrænum herkonungi, er Ólafur hét; ríki hans var á Írlandi. Þau áttu son, Þorstein að nafni. Hann var um stund konungur á Skotlandi, uns þegnar hans feldu hann með svikum. Þorsteinn konungur átti einn son og margar dætur. Voru börnin í æsku er föður þeirra misti við. Auður lét þá búa til skip, á laun, í skógi á Skótlandi. Og er það er fullbúið, heldur hún því norður til Orkneyja og þaðan til Íslands. Hún hafði á skipinu margt vandamanna, og 20 frjálsa menn vopnfæra. Skip hennar brotnaði á sandinum skamt frá ósum Ölfusár, en menn komust af. Auður átti tvo bræður á Íslandi. Annar bjó á Kjalarnesi, andspænis Reykjavík, en hinn í Bjarnarhöfn á Snæfellsnesi. Auður heldur fyrst til Kjalarness. Bróðir hennar bauð henni vetursetu og helmingi skipverja hennar. Það þótti henni lítilmannlega boðið og fór vestur á Snæfellsnes til Björns í Bjarnarhöfn. Hann gekk á móti henni og bauð henni til sín með öllu fylgdarliðinu og það þáði hún. Um vorið fór Auður í landaleit inn eftir Hvammsfirði. Sá hún þar opnast fyrir fjarðarbotninum mikið og fagurt undirlendi. Þar nam hún sér land. Var það mikill hluti þess héraðs, sem nú heitir Dalasýsla. Hún reisti sér bæ í Hvammi í Dölum og bjó þar til elli með mikilli rausn. En þegar hún gerðist ellimóð, bauð hún frændum og mágum til dýrlegrar veislu. Og er veislan hafði staðið í þrjár nætur, valdi hún vinum sínum gjafir og réð þeim heilræði.

Þá sagði hún, að veislan skyldi enn standa í þrjár nætur og vera erfi sitt. Þá nótt andaðist Auður og var grafin í flæðarmáli. Hún var kona kristin og vildi ekki hvíla í óvígðri mold. Barnabörn hennar staðfestust við Breiðafjörð. Margir helstu mennirnir, sem sagt er frá í Laxdælu, Eyrbyggju og Gísla sögu Súrssonar áttu kyn að rekja til Auðar djúpúðgu. (Landn. 88).

GEIRMUNDUR HELJARSKINN. — Hann var konungborinn og talinn göfugastur allra landnámsmanna. Faðir hans var í hernaði, þegar sveinninn fæddist. En er hann kom heim og sá drenginn, þótti honum Geirmundur í meira lagi ófríður og mjög dökkur á hörund. Kvaðst konungur eigi hafa séð slíkt *heljarskinn* fyr. Nafnið festist við Geirmund. Hann tók við ríki eftir föður sinn, en af því ríkið var lítið, lá konungur í víking á sumrin. Eitt sinn er hann kemur heim, hefir Haraldur hárfagri hrifsað undir sig land hans. Geirmundur sá, að hann hafði ekki bolmagn við Haraldi, en vildi þó ekki beygja sig fyrir honum. Sá hann þann kost vænstan að hverfa úr landi, og siglir til Íslands með fylgdarliði sínu. Hann bjó fyrst í Dalasýslu, skamt frá landnámi Auðar djúpúðgu, en þótti þar of þröngt um sig; fór hann þá norður á Strandir og nam þar svo mikið land í viðbót, að hann reisti þar fjögur stórbú og setti ráðsmenn yfir. Á einu búinu voru fjórtán þrælar. Ráðsmaðurinn hét Atli og var ófrjáls maður. Eitt sinn strandaði þar skip í miklu illviðri. Atli tók skipbrotsmennina til vetursetu og bað þá engu launa vistina; sagði Geirmund eigi vanta mat. En er Atli fann Geirmund, spurði Geirmundur, hví hann var svo djarfur að taka slíka menn menn upp á kost hans. Atli svaraði: „Því að það mun uppi, meðan Ísland er bygt, hversu mikill sá maður mundi vera, er einn þræll þorði að gera slíkt, án

hans orlofs.“ Geirmundur mælti: „Fyrir þetta tiltæki skaltu þiggja frelsi og bú þetta, er þú hefir varðveitt.“ (Landn. 90-93).

INGIMUNDUR GAMLI. — Fáir af landnámsmönnum voru eins göfuglyndir menn og Ingimundur gamli. Hann var kominn af ágætum ættum í Noregi. Móðir hans var jarlsdóttir. Ingimundur lá í hernaði framan af æfi, og barðist í Hafursfirði með Haraldi hárfagra. Líkaði konungi ágætlega við hann og gerði ætíð vel til hans síðan. Því hafði verið spáð fyrir Ingimundi, að hann mundi flytja til Íslands. Það þótti honum ótrúlegt, en festi þó ekki yndi í átthögum sínum eftir þetta. Kemur þar að hann selur eignir sínar og fer til Íslands með góðu samþykki konungs. Kemur hann skipi sínu í Borgarfjörð og er fyrsta veturinn á Hvanneyri hjá æskuvini sínum, sem þar hafði numið land. Næsta sumar flytur hann fólk sitt og bú norður yfir Holtavörðuheiði og austur eftir Húnavatnssýslu. Var þar þá engin bygð. Heldur hann svo áfram, uns hann kemur í *Vatnsdal*, sem er ein fegursta sveit á Íslandi. Þar reisti hann bæinn Hof í miðjum dalnum, og bjó þar til elli. Ingimundur var stórauðugur maður. Hann átti börn mörg og mannvænleg. Sveitirnar í kring bygðust nú smátt og smátt og vildu menn þar allir sitja og standa eins og Ingimundi líkaði. Liðu svo árin, uns Ingimundur var orðinn fjörgamall maður og nær blindur. Þá sendir fornvinur hans honum ójafnaðarmann nokkurn, er Hrollaugur hét, til halds og trausts. Ingimundur tók við manninum, og gerði vel til hans í öllu, en hinn galt með illu einu. Kom svo að Hrollaugur barðist við sonu Ingimundar. Þótti þá horfa til vandræða og var Ingimundur sóttur. Hann vildi stilla til friðar og bað Hrollaug að fara eigi með slíkum ofsa. En hann brást illa við og skaut spjóti gegnum verndara sinn og velgerðamann. Ingimundur leyndi sárinu, komst heim,

gerði Hrollaugi orð að flýja og andaðist síðan. Hrollaugur fylgdi því heilræði. En skömmu síðar féll hann þó fyrir Ingimundarsonum. (Vatnsd. 30. 37. 50—57).

HELGI MAGRI. — Maður hét Eyvindur. Hann var norrænn að ætt, en fór í vesturvíking og fekk þar á sig svo mikið frægðarorð, að Írar fengu hann fyrir landvarnarmann. Giftist hann síðan írskri konungsdóttur. Þau Eyvindur áttu son er Helgi hét; létu foreldrarnir hann í fóstur barnungan. Eftir tvö ár komu þau í kynnisför að sjá barnið, en þektu þá varla sveininn, sökum þess, hve magur hann var. Hafði hann verið sveltur í fóstrinu. Eyvindur tók nú son sinn og ól hann upp. En af þessu var hann kallaður Helgi magri. Hann óx nú upp og gerðist mikill maður og vel að sér um marga hluti. Kona hans var systir Auðar djúpúðgu. Þau áttu mörg börn. Á efri árum sínum fluttist Helgi til Íslands með venslafólk sitt. Hann var kallaður blendinn í trúnni, því hann trúði bæði á Krist og Þór. Móðir hans var kristin og flest það fólk, er hann ólst upp með á Írlandi, en föðurættin var heiðin. Hversdagslega hallaðist Helgi meir að Kristi og nefndi bæ sinn á Íslandi Kristnes, í virðingarskyni við hann. En þegar mikla hættu bar að höndum, í sjóferðum og orustum, þótti Helga vænlegra að treysta Þór. Þegar Helgi sá Ísland rísa úr hafi, spurði hann Þór, hvar land skyldi taka, en fréttin vísaði honum norður um landið. Þá spurði Hrólfur sonur hans, hvort Helgi mundi sigla norður í Dumbshaf (Íshaf), ef Þór vísaði honum þangað. Bar það til að skipverjum þótti ilt að velkjast lengur á sjónum, enda orðið áliðið sumars og von misjafnra veðra. Þeir sigldu inn Eyjafjörð og gáfu honum nafn. Helgi kastaði eign sinni á ströndina og hlíðarnar báðum megin fjarðarins og dalinn mikla og fagra, sem liggur inn af fjarðarbotninum. Helgi sá að veður-

sælla var fram í þessum dal, heldur en út við sjóinn, enda reisti hann þar bæinn Kristnes á nesi einu vestan við Eyjafjarðará. Landnám Helga var víðáttumikið, svo að nóg var rúm í héraðinu fyrir börn hans, frændur og vini. Varð þar brátt fjölment í sveitunum, en Helgi magri var höfðingi yfir allri bygðinni. (Landn. 150—151.)

UNI DANSKI. — Garðar Svavarsson átti son, sem Uni hét, og var nefndur hinn danski. Uni fór til Íslands að áeggjan Haralds konungs hárfagra og ætlaði að leggja landið undir sig. Hafði konungur heitið að gera hann að jarli yfir Íslandi, ef hann ynni það. Uni nam land á Fljótsdalshéraði, austan Lagarfljóts. En er landsmenn vissu um erindi hans brugðust þeir illa við og vildu honum enga björg veita, hvorki selja honum vistir eða kvikfé. Hrökk Uni þá þaðan burtu og fór suður á Síðu til Leiðólfs sterka. Þar var Uni um veturinn og lagði hug á dóttur Leiðólfs, en vildi þó ekki giftast henni, en það þótti föður hennar sæmilegast, úr því sem komið var. Uni reyndi þá tvisvar að strjúka burt af heimilinu og losna þannig við mægðirnar. Í fyrra sinn tók Leiðólfur strokumanninn og flutti hann heim með sér, en í síðara skiftið þótti bónda örvænt um mágsemdina og drap Una og nokkra af förunautum hans. Lauk svo fyrstu tilraun erlendra konunga að ná valdi yfir Íslandi.

HROLLAUGUR JARLSSONUR. — Rögnvaldur hét jarl einn í Noregi. Hann var góðvinur Haraldar konungs. Einn af sonum jarls hafði fallið í orustu í liði konungs og gaf hann síðan jarlinum Orkneyjar í sonarbætur. Rögnvaldur jarl átti marga sonu. Einn þeirra hét Hrólfur. Hann var manna mestur og sterkastur og svo þungur, að enginn hestur mátti bera hann. Var hann af því kallaður Göngu-Hrólfur.

Hann vann sér síðar lönd og ríki í Frakklandi og varð stórfrægur maður. Annar sonur jarls hét Hrollaugur, þriðji Einar, fjórði Hallaður. Rögnvaldur gerir nú Hallað jarl yfir Orkneyjum en hann var ekki maður til að stjórna fólkinu og veltist úr völdunum. Þá vildu hinir bræðurnir allir erfa tignina og varð Rögnvaldur að skera úr. Jarlinn kvað Hrólf vel fallinn til mannaforráða sökum afls og hreysti, en taldi hann of ákafan og ofsafenginn til að ráða löndum, fyr en aldur færðist yfir hann. Hrollaugur bauðst þá til fararinnar. Jarl mælti: „Þú hefir það skap er engin styrjöld fylgir. Munu vegir þínir liggja til Íslands og þú þykja þar göfugr maður.“ Þá gekk Einar fram og sagði: „Láttu mig fara til Orkneyja. Eg mun þér því heita, er þér mun best þykja, að eg mun aldrei aftur koma þér í augsýn.“ Rögnvaldur mælti: „Vel þykir mér, að þú farir á brott, en lítils er mér von af þér, því að móðurætt þín er öll þrælborin.“ Varð það úr að Einar gerðist Orkneyingajarl en Hrollaugur fór í burtu og var fátt með þeim feðgum eftir þetta. Skömmu síðar fluttist hann til Íslands og nam land í Hornafirði, því að þar rak að landi öndvegissúlur hans. Sannaðist sú spá Rögnvaldar, að Hrollaugur þótti á Íslandi hinn mesti sæmdarmaður og höfðingi.

HÁSTEINN ATLASON. — Atli jarl, sem rak úr landi þá fóstbræður, Ingólf og Hjörleif varð síðar ósáttur við Harald hárfagra. Vildi konungur svifta hann völdum og fá jarlsdæmið í hendur öðrum manni. Atli jarl vildi heldur láta lífið en tignina; barðist hann við konungsmenn en særðist þá til ólífis. Hásteinn sonur hans, er forðum komst lífs af úr viðskiftum þeirra bræðra við Ingólf og Hjörleif, tók þá við ríki föður síns og hélt því, uns konungurinn sendi óflýjandi her á hendur honum. Þá brá Hásteinn við og sigldi til Íslands. Var hann þá orðinn aldraður maður, kominn um fimm-

tugt, og átti uppkomin börn. Svo undarlega vildi til, að Hásteinn varð á Íslandi nábúi Ingólfs Arnarsonar er verið hafði æskuvinur hans en síðar fjandmaður. Ölfusá skifti löndum milli þeirra, því að Hásteinn nam mikinn hluta Flóans og bjó á Stokkseyri, eða þar skamt frá. Ekki er getið um, að þeir Ingólfur hafi átt nein skifti saman hér á landi. (Landn. 214.)

LANDNÁM. — Hér er ekki minst á, nema sárfáa af þeim 400 landnámsmönnum, sem áreiðanlegar sagnir eru til um. Er það þó að líkindum ekki nema um helmingur þeirra manna, er fluttu til Íslands. Fyrstu landnemarnir köstuðu eign sinni á heil héruð, eins og t. d. Ingólfur, Skallagrímur o. fl. En mest af því landi gátu, seldu eða leigðu stórbændur þessir, uns albygt var orðið. Menn fundu nú bráðlega, að óheppilegt var að einstakir menn gátu numið og drotnað yfir miklu meira landi en þeir þurftu, eða komust yfir að nota. Þá var sett sú regla, að enginn karlmaður skyldi mega nema víðáttumeira land, en það, sem hann gat farið eldi um á einum degi, og kona eigi meira en það, sem leiða mætti vel alda kvígu kringum frá sólaruppkomu til sólarlags. Þó var slept því svæði er að sjó lá, bæði er um var að ræða landnám karla og kvenna. Eldhelgun á ónumdu landi var aðallega með tvennu móti: Annaðhvort að kveikt var bál við ós hvers fljóts, er rann til sjávar, innan þeirra takmarka, er land skyldi nema, og helgaði þá bálið hvern fljótsdal, svo langt sem hann náði, eða þá að landareignin öll var umkringd með röð af logandi eldum, sem hver varð að sjást frá öðrum, og allir voru kveiktir á einum og sama degi.

Fyrstu 56 árin (874—930) eftir að Ingólfur settist að á Íslandi eru kölluð *landnámsöld*. Að þeim tíma liðnum var talið, að landið væri albygt orðið. Enginn veit með nándar-

nærri vissu, hve margt fólk bjó á Íslandi í lok landnámsaldarinnar. Giska sumir sagnfræðingar á, að landsmenn hafi verið 20 þúsundir, en aðrir telja að í landinu hafi verið þrefalt fleiri. Öll var bygðin dreifð eins og nú er í sveitum; hvergi þorp eða borgir.

FYRSTU ÁRIN. — Margir örðugleikar biðu landnemanna, er þeir höfðu helgað sér land. Að baki þeim í Noregi voru ættaróðulin, góðar jarðir, þar sem margir ættliðir höfðu varið kröftunum til að búa í haginn fyrir eftirkomendurna. Þar voru skilin eftir túnin, akrarnir, girðingarnar, bæirnir, og mestallur bústofninn. Á Íslandi stóðu þeir svo að segja með tvær hendur tómar, og urðu að reisa alt frá grunni. Fyrst var að fá skýli yfir höfuðið. Það hafa venjulega verið stórir, óvandaðir skálar, eins og þeir, sem Hjörleifur bygði til vetursetunnar. Næst lá hendi að ryðja skóginn, þar sem átti að rækta tún eða akurblett; en til þess þurfti mörg ár. Þá urðu bændurnir að ala sér upp bústofn. Reyndar fluttu landnemarnir með sér allskonar húsdýr, þau sem tamin voru í Noregi, en ekki nema fáar skepnur af hverri tegund, eins og líklegt var, þar sem skipin voru lítil og illa löguð til slíkra flutninga. Framan af landnámsöldinni lögðu bændur alla stund á að láta kvikfénu fjölga, en neyttu gæða landsins, og sóttu allskonar veiðar með miklu kappi. En eftir stutta stund voru margir bændur orðnir vel efnum búnir. (Egilss. 71—75).

FÓLKIÐ. — Undir eins á landnámsöldinni greindist þjóðin á Íslandi í ýmsar stéttir, eftir efnum og ætterni; en skörpust var merkjalínan milli frjálsra manna og ófrjálsra, (þrælanna). Ánauðuga fólkið var eiginlega ekki talið með mönnum. Það var eign frjálsu mannanna, eins og dýr eða hlutir. En jafnvel innbyrðis meðal frjálsa fólksins var stétta-

munurinn greinilegur. Það var langur vegur eftir virðingastiganum frá kongum og drotningum eða stórríkum höldum og víkingum eins og Geirmundi, Auði, Ingimundi eða Skallagrími niður að kotbóndanum, vinnumanninum eða beiningamanninum. (Egilss. 270—73. Laxd. 63—67).

STÓRBÆNDURNIR. — Það voru fyrst og fremst þeir höldar, sem yfirgáfu Noreg, heldur en að beygja sig fyrir konunginum. Í öðru lagi voru það duglegir Norðmenn, er safnað höfðu miklu fé með kaupskap eða víkingaferðum og í þriðja lagi menn, er höfðu hafist til auðæfa á Íslandi með atorku og starfsemi. Ekki mynduðu þó stórbændur þessir fasta, arfgenga aðalsstétt, eins og þá var annars títt í öðrum löndum. Jafnvel goðarnir, sem mest völd höfðu, fengu enga þvílíka sérstöðu. En stórbændurnir fundu til yfirburða og máttar, og létu það tíðum koma fram í viðskiftum við smælingjana, og stranglega var þess gætt að efnafólk og fátæklingar mægðust ekki. Samt tóku stórbændur og goðar þátt í daglegri heimilisvinnu með vinnufólki sínu. Skallagrímur var sívinnandi, einkum að smíðum. Gunnar á Hlíðarenda og Höskuldur Hvítanesgoði unnu að akuryrkju, og mörg fleiri dæmi mætti telja. Sumir létu sér nægja að hafa vakandi auga á allri vinnu bæði verkafólks og þrælanna. Kom sér þá vel, er húsbóndinn var fyrirmannlegur í orði og verki, þar sem fjöldi manna var í heimili. Oft er getið um 20 hjú á sama bæ. Og um Guðmund ríka á Möðruvöllum er í frásögur fært, að hann hafi haft um 120 vinnufólks í heimili, en eitthvað af því hafa að líkindum verið ófrjálsir menn. En samhliða stórbændunum, sem helst fara sögur af, voru náttúrlega aðrir og miklu fleiri, sem höfðu fátt í heimili, nema fjölskyldu sína.

KOTUNGARNIR. — Heldur þótti lítið koma til allra þeirra bænda, sem voru leiguliðar eða unnu hjá öðrum, þótt þeir ættu skýli yfir höfuðið. Hvorki þeir, né einhleypir menn og umkomulitlir voru gjaldgengir í virðingarstöður eða embætti í þjóðfélaginu.

VINNUFÓLK. — *Allir menn í landinu voru skyldir til* að eiga fast heimili. Þessvegna varð alt það einhleypt fólk, sem ekki dvaldi hjá vandamönnum, að ráða sig í vist til bænda. Voru sumir, einkum lítilsigldir menn, í vinnumensku alla æfi, en margir unnu þá eins og nú, um stund hjá öðrum, og drógu saman efni til að geta síðar orðið sjálfstæðir bændur. Vinnufólkið átti að öllum jafnaði samleið við húsbændurna í allri aðbúð og verknaði, þó að hvor stéttin færi annars sína götu, ef efnamunur var mikill. Ríkisbændur sóttust eftir að hafa margt heimafólk, einkum vinnumenn, er bæði mátti nota til vinnu og víga. Einkum urðu vígamennirnir oft að hafa allmannmargt í heimili, til að vera búnir við komu óvinanna, hvenær sem var. Á stórbúum var hverjum manni ætlað sérstakt verk, sem hann sinti eingöngu að minsta kosti hálft árið. Sumir drógu vistir og varning að heimilinu; aðrir voru smiðir á tré eða járn, garðhleðslumenn o. s. frv. Enn aðrir voru smalar, sauðamenn eða fjósamenn. Vinnukonurnar gerðu innanhússtörf, suðu matinn, þvoðu þvotta, saumuðu föt, mjólkuðu ær og kýr, gengu að heyvinnu á sumrin og unnu að tóvinnu á veturna.

BEININGAMENN. — Þeir voru lægst settir af frjálsum mönnum, eiginlega utangarðs í mannfélaginu, og að lögum taldir réttlausir, svo að þá máttli leika svo grátt sem vera skyldi. Æfi þeirra var ekki fýsileg, en þó var að jafnaði talsvert um þessa auðnuleysingja, bæði karlar og konur. Ráfaði

flökkulýður þessi bæ frá bæ og stundum nokkrar manneskjur saman. Margir urðu samt til að skjóta skjólshúsi yfir förumennina, og gefa þeim mat og föt. Þeir voru líka oft frétta-fróðir og höfðu frá mörgu að segja. Báru þeir þannig njósnir og önnur þau tíðindi, er ills urðu valdandi. (Njála 101—103.)

ÞRÆLAR. — Eins og áður er sagt, voru þrælar og ambáttir ekki talin með mönnum, heldur nokkurskonar vinnugripir eigendanna. Þessi ógæfusama stétt var mjög fjölmenn á Norðurlöndum, er Ísland bygðist, enda er þræla getið að einhverju í nær öllum Íslendingasögum. Menn urðu þrælar með ýmsu móti. Sumt voru herteknir menn, eins og þrælar Hjörleifs, og barst þannig til Íslands talsvert af fólki frá Bretlandseyjum, því að þar kom ránskapur víkinganna harðast niður. Þá voru úti í löndum kaupstefnur, þar sem þrælar og ambáttir voru keypt og seld og fengu sumir Íslendingar sér ánauðugt fólk með því móti. Í þriðja lagi voru börn þræla og ambátta ánauðug eins og foreldrarnir, og þannig hélst stéttin við. Í fjórða lagi gátu frjálsir menn lent í ánauð um lengri eða skemri tíma vegna skulda. Sumir íslenskir bændur áttu marga þræla, t. d. Geirmundur heljarskinn. Um annan bónda er þess getið, að hann hafði 20 ófrjálsa menn; en flestir smábændur höfðu fáa þræla eða enga. Ekki var æfi þrælanna góð. Þeim voru ætluð verstu og óþrifalegustu verkin, og veittur lakastur aðbúnaður í mat, klæðnaði og allri aðhlynningu. Sjaldan var vikið að þeim með velvild, en því oftar með ertni og brigslum um, að þeir væru þrælar og þrælum líkir. Nærri má geta að mörgum manninum hefir brugðið við, er víkingar sviftu hann frelsi og seldu í ánauð til dutlungafullra, harðlyndra húsbænda. Oftast guldu þrælarnir líku líkt með leti og augnaþjónustu. Samt eru til dæmi um trygð þræla við húsbændur sína, svo að þeir lögðu jafn-

vel lifið í sölurnar fyrir þá. Eins og von var, launuðu þessir húsbændur vel trúmenskuna og gáfu þeim þrælum frelsi, er svo sköruðu fram úr. Frjálsgefnir þrælar voru nefndir *leysingjar*. Þeir voru frjálsir að flestu leyti, en þó í sumum atriðum háðir gömlu húsbændunum. En afkomendur leysingjanna fengu rétt frjálsborinna manna. (Laxd. 19—25. Egilss. 100).

FATNAÐUR. — Búningur fornmanna var í ýmsu ólíkur því, sem nú gerist. Til fata var notað þrennskonar efni: *Skinn, heimaunnin vaðmál* og *útlend vefnaðarvara*. Skinnin fengust af íslensku húsdýrunum; ennfremur af selum og refum, sem voru mikið veiddir. Vaðmál var tætt á hverju heimili. Var það mjög misjafnt að gæðum og dýrleika. Sumt var með sauðlitnum og mjög grófgert, en góðu vaðmálin voru oftast lituð blá, rauð, gul eða græn. Af útlendri vefnaðarvöru var mest um líndúka (léreft), skarlat og silki. Hversdagsföt allra fátæklinga, og einkum þrælanna, voru gerð úr grófu vaðmáli eða ódýrum skinnum, en ríkara fólk gekk í ytri fötum úr lituðu vaðmáli eða skarlati. Voru það nefnd *litklæði*. Nærföt voru með svipaðri gerð og nú tíðkast, oftast úr vaðmáli en stundum úr líni, og þótti það betra. Karlmenn gengu í þröngum buxum er féllu að fótleggjunum. Stundum voru sokkarnir áfastir við buxurnar og þótti það fyrirmannlegt. Þá höfðu bæði karlar og konur yfir sér síðar skyrtur, er nefndust kyrtlar. Karlmannskyrtlar voru ermalangir og náðu ofan á kné en kvennkyrtlarnir ermastuttir, víðir í hálsinn og skósíðir. Um mittið spentu bæði karlar og konur að sér kyrtlana með beltum; voru þau mjög misdýr eftir efnum og ástæðum eigendanna. Yfir kyrtlunum höfðu bæði karlar og konur möttul eða skikkju Það var dragsíð, ermalaus yfirhöfn, sem kastað var yfir herðarnar og fest saman lauslega framan á brjóstinu. Skikkjan var stundum úr skinnum og þá nefnd feldur. Karlmenn notuðu

hatta og húfur. Ógiftar stúlkur gengu berhöfðaðar með band um hárið. Giftar konur munu hversdagslega hafa haft einhverskonar húfur fyrir höfuðföt. En á mannfundum- og tyllidögum þótti best sæma rosknum konum að skauta. Mun sá faldbúningur hafa verið nokkuð áþekkur þeim, sem nú tíðkast. (Njála 71—73).

VOPN OG VERJUR — Eins og sögurnar bera með sér var í fornöld oftast fremur agasamt og mátti svo kalla að enginn maður gæti nokkra stund verið óhultur fyrir óvinum sínum. Varð það til þess, að menn lögðu mikla stund á að hafa góð vopn og báru þau ætíð með sér. Algengustu vopnin voru: *Bogi, öxi, sverð, sax* og *spjót*. Boginn er elstur allra vopna og talsvert notaður á Íslandi í fornöld. Hann var gerður úr seigum, stæltum viði og festur á snærisstrengur. Mikla æfingu og afl þurfti til að skjóta vel með boga. Bardaga-axir voru þungar, breiðar mjög fyrir eggina, og með stórum skalla, er nefndur var öxarhamar. Mátti veita með honum þung högg og stór. Sverðið var algengast allra vopna. Það var svipað stórum, beinum, tvíeggjuðum hnífi, snubbótt fyrir oddinn. Handfangið var eigi lengra en svo að halda mátti um með annari hendi. Sverðin voru borin í sliðrum, svo eigi yrði tjón að, þótt eggjarnar væru beittar. Söxin voru lík rakhnífi í lögun, með þykkum bakka öðru megin. Spjótið var oddmjór, tvíeggjaður járnfleinn á löngu tréskafti. Mátti leggja með því og skjóta. *Atgeirinn* var nokkurskonar spjót, nema blaðið var veigameira, breiðara og lengra. Með honum var höggvið, skotið og lagt.

Hlífar fornmanna voru þrennskonar: *skildir, hjálmar* og *brynjur*. Skildirnir voru úr tré járnbentir að utan og handfang að innan. Var skjöldurinn vanalega borinn við vinstri hlið en vopninu beitt með hægri hendi. Stundum voru skildirnir svo stórir að bera mátti á þeim særða menn. Hjálm-

arnir voru húfur úr stáli, sem hlífðu höfðinu að ofan, fyrir höggum, en eigi andlitinu. Þeir voru nokkuð þungir og báru menn þá ógjarnan nema brýn nauðsyn væri til. Brynjur voru lítið notaðar á Íslandi fyr en eftir 1200. En þær brynjur sem til voru á landnáms- og söguöldinni voru hringabrynjur þ. e. skyrtur ofnar úr járn- eða stálhringum. Voru þær eigi mjög þungar, og oft bornar undir klæðum svo eigi sæist að utan. Fornmönnum þótti vænt um vopn sín; gengu góð vopn í erfðir mann fram af manni og þóttu gersemi. Flestir menn báru vopn með sér á daginn, hvert sem þeir fóru, og hengdu þau yfir rúmin, meðan þeir sváfu. (Njála 67. 106. 177. Vatnsd. 43. 73.)

BYGGINGAR Á SÖGUÖLDINNI. — Landnámsmenn voru vanir timburbyggingum úr Noregi, því að þar voru nógir skógar. Á Íslandi voru að vísu víðáttumiklir skógar, en trén ekki svo stór og beinvaxin, að þau væru heppilegur húsaviður. Íslendingar urðu þessvegna að flytja timbrið frá Noregi; en það var dýrt og erfitt að flytja miklar birgðir á smáskipum. Landnámsmenn urðu þessvegna að finna upp nýtt byggingarlag, sem var í samræmi við eðli landsins. Mjög sjaldan reistu þeir bæi eingöngu úr timbri, nema fáeinir höfðingjar, t. d. Gunnar á Hlíðarenda. Á langflestum bæjum voru útveggir allir úr grjóti og torfi, sterk timburgrind og torfþak. Bæjarhúsin voru flest eða öll í einni röð, og sneri annar hliðarveggurinn fram á hlaðið; á honum voru einar dyr eða tvær. Það hafa fundist bæjarrústir frá söguöldinni, þar sem aðaltóftin var um 30 m. á lengd og 10—12 m. á breidd. Þessu langhúsi var skift með timburskilveggjum í þrjú herbergi, sem öll voru undir sama risi. Það var *stofan*, *skálinn* og *eldhúsið*. Á bak við þetta langhús, en þó áfast að jafnaði, var *búrið*, og stundum *baðstofa*. Allir máttarviðir í húsum þessum hafa verið úr norsku timbri og

rekavið. Meðfram útveggjum voru sterkar stoðir, sem hétu *útstafir*. Á þeim hvíldu *lausholtin*, sem báru neðri enda raftanna. Í vönduðum bæjum voru í sumum bæjarhúsunum þiljur slegnar á útstafina. Nokkru fjær hliðveggjunum voru tvennar aðrar stoðaraðir eftir endilöngu framhúsinu. Það hétu *innstafir*, og náðu upp að þaki. Á þeim hvíldi mikið af þakþyngdinni. Um innstafina skiftist byggingin öll í þrjú langhólf, þó að auðvitað væru engin langþil á þeim stoðum. Í miðhólfinu, milli innstafanna, var moldargólf; en við umganginn þéttist efsta lagið, og varð að harðri gólf-skán. Skilrúmin milli herbergja hafa verið úr timbri, því að engin merki sjást eftir þau í gömlum bæjarrústum. Gler þektu menn þá ekki, en höfðu stromp á mæninum fyrir reykháf og glugga. Á vandaðri byggingum voru þó skjágluggar neðar á þekjunni; í þeim var þaninn líknabelgur yfir gluggagrindina. Þá voru og stundum hafðir tréhlemmar fyrir gluggum. Mátti opna þá eða loka að innan. Útveggirnir voru þykkir, hlaðnir líkt og gert er í sveitum enn þann dag í dag, úr óhöggnu grjóti, hnausum, strengjum og klömbrum. Á raftana var breitt þykt lag af hrísi og birki, sem nefnt var tróð, og síðan þakið með tveimur eða þremur lögum af torfi. Í öllum aðalatriðum voru bæir fornmanna svipaðir íslensku torfbæjunum nú á tímum, nema að þeir voru lengri, en færri samhliða húsaraðir. (Gíslas. 16).

STOFAN. — Hún var aðalherbergið í bænum. Þar sat fólkið við vinnu sína; þangað var gestum boðið, og þar mötuðust flestir heimamenn. En ekki var þar sofið nema margir væru aðkomandi. Á heimilum ríkra manna var stofan stór, svo að þar gátu setið til borðs 100—200 manna. Stofan var alþiljuð innan, og stundum prýdd dýrindis veggtjöldum.

Í miðri stofunni, milli innstafa, var moldargólf, eins og

áður er sagt. Þar voru eldstæði, eitt eða fleiri og hellur reistar á rönd alt í kring. Þar brann arineldurinn, sem bæði lýsti og hitaði stofuna. Ef eldstæðin voru mörg, náðu eldarnir saman, hérumbil stafna milli í stofunni. Það hétu langeldar. Meðfram báðum hliðveggjum stofunnar, milli innstafa og útstafa, var timburgólf og stundum fyrir gaflinum líka. Sá hluti hét pallur; þar sátu konur. Gólfið meðfram hliðveggjunum hét langpallur. Langpallarnir voru misháir, skiftust í þrep um stafgólfin. Hæst voru þrepin, báðum megin, fyrir miðjum vegg. Það hét *öndvegi*. Þau voru tvö, sitt hvoru megin við eldinn, æðra og óæðra öndvegi.

Öndvegin voru mestu viðhafnarsætin, og gátu fleiri en einn setið í hvoru þeirra. Húsbóndinn og húsfreyjan sátu í æðra öndvegi, en vildarmenn þeirra, eða góðir gestir gegnt þeim í óæðra öndvegi. Báðum megin við öndvegin voru öndvegissúlurnar, fjórar alls. Þær voru innstafir, en veigamestar af öllum stoðum í bænum. Á þær voru skornar guðamyndir, helst mynd þess guðs, sem bóndinn hafði mestan trúnað á. Súlur þessar voru því nokkurskonar heimilisguðir. Til beggja handa við öndvegið voru fastir bekkir á langpöllunum. Þar var mönnum raðað til sætis eftir mannvirðingum, og þótti mest virðing að sitja næst öndveginu. Á bekkjum þessum sneru menn bökum til veggjar en horfðust í augu yfir arineldana. Aumingjar og umkomulausir menn sátu yst á bekkjunum eða fram við dyr. (Njála 76—77, 339).

BORÐHALDIÐ. — Matborðin voru laus. Milli máltíða hafa þau líklega verið hengd upp á vegg. En þegar skyldi snæða voru þau tekin niður og sett á langpallarendurnar báðum megin við eldana, en framan við bekkina. Efnabændur höfðu hvítan dúk á borðum. Maturinn var borinn fram í litlum trétrogum, öskum og á málmdiskum. Af borð-

búnaði höfðu menn hornspæni og skeiðarhnífa. Í stað gafla notuðu menn hnífa og fingurna. Venja var að þvo sér um hendur á undan og eftir máltíðum.

SKÁLINN. — Hann var sameiginlegt svefnhús allra heimilismanna. Venjulega var hann alþiljaður, en breitt bil á milli þils og veggjar. Það hét *skot*. Skotið var vel manngengt; þar mátti fela sig, eða komast undan að leynidyrum. Meðfram hliðveggjunum voru timburpallar milli innstafa og útstafa. Þeim pöllum var skift í rúmstæði með bríkum og rúmtjöldum. Oftast sváfu tveir í hverju rúmi. Hey og hálmur var undir í rúmunum, og líklega hafa þrælar og ambáttir haft lítið annað í fletum sínum. Annars höfðu efnamenn góð sængurföt úr dúkum eða skinni. Um Gretti er sagt, að hann lá undir feldi, er hann beið draugsins. Einstökumenn sváfu í lokhvílum. Það voru smáklefar þiljaðir af við annan skálagaflinn. Venjulega lágu leynidyr úr lokrekkjunni í skotið eða í jarðgöng, sem lágu í hús úti á túni eða til skógar. Kom þetta sér vel fyrir ójafnaðarmenn, sem áttu marga óvini. Enginn vissi um umbúnað þann, sem var í lokrekkjunni, nema sá sem þar svaf, og ef til vill hans nánustu. En lokrekkjurnar voru ekki mjög algengar. Á flestum bæjum sváfu hjónin, börn þeirra, vinnufólkið og þrælarnir í sjálfum skálanum, þó að misjafnlega vel væri um rúmin búið. Á daginn var lítið gengið um skálann nema af þrælunum, sem áttu varla annarstaðar athvarf, þegar þeir voru innan bæjar. (Rd. 92—98.)

ELDHÚSIÐ. — Það var þriðja herbergið í bænum. Þar var allur matur soðinn í pottum og kötlum á steinhlóðum. Þar starfaði kvenfólkið að búverkum mikinn hluta dagsins. Karlmenn komu þar lítið nema aumingjar, sem lágu í öskustó. *Búrið* var áfast eldhúsinu, stundum í álmu bak við

aðalbæinn. Þar voru geymdar matarbirgðir, og þangað bornir pottar og katlar úr eldhúsinu, áður en skamtað var.

BAÐSTOFAN. — Fornmenn voru hreinlátari heldur en Íslendingar hafa verið síðar á öldum. Baðstofa eða baðhús var á flestum bæjum. Það var stundum niðurgrafið eins og kjallari, en líklega oftar afhýsi á bak við bæinn. Þar voru hlóðir inni. Þegar menn fóru í bað var lagt að í hlóðunum, uns steinarnir alt í kring voru glóandi heitir. Þá var helt vatni á steinana; en af hitanum myndaðist mikil vatnsgufa og fylti hún baðstofuna. Mátti auka eða minka hitann að vild með því að „gefa á“ mikið eða lítið. Í þessum mikla hita urðu baðgestirnir rennandi sveittir, og þótti það hin mesta hressing og heilsubót. Ef til vill hafa þeir nuddað sig með hrískvistum í baðinu, eins og Finnlendingar gera þann dag í dag. (Vígastyrss. 8—9).

LANDBÚNAÐUR. — Þá eins og nú var sveitabúskapur helsta atvinnugrein landsmanna. Bændur áttu mikinn fjölda nautgripa, hesta, kinda, geita og svína. Ennfremur gæsir og hænsni. Oft voru margir tugir kúa á sama bænum og um einn bónda er sagt, að hann lét telja sumt af kindum sínum og voru þær 2400. En þetta hefir vafalaust verið óvanalegt; en óbjörgulegt þótti að eiga fáar kindur og af því kemur málsháttur inn: „Sveltur sauðlaust bú“. Mikils var aflað af heyjum en þó var flestum skepnum beitt, eins og unt var. Þegar vetrar voru góðir, og snjólétt, gekk mestallur búsmalinn sjálfala. En þeir sem treystu svo á hepnina urðu hart úti í ísa- og harðinda-vetrum. Þá eyddust heyin fyr en varði og bústofninn hrundi niður úr hor. Á sumrin var ánum fært frá og þær hafðar í seli, þar sem landgott var til fjalla og þó ekki á afréttum. (Laxad. 68—69).

Selið var lítt vönduð torfbygging, þar sem smalinn og selstúlkurnar höfðust við sumarlangt. Smalinn gætti ánna en stúlkurnar hirtu um mjólkina og gerðu úr henni smjör, skyr og osta. Voru þær afurðir fluttar heim jafnharðan. Skyrið var flutt í belgjum eins og sjá má á Grettissögu, þegar Auðunn datt á skyrkyllinn. Þegar leið að hausti flutti selfólkið heim. Hver sveit eða hérað átti afrétt á fjalllendinu við bygðina og var það land sameign allra bygðarmanna. Þangað var alt geldfé rekið á vorin, en svínin máttu ekki vera þar. Afurðir voru miklar af búunum: Mjólk, smjör, skyr, ostur og sýra. Það var kallaður *hvítur* matur. Ennfremur ket, tólg, ull og skinn. Alt feitmeti var í miklum metum haft og af því nefndu Norðmenn Íslendinga í háði mörlanda og stundum mörfjanda. Kálfsskinn voru notuð í bókfell (í stað pappírs) og til klæða og skæða eins og önnur skinn. Ullin var unnin á vetrum; gerðir úr henni dúkar, bæði til heimilisþarfa og útflutnings. (Grettiss. 86—88.)

RÆKTUNIN. — Fornislendingar stóðu að sumu leyti framar nútíðarmönnunum, niðjum sínum, í búnaðarframkvæmdum. Kringum hvern bæ græddu þeir út tún og girtu það. Má nú sjá á girðingabrotunum, að þá hafa mörg tún verið mun stærri en nú. Á stöku stað voru akrar, einkum á Suðurlandi, og í veðursælum bygðum í öðrum fjórðungum. Helst var þar ræktað korn. En mestöll kornvara var samt sem áður sótt til Noregs. Sumstaðar var vatni veitt á engi, þau girt og úthagarnir. Sumir bændur girtu lönd sín á alla vegu, enda mun gamalt máltækið: „Garður er granna sættir.“ Bóndi sem vildi hlaða landamerkjagarð gat krafist, að sá nábúi, er land átti á móti, legði að hálfu fram vinnu til girðingarinnar. Ekki voru garðar þessir smásmíði. Þeir voru að jafnaði hlaðnir úr torfi og skyldu ná meðalmanni í öxl. Sumstaðar

gerðu margir bændur í félagi langa merkigarða milli héraða, eða milli bygðar og afréttar. Sér enn merki þessara stórvirkja í flestum sveitum landsins, þótt eigi séu það nema rústir einar. (Fljótsdæla 60—61. Njála 261).

SJÁVARÚTVEGUR. — Eiginlega var engin fiskimannastétt til í landinu, en bændur, sem bjuggu við sjóinn létu suma af mönnum sínum stunda róðra meira og minna á öllum tímum árs, þegar gæftir voru. Bátarnir vóru litlir, mest tveggja manna för, og veitt á haldfæri. Fiskurinn var étinn nýr, síginn og hertur; sumpart neytt á heimilinu eða seldur sveitabændum. Víða var lax og silungsveiði til mikilla hagsbóta. Selir voru veiddir í selanet eða með selskutlum. Hvalir voru skutlaðir en oft rak þá að landi dauða. Úr rostungs og náhvalstönnum voru skornir út skrautgripir. Fiskur varð ekki útflutningsvara fyr en um það leyti, sem landið komst undir konung, eftir miðja 13. öld. (Vatnsdæla 52).

VORANNIR. — Þegar snjóa leysti á vorin og jörð tók að gróa byrjuðu vorannir. Þá var geldfé rekið á afréttina, borið á túnin, vatni veitt á engin, skógurinn höggvinn og gert til kola, akrar plægðir og sáð í þá. Grjót tekið upp og flutt heim til bæjanna í viðgerðir eða nýjar byggingar. En mestur tími fór þó í garðhleðsluna á hverjum bæ; gengu þrælar og vinnumenn að því því verki. Þótti miklu skifta að það starf gengi vel og var mjög sótt eftir góðum garðhleðslumönnum. Síðan kom rúningur; lömb voru mörkuð og rekin á fjall. Um það leyti fóru menn til alþingis.

SUMARSTÖRF. — Þá byrjar heyskapur og er talinn standa í átta vikur. Fólkið er tviskift: sumir í selinu og við að flytja heim þaðan, en aðrir við heyskapinn. Allir sem vetlingi

geta valdið ganga að verki. Hérumbil í lok túnasláttarins kemur bóndinn heim af alþingi, ef hann hefir þangað farið og hefir þá verið burtu mánuð til sex vikur. Þá er haldið leiðarþing í héraðinu. Þangað fer margt af eldra og yngra fólki og er í burtu einn til þrjá daga. Fram úr því byrjar engjaslátturinn og er honum haldið áfram, uns grasið fer að falla í haustfrostunum. Þessvegna þarf að hraða sér. Ef langt er á engið gefur bóndinn sér ekki tíma til að flytja heyið heim undireins en setur það í stakka á enginu og ekur því heim á sleða um veturinn. (Fljótsd. 40—41).

HAUSTANNIR. — Sumarið er liðið, dagarnir orðnir stuttir og næturnar langar. Þá fara gangnamenn inn á afrétti og smala geldfénu, reka það til réttar, og draga sundur eftir eyrnamörkum. Hver bóndi rekur sitt fé heim. Um sama leyti flytur selfólkið heim og selin standa nú mannlaus til næsta vors. Nú byrjar sláturtíðin. Mörgu er slátrað: sauðum, geldneytum, og svínum. Blóðinu er helt niður, en kjöt og mör lagt til heimilisþarfa. Á mannmörgum heimilum þarf að lóga mörgu svo að nógur verði ársforðinn. Þá er skreið sótt til sjávarbænda og annað, sem kann að vanta í búið og fáanlegt er. Hús og hey eru þakin og byrgð eins og best verður gert, því að bráðum fer vetur í hönd.

VETRARVERK. — Litlu síðar fer að snjóa. Þá hætta öll útistörf, nema fjárgeymslan. En sauðamaðurinn má ekki hvíla sig. Féð á heimilinu er margt, en heyin ekki mikil að sama skapi. Því þarf að halda fénu til beitar, þegar unt er. Annar maður beitir geldneytunum. Þriðji hirðir um mjólkurkýrnar í fjósinu. Inni í bænum situr kvenfólkið við tóskap og búverk: að spinna, prjóna, vefa, sauma, elda matinn, þvo og sjá um allan verknað innanhús. Smiðir á tré og

járn fást við iðn sína og skurðhagir menn skera út ýmsa góða gripi úr tré eða beini. Ríkari bændurnir, börn þeirra og vandamenn lifa þó tilbreytingarmeira lífi. Þeir fara í heimboð til vina sinna, oft langar leiðir. Þeir eiga leika saman á ísum eða sléttum völlum, og þeir nema og segja til skemtunar sögur og kvæði um forna hreystimenn og atburði í fjarlægum löndum. Þá eru vetrarkvöldin fljót að líða við sögurnar og langeldana í stofunni. (Grettiss. 99—102).

SIGLINGAR. — Norðmenn voru í fornöld sjógarpar miklir eins og þeir eru enn, og um margt af landnámsmönnunum er beinlínis sagt, að þeir áttu haffær skip, og komu á þeim til Íslands. Tóku Islendingar þá drjúgan þátt í siglingum um norðurhöf. Skipin voru mjög misjöfn að stærð og gerð, en þó voru tvær skipategundir algengastar: *langskip* og *knerrir*. Langskipin eða drekarnir voru herskip, og eigi notuð til annars, en knerrirnir voru hin eiginlegu verslunar og flutningaskip, og er við þá átt, að jafnaði, er talað er um skip í sögunum. Knörrinn var seglskip, að stærð og burðarmagni áþekkur nútíma fiskiskútu. Skip þessi voru nær undantekningarlaust bygð í Noregi, í skógi, fram við sjóinn eða skipgengar ár. Meðan stóð á smíðinni var oft komið upp bráðabirgðarskýli yfir skipið. Knerrirnir voru oft allir úr eik, en að minsta kosti kjölurinn, stafnarnir og böndin. Utan á böndin var súðbyrt og tjöruborinn þráður lagður á milli borða, svo að eigi vatnaði inn um samskeytin. Knörrinn var breiður um mitt skipið, en fleygmyndaður til endanna og bar stafnana hátt. Þilfar var í knerrinum fremst og aftast í skipinu og mjó gangbrú milli þiljanna, sín með hvoru borði. Farmrúmið var í miðju skipi, þar sem ekki var þilfarið. Ekki var nema eitt siglutré og lék það í spori niður í kjölnum í miðju farmrúminu. Mátti fella niður sigluna, og var það oft gert, bæði í stórviðri og inn

á höfnum. Tvö lítil rúm voru milli þilfaranna og farmrúmsins. Þau hétu austurrúm. Þar stóðu sumir skipsverjar niðri, þegar veður voru vond og mikið gaf á, eða skipið lak. Söktu þeir í byttunum, réttu þær upp til félaganna á þilfarinu og létu tæma þær út fyrir borðstokkinn. Á afturþiljum var herbergi skipráðanda. Það hét lyfting. Stýrið var ekki krækt aftan á skutstafn, eins og nú gerist, heldur fest, fremur lauslega, á hægri hlið skipsins, aftur undir stafni og stýrt með því eins og þegar stjórnað er með ár. Ennfremur voru árar á bæði kaupskipum og langskipum. Voru þær langar og sterkar og gengu stundum 3—4 menn á sömu árina, þegar mikið lá við. Göt voru út í gegnum borðstokkinn og var árunum stungið gegnum þau. Á langskipunum voru árarnar svo þéttar sem við varð komið, eftir báðum borðum endilöngum, en á knörunum voru engar árar á miðjum borðum, út af farmrýminu. Þegar skipið var fullsmíðað, var það tjargað að utan, að minsta kosti það, sem var niður í sjó, en stundum málað (steint) ofansjávar, og þótti prýði að því. Síðan var skipið látið renna á hlunnum til sjávar. Í tóm skip var borið grjót fyrir seglfestu, og kom það sér vel í sjóorustum. Seglið var ekki nema eitt; það var ferhyrnt, aukið saman úr mörgum vaðmálsdúkum, breitt að neðan en mjórra að ofan. Rá var fest við sigluna og hélt hún seglinu út. Flestir strengir í reiðanum voru reipi úr rostungshúð. Með því að flá belg af dýrinu og skera skinnið haglega í eina samfelda lengju mátti fá streng, sem var alt að 30 m. á lengd. Þessar ólar voru nefndar svarðreipi. Allur var seglbúnaðurinn lakari en nú gerist; kom það einkum fram í mótvindi, eða ofsarokum, þótt byr væri.

Langskipin voru a. m. k. helmingi lengri en kaupskipin, fremur mjó og borðlág. Þau gengu ákaflega vel, einkum ef róið var á bæði borð. Rann þá skipið hart eins og fugl flýgi, Hins vegar þoldu þau illa mikla ágjöf, og var þessvegna talið

hættuspil að sigla langskipum til Islands og jafnvel til Færeyja. (Njála 205—208).

FERÐ MILLI LANDA. — Enn má gera sér grein fyrir, hvernig umhorfs hafi verið á knörrunum, sem landnámsmenn sigldu til Íslands, og notuðu síðar til verslunarferða. Skipið liggur albúið í höfn. Allur þungavaringur er í farmrúminu og breiddar húðir yfir. Þetta er nefndur búlki og er vandlega fjötraður niður til varnar gegn sjógangi. Undir þiljum, fremst og aftast í skipnu, hafast við konur og börn. Þar sofa líka skipsmenn, sem ekki eru að verki, en stýrimaður í lyftingu. Ef þröngt er verða sumir jafnvel að hýrast undir skipsbátnum á þilfarinu eins og sagt er um Gretti. Engin hafa menn rúm, nema ef til vill stýrimaður, en sofa í stórum hvílupokum úr skinni (húðfötum), einn eða tveir í hverjum. Hásetum er skift í fjórar deildir, og starfa hóparnir til skiftis, hver að sínu verki. Fram með ströndinni þarf allrar varfærni við, og þar sigla menn ógjarnan nema dagur sé. En út á rúmsjó er alt frjálsara og þó nota menn helst vorið og sumarið til ferða, því skammdegisnóttin er dimm og veðrin ótrygg. Engan hafa menn áttavita en stýra eftir gangi sólar og annara himintungla. En í þoku og hafvillu er haldið kyrru fyrir, ef unt er. Þá er seglið felt, jafnvel siglutréð lagt niður á þiljur. Stýrið er tekið upp, því það ristir dýpra en skipið, og gæti það orðið að slysi á grunnsævi. Þannig þokast skipið fyrir straumi og vindi uns birtir aftur, og stýrimaður veit réttrar áttir. Auðvitað verður ekki siglt beina stefnu með þessu móti. En af æfingunni og áreynslunni urðu menn furðanlega veðurglöggir. Þegar skipið nálgaðist land, mátti verða þess var af flugi sjófugla, er sveimuðu alllangt út á hafið. Oft velkti menn lengi í hafi, og var þá vistin heldur daufleg. Ekki mátti kveikja eld á skipi. Lifðu menn því á þurmeti að mestu: brauði,

smjöri, harðfiski og ketmeti. Til drykkjar höfðu menn vatn og öl, sem flutt var í tunnum og kvartilum. Þótti fátt meira ólán á sjóferðum en að lenda í þrot með drykkjarvatn.

VERSLUNIN. — Loksins rísa íslensku jöklarnir úr sænum og stýrimaðurinn sér, hvar hann ber að landi. Þá er um ýmsar hafnir að velja, í víkum eða skipgengum ósum. En á tvo staði varð kaupmönnum þó tíðfarnast. Annar var *Hvítár-ós* í Borgarfirði, hinn *Gæsir* við Eyjafjörð vestanverðan. Skipkoman spyrst um héraðið, og fólk kemur til hafnar að eiga skifti við stýrimann. En hann þorir ekki að ákveða verðið eða selja fyr en goðinn er kominn til skips. Goðinn er mestur höfðingi í héraðinu; hann er sýslumaður, prestur og alþingismaður, samkvæmt nútíma valdskiftingu. Loksins kemur höfðinginn, leggur verð á vöru kaupmannsins og velur sjálfur úr varningnum það, sem honum gott þykir og lætur flytja heim. Að þessu búnu byrjar almenningur að versla. Menn kaupa timbur, kornmat, járn, tjöru, vín, skrautklæði, skartgripi o. s. frv. Mest er borgað með vaðmáli, ull, tólg og skinnum. En sumir hafa ekki þessa vöru handbæra, né annað sem gjaldgengt er. Þeir biðja stýrimann um lán fram á næsta vor, og það gerir hann, ef honum líst vel á mennina, og treystir þeim til skilvísi. Nú er orðið áliðið sumars, og eftir að liðin er fyrsta vikan af september þykir óráðlegt að leggja í haf frá Íslandi. Þess vegna koma skipsverjar sér fyrir til veturvistar hjá ýmsum bændum í héraðinu. En áður en skipshöfnin skilst að, og dreifir sér í vetursetu verður að ráða skipinu til hlunns. Það er dregið upp á þurt land og gert við bilanir. Skipið er tjargað, síðan var hlaðið utan um það byrgi úr grjóti og torfi, og stundum þakið yfir. Um veturinn taka skipverjar þátt í gleði heimilanna og sveitanna, segja sögur úr fjarlægum löndum og ganga að leikjum. Á áliðnum vetri fer

stýrimaður að innheimta skuldir sínar, og flytja varninginn allan til skips. Og einhvern vordaginn leggur skipið frá landi. Ef til vill stendur þá á þilfarinu unglingur, sem um veturinn hefir hlustað hugfanginn á sögurnar um fjarlægu löndin, og er nú á leið út í heiminn til að leita sér fjár og frama. Þannig fara margir ungir menn utan, og eru í kaupferðum um stund. En með aldrinum þreytast þeir þó á sífeldu ferðalagi. Þeim hefir græðst fé, og þess vilja þeir njóta heima í ættlandinu. Þá selja farmennirnir skipin, og kaupa sér jarðir. En smátt og smátt ganga gömlu skipin úr sér, og eru höggvin í eldinn. Og fyrir efniviðarleysi urðu ekki gerð önnur í þeirra stað á Íslandi. Með tímanum hætta Íslendingar meira og meira að stunda siglingar, og verslunin kemst í hendur Norðmanna.

ÁSATRÚIN. — Fornmenn trúðu á marga guði er þeir nefndu *Æsi*. *Óðinn* var æðstur þeirra og ættfaðir flestra annara guða. Guðirnir höfðu skapað jörðina og mennina. Þeir hjálpuðu þeim mönnum, er tignuðu þá réttilega, og eftir dauðann lifðu sálir vel trúaðra manna í samneyti við guðina. Óðinn var yfirguð. Hann var framsýnn og ráðslyngur, en þó ekki alvitur, enda yfirsást honum stundum, eins og mönnunum. *Frigg* hét kona hans. Þeirra son var *Baldur*, hinn hvíti og góði ás. Honum vildi enginn hlutur mein gera. Höfðu allir heitið því, nema lítil planta, sem heitir mistilteinn. Aðrir synir Óðins voru: *Þór*, *Týr*, *Heimdallur* og *Höður* blindi. Þór var ákaflega sterkur, en heldur einfaldur. Hann hafði að vopni hamarinn *Mjölni* og barði með honum alla óvini guðanna, sem hann náði til. Týr var orustuguð. Heimdallur var útvörður guðanna. Hann sá jafnt á nótt sem degi og heyrði gras gróa og ull vaxa á sauðum. Ef hætta var á ferðum, blés hann í horn sitt, svo að guðirnir urðu varir við. Höður var blindur, og varð það til óheilla. *Njörður* var sigl-

ingaguð. Hann réði fyrir vindi, sjó og eldi. *Freyr* var búnaðarguð. Hann réði fyrir regni og skini sólar og öllum jarðargróða. *Freyja* var ástargyðja.

SKÖPUN HEIMSINS. — Í upphafi varð til jötun mikill er hét Ýmir og guðlegar verur: Óðinn og bræður hans. Bræður þessir drápu jötuninn og gerðu úr honum heim allan: Jörðin úr holdi hans, björgin úr beinunum, himininn úr hauskúpunni, skýin úr heilanum, skógana úr hárinu og sjóinn úr blóðinu. Þá lyftu þeir jörðinni úr djúpinu, og er sólin skein á hana, kviknaði líf á steinunum. Bræðurnir fundu tvö tré á sævarströndu, og gerðu úr þeim karl og konu, er urðu foreldrar mannkynsins. Skjótt dreifðist mannfólkið um jörðina; en í miðjum mannheimi stóð guðaborgin *Ásgarður*, fögur mjög og ramlega girt. Þar átti hver guð sinn bústað. Óðinn bjó í *Valhöll* og með honum allir vopnbitnir menn.

LÍFIÐ Í ÁSGARÐI. — Guðirnir höfðu svipaða lifnaðarhætti og stórmennin á Norðurlöndum. En mest var um dýrðir í Valhöll. Að morgni hvers dags gengu Einherjarnir (þ. e. hinir sáluhólpnu) út og börðust grimmilega. Margir særðust og féllu, en þeir risu upp jafnharðan og gengu alheilir í Valhöll, er degi tók að halla. Var þá sest að drykkju og drukkið ósleitulega fram á nótt. Í Valhöll leið tíminn fljótt við drykkju og vopnaburð.

Æfi guðanna mundi hafa verið óblandinn sæludraumur, ef jötnarnir hefðu ekki verið til. Þeir voru komnir af Ými, er guðirnir drápu í upphafi. Lögðu þeir mikinn fjandskap á Óðinn, og allt hans lið. Urðu nú margar glettur með guðum og jötnum, og kvað þó mest að því, er *Loki* komst í Ásgarð. Hann var illur og slægvitur jötun, en kom dularbúinn til guðanna og gekk í lið með þeim. Villti Loki þeim sýn, svo að jafnvel Óðinn gekk í fóstbræðralag við hann. Kom Loki vel ár sinni fyrir borð í Ásgarði og kom þar mörgu illu til leiðar. Guðirnir höfðu sér stundum til skemtunar að kasta ýmsum hlutum að Baldri, og varð það honum aldrei að meini. Þá reif Loki upp mistil-

teininn og kom honum í hönd á Höð hinum blinda. Höður skaut viðarteinungnum að Baldri og drap hann. Sál Baldurs fór nú til *Helheima*, eins og sálir þeirra manna, sem dóu á sóttarsæng eða af slysum. Guðirnir reiddust Loka og vildu hefna grimmilega allra vélráða hans. En Loki komst undan í á eina, og gerði sig að laxi. Þar náði Þór honum, og kreisti hann óþyrmilega, svo að síðan eru laxar afturmjóir. Var þá Loki bundinn í helli einum, og hvíldi á þrem hvössum steinum, en eiturnaðra hékk yfir höfði hans, og draup eitrið í andlit honum. En kona Loka hélt trygð við hann, settist hjá honum í hellinum og brá skál undir eiturlekann. Hlífir hún þannig hinum illa jötni, meðan heimur stendur.

RAGNARÖK. — Loksins kemur að úrslitaorustu milli guða og jötna. Loki losnar úr böndum og margt annað illþýði, sem guðirnir hafa lagt hömlur á. Gengur það nú í lið með jötnunum. Hinsvegar eru í fylkingu Ásanna allir hraustir menn, sem fallið hafa fyrir vopnum. Verður nú ógnarleg orusta, og falla þar allir guðir og jötnar, sólin sortnar og eldur leikur um alla jörðina og sekkur hún í hafið. En eftir tortíminguna kemur endurfæðingin. Jörðin rís iðgræn úr sjónum, fegurri en áður; sólin hefir alið dóttur, sem getur vermt hina nýju jörð. Baldur kemur aftur frá Hel og fleiri guðir og réttlátir menn — og þaðan af er enginn endir á sælunni í heiminum.

TRÚ OG SIÐIR. — Ásatrúin var víkinga- og vígamannatrú. Guðirnir voru glæsilegar hetjur, sterkari og vitrari en menn, og þó ekki almáttugir. Þeir voru mönnum líkir í þörfum og athöfnum, en voldugri, og gátu verndað þá gegn margskonar böli. En hinsvegar gátu mennirnir hjálpað guðunum með því að veita þeim lið móti jötnunum í síðustu baráttunni. Sá maður, sem vera vildi guðrækinn á þeim tíma skyldi vera mikill fyrir sér í orði og verki: Örlátur á fé, gestrisinn, og jafnvel víkja góðu að aumingjum, hreinlyndur í framkomu, tryggur vinum sínum, en grimmur óvinum; djarfur og hugrakkur í mannraunum, öruggur til víga; hafa felda marga menn og falla að síðustu fyrir vopnum. Sá mað-

ur hafði búið sig undir eilífðina á réttan hátt, og veitt guðunum og réttlætinu í heiminum þann stuðning, sem mest þótti í varið.

HOFIN. — Svo nefndust guðahús Ásatrúarmanna. Sum voru *aðalhof*, sem heilar sveitir áttu sókn að; það voru miklar byggingar. Önnur voru *heimilishof*, er einstakir menn bygðu á bæjum sínum og höfðu til eigin afnota. Þau voru náttúrlega miklu minni en aðalhofin. Venjulega voru hofin bygð úr grjóti og torfi, með torfþaki, en þiljuð að innan eins og góð bæjarhús. Hverju hofi var skift í tvent: *aðalhofið* og *goðastúkuna*. Milli þeirra var þykkur veggur úr grjóti og torfi, og engar dyr á. Líklega hefir þessi skilveggur ekki náð alveg upp að þaki, og mátt sjá yfir hann milli hofhlutanna. (Eyrbyggja 4—6. Fljótsdæla 110—112).

GOÐASTÚKAN. — Hún var hið allrahelgasta í hofinu, og lítil í samanburði við aðalhofið. Framan við skilveggginn var dálítill stallur; á honum stóðu goðamyndirnar. Í miðju var það goðið, sem mest var virt, og hin út frá til beggja hliða. Á miðju gólfi var stallur, eins og altari, stundum einn stór steinn, en líklega oftar hlaðinn steinstöpull og hella lögð ofan á. Á stallinum lá helgur hringur, sem eiðar voru unnir við. Þann hring mátti goðinn bera á armlegg sér við hátíðleg tækifæri. Ennfremur stóð á stallinum dálítill bolli úr steini eða málmi. Hann hét *hlautbolli*. Í bollann var látið nokkuð af blóði fórnardýranna, en mestum hluta þess var helt niður utanhofs.

GOÐIN. — Fornmenn gerðu myndir af guðunum, til að geta betur skilið eðli þeirra og átt skifti við þá. Goðamyndirnar voru gerðar úr tré, oftast á stærð við menska

menn. Goðin voru klædd í góð föt, og prýdd með ýmsu skrauti úr gulli og silfri. Goðunum var sýnd hin mesta lotning, eins og þau væru sjálfir guðirnir. Enginn mátti ganga um goðastúkuna nema hofpresturinn, goðinn, eða vildarmenn hans, sem hann leyfði að koma þangað með sér. (Vatnsd. 43).

VEISLUSALURINN. — Aðalhofið var veglegt hús, oft stærra en meðalkirkja. Nýlega hefir verið grafið í gamlar hofrústir á Hofstöðum við Mývatn. Það hafði verið 36 m. á lengd og um 7 m. á breidd. Hofin þurftu að vera svona stór, af því að sóknarmenn komu þar saman nokkrum sinnum á ári við einskonar guðsþjónustu. Þá sátu gestirnir að veislu í aðalhofinu, eða veislusalnum. Hann var mjög svipaður stofu á höfðinglegu heimili: Útveggir þiljaðir, og stundum tjaldaðir að innan, pallar meðfram veggjunum, öndvegissúlur við sæti goðans, fastir bekkir til beggja handa; borð sett upp á pallskörina og þar framreiddur ágætur veislukostur. Á gólfinu miðju brunnu langeldar.

BLÓT OG BLÓTVEISLUR. — Menn gátu ánnið sér hylli guðanna á tvennan hátt. Fyrst og fremst með *vígaferlum*, sem fjölguðu Einherjum, og studdu guðina í baráttunni móti jötnunum og í öðru lagi með *blótum* eða *fórnfæringum* til guðanna. Ásatrúarmenn þóttust vita, að Æsirnir þyrftu bæði mat og drykk eins og menskir menn. Guðsþjónusta þeirra var því aðallega fólgin í því að gefa goðunum mat, og var sú athöfn kölluð að *blóta goðin*. Bóndinn sem átti hofið var nefndur *goði*, og var nokkurskonar prestur, því hann stóð fyrir guðsþjónustunni. Hann hélt á ári hverju þrjár blótveislur: *Haustblót* um veturnætur, *jóla-* eða *miðsvetrarblót* um miðjan vetur, og *sumarblót* í sumarbyrjun. Fyrir hverja blótveislu slátraði goðinn mörgum skepnum, helst hestum en þó líka öðrum peningi: nautum, sauðum, geitum og svínum. Fólkið í bygðinni vissi hvað til stóð, og safnaðist í stórhópum heim á bæ goðans, en þó ekki til muna frá öðrum heimilum en þeim, sem goldið höfðu goðanum hoftoll, og þann-

ig lagt á borð með sér í veisluna. Nú byrjaði helgi-athöfnin. Söfnuðurinn gekk inn í veisluskálann og tók sér sæti á bekkjunum meðfram báðum veggjum. Eldur brann á miðju gólfi. Goðinn gekk þá inn í goðastúkuna og helti í hlautbollann nokkru af fórnarblóðinu. Síðan dýfði hann hlautteininum í blóðið og stökkti því á stallana, goðin, á veggi hofsins utan og innan, og á söfnuðinn í veislusalnum. Ekki fengu goðin aðra fæðu en þetta. En nú settist söfnuðurinn allur að dýrindis kræsum í veislusalnum. Goðinn sat í öndvegi og veitti ósparl; þá var etið kjöt fórnardýranna og drukkið öl, meðan entist veislukosturinn. Að lokinni blótveislunni hélt hver heim til sín, sáttur við guðina og hress yfir mannfagnaðinum. (Kjalnes.s. 4—5).

GOÐAR. — Landnámsmenn höfðu upphaflega slegið eign sinni á stærri eða minni landssvæði og bygt þau. Hver landeign var sérstakt ríki og bóndinn konungur, óháður öðrum mönnum. Þetta var mjög hugþekt landnemunum, sem höfðu yfirgefið eignir og vini til að komast hjá að þurfa að beygja sig fyrir veldi Haraldar hárfagra. Þeim þótti sjálfræði gott, en því fylgdu annmarkar. Ef þræta eða deila kom upp á milli tveggja höfðingja, þá var enginn yfirmaður til að skera úr og miðla málum. Oftast börðust málsaðilar, og sá sigraði sem liðfleiri var eða meiri vígamaður; úrslitin fóru þá eftir afli fremur en málstað. Þetta var gott fyrir þá, sem voru miklir menn fyrir sér, því að þeir áttu sigurinn vísan, en óþolandi fyrir smælingjana. Enda leið mjög stutt stund, frá byggingu landsins, þangað til að komin voru á nokkurskonar smáríki í flestum sveitum. Ríki þessi voru kölluð goðorð og mynduðust utan um hofin. Guðsdýrkunin varð til að tengja fyrstu sterku félagsböndin milli landnemanna.

Við hofin í Noregi höfðu verið nokkurskonar prestar, sem voru kallaðir goðar. Þeir önnuðust að mestu um blótin og guðsdýrkunina, en höfðu ekki veraldleg völd. Landnámsmennirnir voru margir mjög fylgjandi Ásatrúnni, og höfðu sumir þeirra átt hof í Noregi. Eins og nærri má geta tóku

þeir guðamyndirnar með til Islands og reistu hús yfir þær, eins fljótt og unt var. Þessi hof fóru mjög eftir efnum og ástæðum eigendanna. Sum voru stór og skrautleg, önnur lítil og fátækleg. Litlu hofin urðu heimilishof eigendanna. En hin stærri gátu verið fyrir fleiri heimili. Smábændurnir fengu þá leyfi hjá eiganda aðalhofsins, að fá að nota hofið, koma þar í helstu blótveislurnar og fá vernd þess guðs, gegn því að leggja nokkuð af mörkum árlega til blótanna. Sá skattur var nefndur hoftollur. Með tímanum efldist þessi félagsskapur. Eigandi hofsins varð sveitarhöfðingi, bæði hofprestur og leiðtogi sveitunga sinna í veraldlegum efnum. Tignarnafn þessa leiðtoga var *goði*, en sóknarmenn hans hétu *þingmenn*. Goðinn átti að veita þingmönnunum traust og forustu, en þeir honum fylgi og liðsinni. Goðinn á að halda friði í héraðinu, leitast við að sætta þá sem deila, jafnvel með valdi ef eigi var annars kostur. Í harðindum á hann að ráða fram úr vandamálum sveitamanna. Goðinn ríður fyrstur til skips, fær fyrstur fréttir, velur úr varningnum, og leggur verð á vöruna. Þegar goðinn fer erinda sinna um þinghána (sveit sína), verða þingmennirnir að taka vel við honum og föruneyti hans og veita öllum flokknum gistingu og beina. En verði einhver þingmanna fyrir ágangi, og getur ekki sjálfur rétt hlut sinn, þá leitar hann til goðans, sem getur kvatt aðra þingmenn til liðs við sig, jafnvel til ferðalaga í fjarlæg héruð. Þegar allsherjarríki myndaðist á Íslandi fengu goðarnir helstu völdin þar, að viðbættum helgistörfunum, sem áður er sagt frá. Goðavaldið gekk kaupum og sölum og að erfðum, eins og aðrar eignir. En hinsvegar voru þingmennirnir ekki skyldir til að fylgja goða, sem þeim líkaði illa við. Þeir gátu þá sagt sig úr þingi við hann, og gengið í flokk annars goða, sem þeim var meira að skapi. Goðorðin voru þannig frjáls félög, og ekki bundin neinum föstum landamerkjum, eins og

hreppar eða sýslur nú. En flestum þótti varlegra að vera þingmaður þess goða, er næstur var honum, og líklegastur til að geta veitt lið, svo um munaði, ef hættu bar að höndum. (Ljósvetn. 16—20. Vatnsd. 65—66. Njála 356—357).

ÚLFLJÓTUR. — Sú vernd, sem goðarnir gátu veitt þjóðinni, var ónóg til lengdar. Eins og goðarnir voru nauðsynlegir til að jafna nágrannakrit og sveitardeilur, svo þurfti einnig dómstól fyrir alt landið til að skera úr deilum milli goðanna innbyrðis, eða manna sem ekki voru í sama goðorði. Þessvegna komu helstu menn landsins sér saman um, að nauðsynlegt væri að koma á löglegu skipulagi, eins og aðrar þjóðir höfðu. Var þá afráðið að senda einhvern greindan og gætinn Íslending til að kynna sér lög og stjórnarskipun Norðmanna og fá hann síðan til að gera uppkast að stjórnarskrá handa Íslendingum. Þessa ferð fór sá maður, er *Úlfljótur* hét. Hann var þá aldraður bóndi á Austurlandi. Úlfljótur fór til Noregs, og var þar í þrjú ár við að kynna sér stjórnarhætti landsins. Grímur geitskór hét fóstbróðir Úlfljóts. Hann ferðaðist um alt landið, til að velja þingstaðinn handa Íslendingum. Grímur valdi Þingvelli, og voru þeir síðan höfuðstaður landsins í nærri níu aldir. Þegar Úlfljótur kom heim, bar hann tillögur sínar undir helstu menn landsins, og munu þær hafa verið samþyktar með litlum eða engum breytingum. Þá kunnu menn á Norðurlöndum ekki að skrifa, svo að lög Úlfljóts voru eigi skrifuð fyr en löngu síðar. Lögfróðu mennirnir urðu að leggja þau á minnið. Lög Úlfljóts og stjórnarskipun voru viðtekin árið 930. Er því mjög skamt að bíða 1000 ára afmælis alþingis.

ÞINGVELLIR. — Allir menn eru samdóma um, að Grímur hafi valið þingstaðinn ágætlega, því að bæði er stað-

urinn fallegur og þangað lá, að heita mátti, þjóðleið úr hverjum fjórðungi. Þingvallasveitin mun vera afarmikið jarðfall, eins og Jónas Hallgrímsson segir í kvæðinu Skjaldbreiður. Hefir vatn safnast í suðurhluta jarðfallsins, og er þar nú Þingvallavatn, „djúpið mæta mest á Fróni“. En norðan við vatnið er margsundursprunginn, víðáttumikill hraunfláki, sem hækkar frá vatninu norður til fjallanna. Alt í kringum bygðina, vatnið og hraunið standa mörg einstök fjöll og tindar, eins og „risar á verði“. Er óvíða á landinu fegurri eða fjölbreytilegri fjallasýn. Tvær miklar gjár liggja samhliða frá vatninu og norður til fjalla, og er meira en stundargangur milli þeirra. Þær heita *Almannagjá* og *Hrafnagjá*. Svæðið alt milli þeirra hefir sokkið niður, þegar gjárnar mynduðust, og sér til beggja handa í kolsvarta hamraveggina. Vesturbarmur Almannagjár er um 20 mannhæðir, þverhnýpt bjarg og ákaflega tilkomumikið. *Öxará* heitir lítil á, sem kemur norðvestan úr fjöllunum, og rann fyrrum vestan við Almannagjá út í vatnið. En fornmenn veittu henni eftir nýjum farvegi fram af vesturbarmi Almannagjár. Myndar hún þar ljómandi fallegan foss. Síðan rennur áin um stund suður eftir gjánni, uns hún brýst í gegnum eystri gjábakkann, sem er fremur lágur, og fellur ofan á grasgróið sléttlendi, (þar sem þingið var háð), og þaðan suður í vatnið, sem er örskamt frá. Brú var í fornöld yfir ána á völlunum, og mjög fjölfarið yfir, því að lögberg var þar rétt vestan við ána, á eystri barmi Almannagjár, en lögréttan á grundinni austan eða norðanvert við brúna.

Í fornöld var mestalt láglendið í Þingvallasveitinni skógivaxið, upp til fjalla og norður til heiða. Hefir sá skógur verið illa með farinn, brendur viljandi og óviljandi, beittur og höggvinn. Samt er eftir töluvert kjarr í hrauninu milli gjánna og er til mikillar prýði. Þó hefir verið enn fegurra í fornöld að litast um í Þingvallasveit á heiðum júnídögum, þegar bláleit hitamóða hvíldi yfir spegilskygðu vatninu, grænum skóginum og víðáttumikla fjallahringnum.

STJÓRNARSKIPUN. — Menn vita ekki með vissu, hvernig sú stjórnarskrá var, sem Úlfljótur færði landsmönnum, því að þegar farið var að skrifa lögin var búið að breyta ýmsu og bæta við nýjum atriðum. En á söguöldinni var stjórnarskipunin þannig, að hvert goðorð var nokkurskonar ríki og réði goðinn fyrir því. Þessi smáríki voru 39. Þeim var aftur skift í 13 deildir og þrír goðar í hverri. Þeir goðar höfðu félagsskap saman; héldu meðal annars í sameiningu hin svonefndu *vorþing*. Þau voru 13 alls. Yfir vorþingunum var allsherjarþingið á Þingvöllum. Þangað komu fyrst og fremst hinir 39 goðar. Mátti heita að landsstjórnin væri öll í þeirra höndum, því að þeir voru sjálfkjörnir löggjafar, og réðu hverir voru dómarar bæði á vorþingum og alþingi. En meðan alþingi, var háð höfðu goðarnir nokkurskonar fundarstjóra, sem nefndur var *lögsögumaður*. Réði hann þá allmiklu, en engu milli þinga. Ísland var þannig *forsetalaust lýðveldi*, eða lauslegt samband 39 smáríkja, sem hvert hafði arfgenga höfðingjastjórn.

VORÞING. — Í maímánuði ár hvert voru haldin vorþing á þrettán stöðum í landinu, hérumbil eitt fyrir hverja sýslu, eftir því sem nú er talið. Vorþingin voru háð á fallegum stöðum, þar sem gott var aðkomu, góðir hagar og nóg vatn. Vorþingið var í einu *dómstefna*, *fundur*, þar sem kaupsýslumenn gátu bundið enda á skuldaskifti sín á milli og *skemtisamkoma* fyrir unga fólkið. Þrír goðar áttu sókn að hverju þingi, og réðu þar mestu. Vorþing átti ekki að standa lengur en viku og ekki skemur en fjóra daga, nema með samþykki alls þingheims. Þegar einhverir menn úr sömu þingsókn urðu ósáttir, gátu þeir vísað málinu til vorþingsins. Þar var 36 manna dómur, og hafði hver af samþingsgoðunum valið 12 í dóminn. Settust nú dómarar þessir á rökstóla og skáru

úr þrætum manna. En úrskurður þeirra var ógildur, nema dómendur væru allir sammála. Ef það brást, þá var málið ónýtkljáð. Málsaðilar gátu að vísu skotið málinu til fjórðungsdóms á alþingi, þó hann væri enginn yfirdómstóll. En þar fór stundum á sömu leið.

Seinustu dagar vorþingsins gengu til að ljúka skuldamálum. Voru þar staddir margir farmenn, er komið höfðu til Íslands haustið áður. Áttu þeir inni hjá ýmsum, er þingið sóttu. Þótti þeim miklu varða að fljótt gengi innheimtan, svo að þeir yrðu snemmbúnir að sigla til útlanda um sumarið. En meðan rosknir menn sintu dómum og fjármálum eyddi æskulýðurinn þingtímanum við hverskonar skemtanir: leiki, kappraunir, sögur og æfintýri. (Grettissaga 58).

VORÞINGSTAÐIR. — Þessir voru merkastir: *Þingskálaþing* við Rangá. Þar eru miklar rústir. *Árnesþing* vestan Þjórsár, skamt neðan við Stóranúp. *Kjalarnesþing*, undir Esjunni, móti Rvík. *Þverárþing*, örstutt ofan við Hvanneyri. *Þórsnesþing*, skamt frá Stykkishólmi, elsta þing á landinu. *Húnavatnsþing* á Þingeyrum. *Hegranesþing* í Hegranesi við Sauðárkrók. *Vaðlaþing* í Kaupangi við Akureyri. *Þingeyjarþing* á *Þingey* í Skjálfandafljóti, lítið eitt neðan við Goðafoss. *Múlaþing* í Þingmúla í Skriðdal.

ALÞINGI. — Það var háð á Þingvöllum seint í júní á hverju ári. Þá voru vorþingin um garð gengin heima í sveitunum, fjallvegir orðnir færir og gróður kominn í Þingvallaskógana. Jafnan riðu margir til þings, fyrst og fremst goðarnir og þingmannalið þeirra og fjöldi annara manna, sem erindi áttu eða fóru sér til skemtunar. Næstum allir komu ríðandi og var hestanna gætt í nágrenninu, meðan á þingi stóð. Sumir fluttu með sér tjöld og bjuggu í þeim um þingtímann, en flestir, einkum goðarnir, áttu búðir, sem stóðu ár frá ári. Búðirnar voru tóftir úr grjóti og torfi og þaklausar

nema um þingtímann. Þá var tjaldað yfir þær með vaðmálum. Ennfremur var tjaldað með vaðmálum innan á veggina. Hver maður, er til þings reið, átti heimting á að fá að búa ókeypis í búð síns goða. Má því nærri geta, að búðir goðanna hafa verið mjög stórar, því þeir drógu oft að sér fjölmenni, er þeir áttu í deilum við volduga óvini. Fyrsta verk hvers goða er til þings kom, var að láta hreinsa búðartóftina og tjalda hana. Þá að koma vistum fyrir, sjá um að matur væri soðinn og allur beini veittur förunautunum, hestum komið á haga og þeirra gætt. Að því búnu byrjuðu þingstörfin. (Njála 342—53).

LÖGRETTAN. — Annar merkasti staður þingsins var *lögréttan*. Hún gerði lög landsins eins og alþingi nú á dögum, og hún ein gat breytt eða numið úr gildi eldri lög. Lögréttan var austan árinnar á völlunum. Þar voru hlaðnar úr grjóti og torfi þrjár hringmyndaðar sætaraðir og örskamt á milli bekkjanna. Á hverjum þessum hringpalli skyldu geta setið 48 menn. Þegar lögréttan starfaði, settust allir 39, goðarnir, á miðbekkinn og ennfremur 9 menn aðrir, sem kalla mætti goðagildi. Svo stóð á þeim, að úr Norðlendingafjórðungi voru 12 goðar en ekki nema 9 úr hverjum hinum fjórðungnum. Til að vega á móti þessu misrétti máttu goðarnir af Austur- Suður- og Vesturlandi bæta við þremur mönnum úr hverjum þeim fjórðungi á miðbekk lögréttunnar. Þar höfðu þeir öll réttindi til jafns við goðana en voru valdalausir utan þings. Þannig voru í lögréttunni 48 eiginlegir löggjafar; ennfremur lögsögumaðurinn sem var nokkurskonar forseti þingsins, og biskuparnir, eftir að kristni komst á. Nú gat oft komið fyrir, að þau mál yrðu til meðferðar í lögréttu, sem ýmsir aðrir hefðu betur vit á en goðarnir. Þess vegna var hverjum goða og goðagildi leyft að hafa með sér tvo að-

stoðarmenn og setja annan á bekkinn fram undan sér, en hinn á bekkinn að baki sér. Goðinn gat ráðfært sig við þessa menn, og fylgt bendingum þeirra, ef hann vildi. En þeir máttu ekki halda ræður opinberlega í lögréttunni og höfðu ekki atkvæðisrétt. Ekkert gat orðið að lögum nema það væri samþykt í einu hljóði af öllum, sem sátu á miðpalli. Utan um lögréttuna mun hafa verið lausleg girðing, svo að áheyrendur skyldu ekki þrengja að löggjöfunum. Hefir þess tæplega verið vanþörf, því að mjög þótti eftirsóknarvert að hlusta á ræðurnar og fylgjast með öllu starfi lögréttunnar. (Njála 292—93).

LÖGSÖGUMAÐURINN. — Lögréttan kaus sér forseta þriðja hvert ár. Hann var kallaður *lögsögumaður*. Það var virðingarstaða mikil, og gegndu því starfi hinir lögfróðustu menn. Voru þeir stundum endurkosnir hvað eftir annað. Lögsögumaðurinn átti fast tignarsæti á lögbergi, og þar stóð hann, er hann vildi tala til alls þingheims. Í byrjun hvers þings las hann upp frá lögbergi öll *þingsköpin* en það voru þær reglur, er sögðu fyrir um, hversu hátta skyldi þingstörfunum. Honum bar ennfremur á hverju þingi að lesa upp þriðjung allra gildandi íslenskra laga; með því móti gat hver lögsögumaður lesið upp öll lögin einu sinni á hverju kjörtímabili. Allir menn, sem verða vildu lögfróðir, sóttu þessa fyrirlestra og reyndu að nema lögin sem best. Það var ákaflega nauðsynlegt, því að öll málafærsla var mjög flókin, og gátu menn hæglega tapað réttu máli, ef formgalli varð í vörn eða sókn. Þá var lögsögumaðurinn *forseti lögréttunnar* og stýrði fundum hennar. Síðan las hann upp frá lögbergi lög og lagabreytingar lögréttunnar og veitti það þeim lagagildi, eins og undirskrift þjóðhöfðingjans nú á dögum. Oft gat komið fyrir að menn greindi á um, hvað væri rétt lög; var lögsögumaðurinn skyldur að skera úr þeim þrætum, hvort

sem heldur var á þingi eða heima í héraði. Annað vald hafði hann ekki milli þinga umfram aðra höfðingja.

LÖGBERG. — Það var annar frægasti staður alþingis. Lögberg er dálítil hæð á austurbakka Almannagjár. Þaðan hallar ofan að ánni og á þeirri tungu, milli árinnar og gjárinnar, eru flestar búðarústirnar. Brúin yfir ána hefir verið þar fram undan, en lítið eitt nær vatninu, og lögréttan á grundinni hinumegin Öxarár. Í fornöld mun lögberg hafa verið hlaðið upp að austan, til að taka af hallann, og girt lauslega, því að sekt lá við, ef óviðkomandi menn gengu þar til sætis. Lögsögumaðurinn hafði umráð með lögbergi og var þar tignarsæti hans. Enginn ræðustóll gat verið betri en lögberg. Það bar hátt yfir brekkuna og flatlendið framan við, þar sem þingheimur stóð og hlustaði. Og bak við ræðustólinn var hamraveggur Almannagjár, sem bergmálaði hvert orð skýrt og hreint langt út yfir vellina. Á lögbergi stóð lögsögumaðurinn er hann helgaði þingið, sagði upp þingsköpin, lögin og ályktanir lögréttunnar. Þangað gekk allur þingheimur í skrúðgöngu í þingbyrjun. Þar voru sótt og varin mál. Þar auglýstu menn ýmislegt, sem ekki kom þinginu við, en ætlast var til að margir vissu, t. d. um hólmgöngur milli merkra manna, stór heimboð o. s. frv. (Njála 21—22. 291).

FJÓRÐUNGSDÓMAR. — Alþingi hafði tvennskonar vald. Það gat búið til lög, og það gat dæmt eftir lögunum. Lögréttan hafði löggjafarvaldið en fjórðungsdómarnir (og síðar fimtardómurinn) dómsvaldið. Fjórðungsdómarnir voru fjórir og sátu níu dómarar í hverjum þeirra. Skyldu goðarnir, sem sæti áttu í lögréttu, nefna menn í dóminn. Hver dómur átti einungis að dæma mál úr þeim fjórðungi, sem hann var kendur við. Reyndar hefði mátt hafa einn dóm fyrir alt

landið. En hann hefði orðið seinvirkari en þessar fjórar nefndir, sem störfuðu samhliða, og þar að auki var þá hætt við, að sumir dómararnir væri ekki nógu kunnugir til að dæma í málum, sem gerst höfðu fjarri átthögum þeirra. Hvert mál var þess vegna sótt í dóm þess fjórðungs, þar sem verjandi átti heima. Til lögmætra dóma þurfti samhljóða atkvæði dómenda. Ef það brást, sem oft kom fyrir, þá eyddist málið þ. e. varð að falla niður. En seinna mátti vísa þeim málum til fimtardóms. Ekki vita menn nú með vissu, hvar fjórðungsdómarnir voru háðir, enda þurfti stundum að flytja þá á staði þar sem gott var að verjast, til að firra dómarana yfirgangi ójafnaðarmanna. Þegar svo bar undir, gátu dómararnir heimtað, að varðmenn héldu þingheimi í skefjum, svo að þeir gætu dæmt í næði. (Njála 358).

FIMTARDÓMURINN. — Þegar tímar liðu fram fundu menn að bagalegt var, hve mörg mál urðu óútkljáð í fjórðungsdómunum, af því að ekki náðist samþykki allra dómenda. Þess vegna var, rúmum 70 árum eftir að alþingi var stofnað, settur nokkurskonar *hæstiréttur* í landinu. Hann hét *fimtardómur*. Goðarnir nefndu líka menn í þann dóm, og skyldu þar eiga sæti 48 dómarar. En fjórði hluti þeirra var kvaddur úr dómi í hvert sinn, svo að eigi dæmdu fleiri en 36. Hvor málsaðili mátti velja úr hópnum 6 menn og banna þeim að dæma. Var það gert til þess að sækjandi og verjandi gætu losnað við óvinveitta eða hlutdræga menn, sem kynnu að eiga sæti í dómnum. Í fimtardómnum þurfti ekki samhljóða atkvæði, heldur réði einfaldur meirihluti dómsúrslitunum. Ekki varð öllum málum vísað til fimtardóms, heldur fyrst og fremst málum, sem ekki náðu fram að ganga í fjórðungsdómunum. Ennfremar kom stundum fyrir, að mál hafði verið flutt eða varið ranglega fyrir fjórðungsdómi eða

dómendum mútað. Þá var dómurinn ógildur og gat fimtardómurinn skorið úr því til fullnustu. (Njála 231—33. 347).

LEIÐARÞING. — Þegar goðarnir og fylgdarmenn þeirra komu heim af þinginu héldu þeir fund, er nefndur var *leiðarþing*. Oft voru leiðarþingin háð á vorþingsstöðunum. Þangað sóttu bændur, er eigi höfðu riðið til alþingis og aðrir, er áhuga höfðu á landsmálum. Goðarnir sögðu þá þingfréttirnar, einkum frá markverðum nýjungum og lagabreytingum, er gerðar höfðu verið. Ennfremur var leiðarþingið skemtisamkoma fyrir héraðsbúa.

SÖGUÖLDIN. — Svo eru nefnd fyrstu hundrað árin eftir að alþingi var stofnsett, og komið á fastri stjórnarskipun í landinu (930—1030). Sú öld var óvanalega viðburðarík, en ekki að sama skapi friðsæl. Aldrei hefir verið á Íslandi jafnmikið af framúrskarandi mönnum, körlum og konum, eins og þá, en helst til sjaldan fór þá saman gæfa og gervileiki. Landið logaði í sífeldu ófriðarbáli, maður móti manni, ætt á móti ætt. Menn voru ákaflega tiltektasamir, og hver sem varð fyrir minstu áleitni þóttist skyldur að þvo þann blett af í blóði óvinanna. Af þessu leiddi stöðuga óvild milli voldugustu mannanna, síðan mannvíg, þingdeildir, sættir og sáttarof, útlegðir og mannhefndir. Þannig féllu fyrir eldi og vopnum flestir þeir afreksmenn sögualdarinnar, sem síðan hafa orðið mönnum kærastir og mest eftirsjá mátti í þykja. Þessvegna er þetta tímabil í einu bæði aðdáunarvert og raunalegt. (Njála 203—14. Laxd. 100. Gísl. 82—85. Grettiss. 244—50)

ÆTTARGARÐURINN. — Í fornöld var Ísland í raun og veru ekki eitt ríki, ekki 39 ríki, eins og goðorðin voru, heldur miklu fleiri, eða jafnmörg og *ættirnar* í landinu. Hver ætt hélt saman

út á við. Hver mótgjörð gegn einum úr ættinni var um leið gerð móti frændum hans öllum. Ef maður var veginn, hvíldi hefndarskyldan á ættinni allri, og þó mest á þeim, sem næstir voru að frændsemi. Blóðböndin voru máttugri en mægðir og vináttа. Þannig varð Ketill í Mörk að fylgja Flosa við að hefna Höskuldar, þó að hann væri giftur dóttur Njáls. Synir Njáls höfðu drepið Höskuld, bróðurson Ketils. Og þegar til eftirmálsins kom, þá varð hann að fylgja ætt sinni, og taka þátt í að brenna inni tengdaforeldra sína, og bræður konu sinnar. Þegar ein ætt hafði orðið fyrir órétti, og vildi koma fram hefndum, þá var alls ekki nauðsynlegt að hefndin kæmi fram á þeim, sem óréttinn framdi, heldur á einhverjum af hans ætt, og þá helst þeim, sem mestur var mannskaði að. Þannig drap Hrafnkell freysgoði Eyvind bróður Sáms, þó að hann hefði engan þátt tekið í deilunum milli þeirra Hrafnkels og Sáms. Hitt var honum dauðasök, að hann var mestur maður ættar sinnar, og ættingjunum mestur harmur og tjón að fráfalli hans. Íslendingar voru að þessu leyti á eftir öðrum norrænum þjóðum. Þeir höfðu ekki, og vildu ekki hafa, öfluga landsstjórn, engan þjóðhöfðingja, enga hirð eða hermenn, sem hefði getað knúð ójafnaðarmennina til að hlýða lögum landsins. Frelsið, en svo nefndu þeir sjálfræðið og stjórnleysið, var þeim svo dýrmætt, að þeir kusu heldur réttleysi og hörmungar sífeldra ættvíga, heldur en þá blessun og hamingju, sem friðurinn mundi hafa leitt yfir svo mannvænlega þjóð. (Njála 263—64. Hrafnkelssaga. 30—35).

AFREKSMENN. — Skallagrímur á Borg átti son er *Egill* hét. Hann var í mörgu líkur föður sínum, manna mestur vexti og sterkastur, ófriður, harðleitur og grimmlegur. Hann var eitt af höfuðskáldum sinnar aldar. Egill var þrevetur svo mikill og sterkur eins og þeir sveinar, er sex vetra voru eða sjö. Þá var það eitt sinn, að afi Egils, er bjó þar í sveitinni, en þó alllangt frá, býður Borgarmönnum til veislu. Fór margt manna til boðsins. Agli þótti sér sjálfboðið vegna frændsemi. „Ekki skaltu fara“ segir Skallagrímur „því að þú kant ekki að vera í fjölmenni, þar sem drykkjur eru miklar. Þykir þú ekki góður viðskiftis þó að þú sért ódrukkinn“.

Drengur varð nú eftir um stund. En er fólkið var farið, tekur hann einn af hestum Skallagríms, söðlar hann, ríður í humátt eftir veislufólkinu, og nær bæ afa síns seint um kvöldið. Var honum þar vel fagnað. Egill gerði þá vísu um afa sinn, og kvað eigi mundu finnast betra skáld þrevett, en hann var. Fjórtán vetra vildi Egill fara utan með með eldri bróður sínum, sem þá var fullvaxta. Hann taldist undan, því að Egill þótti ódæll mjög. „Þá má vera“ sagði Egill, „að hvorugur okkar fari“. Nóttina eftir gerði ofsaveður. En er myrkt var og flóð gekk Egill til sjávar og hjó skip bróður síns úr tengslum. Það rak yfir fjörðinn og þar upp á eyrar, en brotnaði þó eigi. Egill hafði sitt fram og komst utan. Þar var hann mörg ár og vann mörg stórvirki. Komst hann í miklar deilur við Eirík son Haraldar hárfagra, og hélt sínum hlut óskertum fyrir konungi. Eitt sinn var Egill á ferð erlendis um vetur gegnum skóglendi nokkurt. Þeir voru fjórir saman. Þá sátu fyrir þeim fimtán menn í einstigi nokkru. Egill gekk fyrir þeim félögum. Var þar undir niðri skógur en skóglaust uppi í klifinu. En er þeir voru komnir upp í klifið, hlaupa sjö menn úr skóginum upp í kleifina eftir þeim og ráðast á þá. Þeir Egill snerust á móti þeim. Þá komu aðrir menn ofan að þeim á hamarinn og grýttu þá þaðan. Var þeim af því miklu hættara. Þá mælti Egill: „Nú skuluð þér fara á hæli undan í kleifina og hlífast sem þér megið en eg mun leita upp á bergið“. Þeir gerðu svo. En er Egill kom upp úr klifinu, þá voru þar fyrir átta menn, er sóttu að honum allir í senn, en svo lauk, að hann feldi þá alla. Síðan gekk hann fram á bergið og bar ofan grjót. Feldi hann þar aðra þrjá, en fjórir komust í skóginn meiddir og barðir en þeir Egill héldu áfram ferðinni. Egill var oft erlendis og átti þá jafnan í stórmálum. Heima á Íslandi var hann fáskiftinn og óáleitinn við menn, enda urðu fáir til að leita á hann,

Egill bjó á Borg eftir föður sinn og varð sóttdauður. (Egilssaga 177—85).

Annar mestur kappi í fornöld var *Gunnar á Hlíðarenda*. Hann var mikill og sterkur, vænn að yfirliti, bláeygur og snareygur, rjóður í kinnum, hárið mikið, gult, og fór vel. Gunnar var manna best vígur. Hann hjó jafnt með báðum höndum, hæfði alt sem hann skaut til, var syndur eins og selur og hljóp meir en hæð sína í öllum herklæðum. Gunnar var í víking og vann sér hið mesta frægðarorð. Heimsótti hann marga ágæta menn, og þá af þeim ýmsar sæmdir. Eigi vildi hann þó staðfestast erlendis. Hann þráði Ísland og vildi ekki dvelja til lengdar í öðrum löndum. Heima varð hann brátt að verja hendur sínar fyrir áleitnum fjandmönnum. Gunnar átti bræður tvo: Kolskegg og Hjört. Eitt sinn hafði einn af nábúum Gunnars gert honum margt til skapraunar. Sá maður átti leið um héraðið og hafði sjö menn með sér. Gunnar verður þess var og þrífur vopn sín. Þá mælti móðir hans: „Reiðilegur ertu nú sonur minn, og ekki sá eg þig slíkan fyr". Kolskeggur fór á eftir Gunnari og veitti honum lið. Feldu þeir bræður tveir alla hina. Skömmu síðar veittu þrjátíu menn þeim bræðrum þremur fyrirsát við Rangá. Gunnar bjóst um fram á árbakkanum og skaut með boganum á löngu færi. Þannig feldi hann tvo, en Kolskeggur drap hinn þriðja með steinkasti. Þá mælti foringinn: „Ekki mun oss duga, að hann komi boganum við". Var þá barist í návígi. Gunnar hafði sverð í annari hendi en atgeirinn í hinni, og féllu menn fyrir honum unnvörpum; sumum kastaði hann af atgeirnum út á Rangá. En er fallnir voru fjórtán fyrir þeim bræðrum sagði einn úr óvinaliðinu: „Flýjum nú, ekki er við menn að eiga". Gunnar var í raun og veru friðsamur maður, þótt hann neyddist til að verja hendur sínar. Eitt sinn sagði hann við Kolskegg: „Eigi veit eg hvort eg er þeim mun

óvaskari maður en aðrir menn, sem mér þykir meira fyrir en öðrum mönnum að vega menn“. En óvinir hans voru altaf á varðbergi. Eitt sinn fréttu þeir, að hann væri einn heima en heimafólk langt frá á engjum. Þá komu þeir að honum fjölmennir og feldu hann eftir ágæta vörn. Gunnar var þá liðlega fertugur. (Njála 174–80)

Njáll á Bergþórshvoli var besti vinur Gunnars. Hann átti marga syni en *Skarphéðinn* var fyrir þeim öllum. Hann var mikill maður vexti og styrkur vel, fölleitur og skarpleitur, eygur vel, jarpur á hár og manna hermannlegastur. Hann var vigur vel, manna best syndur, skjótráður og gagnorður og skáld gott. Skarphéðinn bar aldrei svo vopn að manni, að sá hefði eigi bana, er fyrir varð. Hann hefndi Gunnars á Hlíðarenda. Fór hann þá á einni nóttu heim til þriggja þeirra, er mest höfðu hvatt til aðfarar við Gunnar, og feldi suma en lét aðra sæta afarkostum í fégjöldum. Þráinn hét maður, kappi mikill. Hann var frændi Gunnars. Gerðist mikill fjandskapur af litlu tilefni milli hans og Njálssona, svo að þeir gerðu honum fyrirsát við Markarfljót. Þráinn hafði sjö fylgdarmenn en Skarphéðinn fjóra. Þetta var um vetur. Markarfljót rann milli höfuðísa og var svo djúpt, að langt var um ófært. Ísspangir voru yfir fljótið hér og þar. Þráinn nam staðar öðrumegin við álinn, og stefndu félagar Skarphéðins þangað yfir ísbrúna, en hann dvaldist eftir og batt skóþveng sinn. En er minst varði hefir Skarphéðinn sig á loft og hleypur yfir fljótið milli skara en það voru tólf álnir. Svellið var glerhált og rendi Skarphéðinn sér fótskriðu að Þráni svo hart sem fugl flýgi og klauf hann í herðar niður. Þá komu félagar hans og feldu þrjá aðra, en Skarphéðinn handtók tvo og komu þeir engri vörn við. „Tekið hefi eg hér hvolpa tvo“ mælti Skarphéðinn „eða hvað skal við þá gera?“ „Kost átt þú að drepa þá báða“ sagði Helgi bróðir hans.

Annar þeirra var sonur Gunnars en hið mesta lítilmenni. „Ekki nenni eg“ mælti Skarphéðinn „að veita öðrum bróðurnum en drepa hinn“, og gaf þeim grið, en báðir launuðu þeir illa lífgjöfina og fylgdu Flosa við Njálsbrennu. (Njála 277—86).

Kári hét maður. Hann var giftur systur Skarphéðins og bjó á Bergþórshvoli með þeim mágum sínum. Kári var líkur Gunnari á Hlíðarenda um allar íþróttir og vopnfimi. Hann komst einn undan úr Njálsbrennu, þeirra sem fyrir sökum voru hafðir. Áður þeir skildu í brennunni mælti Skarphéðinn: „Það hlægir mig, ef þú kemst á braut mágur, að þú munt hefna vor“. Litlu síðar komst Kári út úr skálanum og fylgdi reyknum, svo að brennumenn urðu hans eigi varir; loguðu þá á honum klæðin öll og hárið. Kári hljóp til þess er hann kom til tjarnar einnar og slökti á sér eldinn. Morguninn eftir hitti hann bónda einn, er sagði að sverð hans mundi hafa dignað í eldinum, en Kári svaraði því, að það skyldi herða í blóði brennumanna. Sonur Kára, ungur sveinn, hafði brunnið inni, og þótti Kára sem hans yrði seint hefnt. Á næsta alþingi voru brennumenn gerðir útlægir, sumir í þrjú ár en aðrir æfilangt. Kári fylgdi þeim, hvar sem þeir voru á Íslandi eða erlendis og feldi marga þeirra. Eitt sinn voru fimtán brennumenn á ferð saman. Kári veitti þeim eftirför við annan mann, og fann þá sofandi í dæld einni; stóðu spjót þeirra hjá þeim. Þeir Kári tóku spjótin og köstuðu þeim í ána, sem rann þar hjá. Síðan æpti Kári að brennumönnum og vakti þá, því að hann vildi ekki ráða á liggjandi menn og vega skammarvíg. Þeir hlupu upp, þrifu vopnin og sóttu að þeim tveimur. Kári hafði spjót í annari hendi en sverð í hinni, og engan skjöld. Sótti hann og varðist með báðum vopnunum jöfnum höndum. Eftir stutta stund höfðu þeir félagar felt fimm brennumenn en stökt hinum á flótta. Nú þótti Kára, sem hefnt væri brennunnar en eigi sonar síns.

Litlu síðar barðist hann við tíu brennumenn og drap fimm þeirra en hinir flýðu. Grani Gunnarsson, sem Skarphéðinn handtók á Markarfljóti, hafði skotið spjóti að Kára, en hann tók það á lofti, skaut því til Grana og lá hann óvígur eftir á vígvellinum. Sagði Kári til hans á næsta bæ, og varð það Grana til lífs. Þá um haustið sigldu þeir af brennumönnum, sem eftir lifðu og voru um veturinn hjá jarlinum í Orkneyjum. Þar var Kári skamt frá, á laun hjá bónda einum. Um jólin var kátt í höllu jarls og var einn Íslendingurinn fenginn til að segja frá brennunni. Þá mælti einn boðsgesta: „Hversu þoldi Skarphéðinn í brennunni?“ „Vel fyrst lengi“ mælti sögumaður „en þó lauk svo að hann grét“. Kári var þá nærstaddur og stóðst eigi þetta, hljóp inn með brugðnu sverði og hjó af sögumanni höfuðið. Jarlinn mælti: „Engum manni er Kári líkur að hvatleik sínum og árræði“. Öðru sinni kom Kári þar að, sem einn af brennumönnum taldi peninga. Kári veitti honum sömu skil og sögumanninum; nefndi höfuðið tíu er það fauk af bolnum. Eftir það fór Kári suður í lönd til Rómaborgar, kom að því búnu heim til Íslands og lifði í friði, það sem eftir var ævinnar. (Njála 400—14).

Kjartan hét maður og var *Ólafsson*. Móðir hans var dóttir Egils Skallagrímssonar. Hann var mikill og sterkur eins og verið hafði Egill afi hans, allra manna fríðastur, mikilleitur og vel farinn í andliti, vel eygður; mikið hár hafði hann og fagurt sem silki. Hann var vel vígur og syndur manna best, og allar íþróttir hafði hann mjög um fram aðra menn. Kjartan kom til Niðaróss í stjórnartíð Ólafs Tryggvasonar, og var konungur þá staddur í bænum. Einn dag um haustið fer Kjartan og félagar hans að horfa á menn synda í ánni Nið. Einn maður lék þar miklu best. Kjartan fleygir sér út í ána að þessum manni, færir hann í kaf og heldur honum niðri um hríð. Þá linar Kjartan á takinu og koma þeir upp. En

er þeir hafa litla stund uppi verið, þrífur sá maður til Kjartans og keyrir hann niður og eru niðri eigi skemur en Kjartani þótti hóf að. Enn koma þeir upp og mæltust eigi við. Hið þriðja sinni fara þeir niður og eru þá miklu lengst. Þykist Kjartan aldrei hafa komist í slíka raun. Þar kemur að lyktum, að þeir koma upp úr og leggjast til lands. Bæjarmaður spurði Kjartan að heiti. Hann svaraði því, en hirti ekki að spyrja neitt um leiknaut sinn, en hann mælti: „Bæði er, að þú ert gervilegur maður enda lætur þú allstórlega. En eigi að síður skaltu vita nafn mitt eða við hvern þú hefir sund þreytt. Hér er Ólafur konungur Tryggvason“. (Laxd. 120—28).

KVENSKÖRUNGAR. — Móðir Skarphéðins hét *Bergþóra*. Hún var drenglynd kona en nokkuð skaphörð. Kona Gunnars á Hlíðarenda hét *Hallgerður*. Hún var kvenna fríðust, en ótrygg og grimm í lund. Hafði hún ráðið bana manni sínum og var ekkja, þegar Gunnar fékk hennar. „Af henni mun stafa alt hið illa, er hún kemur austur hingað“ mælti Njáll, þegar Gunnar sagði honum frá heitkonu sinni. Það varð orð að sönnu. Brátt varð hinn mesti heiftareldur milli Bergþóru og Hallgerðar, en raunar átti Bergþóra upptökin. Í veislu á Bergþórshvoli hafði Hallgerður sest í æðsta sæti á kvenpalli. En meðan stóð á veislunni, kom tengdadóttir Bergþóru heim úr ferð. Þá mælti hún til Hallgerðar: „Þú skalt þoka fyrir konu þessari“. Hún svaraði: „Hvergi mun eg þoka, því að engin hornkerling vil eg vera“. „Eg skal hér ráða“ mælti Bergþóra. Skömmu síðar bar húsfreyja gestum handlaugar. Hallgerður tók hönd hennar og mælti: „Ekki er þó kosta munur með ykkur Njáli: þú hefir kartnögl á hverjum fingri, en hann er skegglaus“. „Satt er það“ mælti Bergþóra „en hvorugt okkar gefur það öðru að sök. En ekki var skegglaus Þorvaldur bóndi þinn og réðstu honum

þó bana". Hallgerður var hin reiðasta, og fóru þau Gunnar heim úr boðinu. Vildi hún að Gunnar hefndi þessara sáryrða í hennar garð. En hann var ófáanlegur til að slíta vináttu við Njál. Þá fékk Hallgerður menn til að drepa heimamenn Bergþóru, en hún galt í sömu mynt. Létti eigi þeim mannvígum fyr en fallnir voru þrír frá Bergþórshvoli og fjórir frá Hlíðarenda. Ekki spiltist vinátta þeirra Gunnars og Njáls fyrir ófrið þennan. Gunnar bað Hallgerði eitt sinn að sýna vinum sínum enga áleitni, meðan hann var á þingi. „Tröll hafi þína vini" mælti hún. Hún fékk til einn frænda Gunnars að gera níðbrag um Njál og sonu hans. „Gersemi ert þú" mælti Hallgerður við skáldið „hversu þú ert mér eftirlátur". Farandkonur báru illmælið að Bergþórshvoli, og væntu launa fyrir söguburðinn. Þá mælti Bergþóra, er menn sátu undir borðum: „Gjafir eru yður gefnar, feðgum, og verðið þér litlir drengir af, ef þér launið engu. Þér synir mínir eigið allir eina gjöf saman: Þér eruð kallaðir taðskeglingar, en bóndi minn karl hinn skegglausi". „Ekki höfum vér kvenna skap" segir Skarphéðinn og glotti við „að vér reiðumst við öllu. Þykir kerlingunni móður vorri gaman að erta oss". Enn þó spratt honum sviti á enni og komu rauðir flekkir á kinnar honum. Næsta morgun höfðu Njálssynir drepið þann, sem níðbraginn orti, og einn félaga hans. Eitt sinn mælti Hallgerður við einn þræl sinn, að hann skyldi fara á annan bæ um nótt, og stela þar tveim hestburðum af mat, úr útiskemmu og brenna síðan húsið. Þrællinn færðist undan. „Heyr á endemi" segir Hallgarður; þú gerir þig góðan, þar sem þú hefir bæði verið þjófur og morðingi og skaltu ekki annað þora en fara, ella skal eg láta drepa þig". Gunnar reiddist mjög, er hann vissi, að þýfi var borið á borð og mælti: „Illa er þá, ef eg er þjófsnautur" og laust Hallgerði kinnhest. Hún kvaðst þann kinnhest muna skyldu og launa,

ef hún mætti. Nokkru áður var hallæri í landinu. Gunnar miðlaði heyi og mat öllum, er þangað komu meðan til var, uns þar kom, að hann skorti hvortveggja sjálfan. Leitaði Gunnar þá til nirfils eins, er mjög var birgur og falaði hey og mat. Hann mælti: „Hvortveggja er til en hvorugt mun eg þér selja“. En er Bergþóra frétti þetta, kvað hún Njáli skylt að hjálpa vini sínum. Sendi Njáll þá mat og hey á tuttugu hestum að Hlíðarenda, og bað Gunnar aldrei leita til annnara, ef hann þyrfti nokkurs við. „Góðar eru gjafir þínar“ sagði Gunnar „en þó þykir mér meira verð vinátta þín og sona þinna“. Nú líða mörg ár. Gunnar hefir verið dæmdur í þriggja ára útlegð en eigi farið. Óvinir hans koma fjölmennir að honum. Hann er einn heima og verst ágætlega með boganum. En alt í einu náði einn óvinanna að höggva sundur bogastrenginn. Gunnar mælti þá til Hallgerðar: „Fá mér lokka tvo úr hári þínu og snúið þið móðir min saman til bogastrengs mér“. „Liggur þér nokkuð við?“ mælti hún. „Líf mitt liggur við, því að aldrei fá þeir mig sóttan, meðan eg kem boganum við“. „Þá skal eg nú“ segir hún „muna þér kinnhestinn; hirði eg aldrei, hvort þú ver þig lengur eða skemur“. Móðir hans mælti: „Illa fer þér og mun þín skömm lengi uppi“. Í Njálsbrennu var Bergþóru boðin útganga. Hún svaraði: „Eg var ung gefin Njáli og hefi eg því heitið honum, að eitt skyldi yfir okkur ganga bæði“. Síðan gengu þau hjónin saman til hvíldar, eins og ekki hefði í skorist. Lík þeirra fundust óskemd undir öskunni. (Njála 78--108).

Egill Skallagrímsson átti dóttur, sem *Þorgerður* hét. Hún var skörungur mikill, og unni Egill henni mjög. Ólafur hét maður. Hann var hálfbróðir Hallgerðar á Hlíðarenda, og samfeðra henni. En móðir hans var írsk konungsdóttir, ágæt kona, en hernumin úr föðurgarði, og galt þess alla æfi. Ólafur bað Þorgerðar. Egill tók því vel, en vísaði til henn-

ar, sem þó var ekki vanalegt á þeirri öld, „því að það er engum manni fært að fá Þorgerðar án hennar vilja“ mælti hann. Egill bað hana svara vel, því að þetta væri gófugt gjaforð. Þorgerður svaraði: „Það hefi eg heyrt þig mæla, að þú ynnir mér mest barna þinna, en nú þykir mér þú ósanna það, ef þú vilt gifta mig ambáttarsyni, þótt hann sé vænn og mikill áburðarmaður.“ Ólafur kunni illa þessum málalokum. Gengur hann í búð Egils, því að þetta var á alþingi, sér Þorgerði sitja þar á palli, sest niður hjá henni og mælti: „Mun þér þykja ambáttarsonurinn gerast djarfur að setjast hjá þér og ætla að tala við þig“. Hún svarar: „Það muntu hugsa, að þú hafir gert meiri þoranraun en að tala við konur“. Féll nú vel á með þeim, er þau kyntust, og var Þorgerður gift Ólafi. Sonur þeirra var Kjartan, sem þreytti sund við Ólaf Tryggvason. Þau fóstruðu upp frænda Ólafs, er Bolli hét og var hin kærasta vinátta með þeim frændum, Bolla og Kjartani, alt þar til Bolli giftist Guðrúnu Ósvífursdóttur. Lauk þeim deilum svo að Bolli varð banamaður Kjartans, og þó nauðugur. Þótti Þorgerði Bolli gjalda illa fósturlaunin. Leið svo nokkur stund. Þá biður Þorgerður sonu sína að ríða með sér yfir héraðið. En er þau fara fram hjá bæ Bolla mælti hún: „Hvað heitir þessi bær?“ Þeir sögðu sem var. „Hver býr hér?“ segir hún. „Veistu það móðir“ svarar einn sona hennar. „Veit eg að vísu“ segir Þorgerður „hér býr Bolli bróðurbani yðar“. Kvað hún þá mjög ólika Agli föður hennar og öðrum gófgum frændum, er þeir hefndu eigi þvílíks bróður, sem Kjartan var. Skömmu síðar veittu þeir bræður Bolla aðför. Þeir voru níu saman. Þorgerður var með í förinni og eggjaði þá fram. Þegar Bolli var særður til ólífis bað hún þá að vinna „ógrunsamlega að og ganga milli bols og höfuðs“ á honum, og það var gert. (Laxd. 169).

Guðrún Ósvífursdóttir þótti mestur kvenkostur á Íslandi

sökum vitsmuna og glæsimensku. Hún var heitkona Kjartans Ólafssonar, og var kallað að mjög væri jafnt á með þeim komið. En nú ber svo til, að Kjartan fýsir til útlanda og afræður þá för, án þess að ráðgast um við Guðrúnu. „Skjótt hefir þú þetta ráðið, Kjartan“ mælti hún. Kjartan svaraði: „Gera skal eg annan hlut, svo að þér líki vel“. „Þá vil eg fara utan með þér í sumar, og hefir þú þá bætt yfir við mig þetta bráðræði“. „Það má eigi vera“ segir Kjartan „bíð mín í þrjá vetur“. Guðrún kvaðst um það engu heita. Skildu þau svo að sinn veg þótti hvoru. Kjartan og Bolli fóru til Noregs og voru í þrjá vetur við mikla sæmd hjá Ólafi konungi. Var mælt að konungur mundi fús að gifta Kjartani Ingibjörgu systur sína, hina göfugustu konu. Að þrem vetrum liðnum fer Bolli til Íslands, en Kjartan kom heim ári síðar. Var sá dráttur konunginum að kenna. Guðrún spurði Bolla tíðinda um Kjartan, en hann sagði orðróm manna um vinsemdir Kjartans og konungsdóttur. Guðrún kvað það góð tíðindi „því að eins er Kjartani fullboðið, ef hann fær góða konu“, en þó roðnaði hún við. Litlu síðar biður Bolli hennar. „Engum manni mun eg giftast, meðan eg spyr Kjartan á lífi“ mælti hún. En þó fór svo fyrir þrásækni Bolla, og aðgöngu föður hennar, að hún giftist Bolla, með því, að hann kvað Kjartan henni afhuga. Var henni þó þessi ráðahagur mjög á móti skapi. Og er Kjartan kemur heim þykir henni Bolli hafa vélað sig. Bar nú margt til óvildar með þeim Kjartani og Bolla, þegar svo var í garðinn búið. Kemur þar að Guðrún eggjar mann sinn og bræður að sitja fyrir Kjartani, fáliðuðum, og drepa hann. Kjartan varðist ágæta vel, en þó kom þar, að hann varð ofurliði borinn og veitti Bolli honum banasár. Þegar Guðrún frétti vígið, lét hún hið besta yfir, „því að eigi mun Hrefna (kona Kjartans) ganga hlæjandi að sænginni í kveld“. Bolli svaraði: „Ósýnt þykir

mér, að hún fölni meir við þessi tíðindi en þú, og það grunar mig, að þú brigðir þér minna við, þó að vér lægjum eftir á vígvellinum en Kjartan segði frá tíðindum". Eigi leið nema stutt stund þar til bræður Kjartans feldu Bolla. Voru þau hjónin þá stödd ein í seli, nokkuð frá bænum. Þegar Bolli sá, að hverju fór, bað hann Guðrúnu að ganga út, því að eigi mundi henni gleði að horfa á fundinn. Hún gekk ofan fyrir brekkuna til lækjar, er þar fell, og tók að þvo léreft sín og beið þar meðan þeir börðust. En er Bolli var fallinn, gengur hún neðan frá læknum til þeirra félaga og spyr þá tíðinda um vörn Bolla. Einn þeirra gekk til Guðrúnar, tók í blæjuendann, þeirrar er hún faldaði með, og þerði blóð af spjóti því, er hann lagði í gegnum Bolla. Guðrún leit til hans og brosti við. Bróðir Kjartans kvað þetta illmannlega gert og grimmlega. Það þóttust menn vita, að hún hefði talað við banamenn Bolla, til að vita sem best, hvar hefndir ættu fram að koma. Guðrún og Bolli áttu tvo sonu, og hefndu þeir hans síðar. Guðrún giftist eftir þetta höfðingja einum af Snæfellsnesi. En er hún hafði mist hann og var orðin öldruð kona spurði sonur hennar og Bolla hana, hverjum hún hefði mest unnað. Hún færðist lengi undan en sagði að lokum: „Þeim var eg verst, er eg unni mest". (Laxd. 175—80).

Gísli hét maður og var Súrsson. Hann varð sekur skógarmaður um víg eitt og var síðan manna lengst í sekt annar en Grettir. Kona Gísla hét *Auður*. Hún bygði sér bæ við fjörð einn afskektan á Vesturlandi. Bjó hún þar og hafði Gísla á laun, stundum heima í bænum og í jarðhúsum í skóginum, en stundum var hann í öðrum héruðum til að forðast óvini sína. Sá hét Eyjólfur, er mest leitaði eftir Gísla og hafði tekið fé til höfuðs honum. Eitt sinn sem oftar hefir Eyjólfur leitað Gísla en eigi fundið. Gengur hann þá á tal við Auði. „Eg vil eiga kaup við þig Auður" segir hann. „Þú

segir mér til Gísla, en eg mun gefa þér þrjú hundruð silfurs, þau sem eg hefi tekið til höfuðs honum. Þú skalt og ekki við vera, er vér tökum hann af lífi. Það skal og fylgja, að eg skal fá þér ráðahag þann, er að öllu sé betri en þessi hefir verið. Máttu á það líta hversu óhallkvæmt þér verður að liggja í eyðifirði þessum, og hljóta það af óhöppum Gísla og sjá aldrei frændur eða nauðleitarmenn". Hún biður hann láta sig sjá féð, og steypir hann því í kné henni. „Í engan stað er féð minna eða verra en þú hefir sagt, og mun þér nú þykja mér heimilt að gera af slíkt, er mér sýnist". Eyjólfur tekur því glaðlega. Auður tekur nú féð og lætur koma í einn stóran sjóð; stendur síðan upp og rekur sjóðinn með silfrinu á nasir Eyjólfi svo að þegar stökkur blóð um hann allan og mælti: „Haf þetta fyrir auðtryggi þína, og hvert ógagn með. Engin von var þér þess, að eg mundi selja bónda minn í hendur illmenni þínu. Skaltu það muna meðan þú lifir, vesall maður, að kona hefir barið þig". Ekki löngu síðar kom Eyjólfur við fimtánda mann að Gísla og feldi hann eftir drengilega vörn. Auður vildi ekki lifa mann sinn hér á landi, sigldi til útlanda og andaðist þar. (Gíslas. 16).

SPEKINGAR. — *Gestur Oddleifsson* hét maður og bjó að Haga á Barðaströnd. Hann var manna vitrastur svo að hann sá fyrir örlög manna. Þangbrandur sneri Gesti til kristinnar trúar. Gestur kvað Þangbrand mest hafa gert að kristnihoðinu „þó að öðrum verði auðið í lög að leiða. En það er sem mælt er, að eigi fellur tré við hið fyrsta högg". Eitt sinn á þingreið kom Gestur á bæ Guðrúnar Ósvífursdóttur. Hún var þá í föðurgarði, ung og ógefin. Guðrún mælti við Gest: Dreymt hefir mig í vetur fjóra drauma, er mér afla mikillar áhyggju; en enginn maður hefir þá svo ráðið, að mér líki og bið eg þó eigi þess, að þeir sé í vil ráðnir. Hinn

fyrsti draumur var svo, að Guðrún þóttist stödd við læk og hafði fald á höfði, en þótti illa sama; fleygði hún faldinum í lækinn; í öðrum draumnum hafði hún silfurhring á hendi en hann rann af fingrinum í vatnið og týndist. Í þriðja draumnum bar hún gullhring á hendi, en féll og studdi hendinni á stein; hrökk þá hringurinn í tvo hluti og dreyrði úr brotunum. Í hinum fjórða draum hafði hún fagran gullhjálm á höfði, en hann steyptist af höfði henni út í Hvammsfjörð. Gestur svaraði: Bændur muntu eiga fjóra, skilja við hinn fyrsta, annar mun drukkna, þriðji verður vopndauður og hinn fjórði týnist í Hvammsfirði. Guðrúnu setti dreyrrauða. „Hitta mundir þú fegri spár, ef svo væri í hendur þér búið af mér, en mikið er til að hyggja, ef þetta skal alt eftir ganga“. En svo fór sem Gestur spáði, að Guðrún varð fjórgift, og lifði bændur sína alla. (Laxd. 89—93).

Þá var og *Njáll* forvitri. Hann leysti hvers manns vandræði, er á hans fund kom. Eitt sinn þurfti Gunnar á Hlíðarenda að krefja um skuld vestur í Dalasýslu. Þar var til andsvara Hrútur föðurbróðir Hallgerðar, er síðar giftist Gunnari. Skuldakrafan var gömul og erfitt að taka upp málið. Njáll réð Gunnari að ríða vestur í dularklæðum við þriðja mann og nefnast Kaupa-Héðinn. Skyldi hann láta heimsklega, koma til Hrúts og látast nema lög af honum með því að stefna Hrút í gamni um skuldina. Lagði Njáll orð í munn Gunnari, og sá af hyggjuviti sínu hverju Hrútur mundi svara, og fór alt, sem Njáll hafði fyrir sagt, Gekk Hrútur í gildruna, og var þó hinn vitrasti maður. (Njála 48—55).

Snorri goði var systurson Gísla Súrssonar. Faðir hans var veginn fáum dögum áður en sveinninn fæddist. Snorri óx upp í fóstri. Hann fór utan, til Noregs, fjórtán vetra. Fékk hann allgóð fararefni frá móður sinni og stjúpa. Mjög var Snorri sparneytinn og fór vel með fé sitt. Eigi löngu

síðar kemur hann heim úr siglingunni og er þá illa búinn að vopnum og klæðum, svo að menn gerðu gys að, og þóttust vita, að hann hefði illa farið með skotsilfur sitt. Þá um veturinn er hann á Helgafelli, en eigi kom þeim vel saman stjúpfeðgunum. Um vorið heimtar Snorri föðurarf sinn. Stjúpi hans var allfús að greiða lausaféð, en vildi eigi skifta Helgafelli. Snorri bað hann virða landið svo dýrt sem hann vildi og væri hlítt því verði, hvor þeirra sem leysti jörðina. Bóndi hugsaði málið og hugði Snorra eigi hafa lausafé til að gefa fyrir landið, ef skjótt skyldi gjalda, og virti það mjög lágt, því hann ætlaði sjálfur að kaupa. Snorri svaraði: „Þess kennir nú frændi, að þér þykir eg févana, er þú leggur svo ódýrt Helgafellsland. En undir mig kýs eg föðurleifð mína að þessu verði.“ Dró þá Snorri fram sjóð einn mikinn og galt féð, en stjúpi hans varð í burtu að hverfa með alt sitt. Það var Snorri goði sem svaraði ádeilum heiðinna manna á alþingi kristnitökuárið með þessum orðum: „Hverju reiddust goðin, er hér jörð brann, þar sem nú stöndum vér?“ (Eyrbyggja 17—21).

GÓÐIR MENN. — Þegar *Ólafur Höskuldsson* spurði víg Kjartans, þótti honum sár sonardauðinn en bar þó vel og drengilega. Synir hans vildu þá þegar fara að Bolla og drepa hann. Olafur svaraði: „Því skal fjarri fara. Er mér eigi sonur minn að bættari, þó að Bolli sé drepinn“. Skömmu síðar komu ýmsir frændur Ólafs og Þorgerðar með fjölmenni og vildu ráðast á Bolla. En áður það yrði, hafði Ólafur safnað mönnum um héraðið og sent Bolla til liðveislu. Varð þá eigi af aðför og komust sættir á. Annað göfugmenni var *Áskell goði*. Hann kom hvarvetna fram til góðs. Sú var seinust sáttaferð hans, að hann fór með flokk manna í annað hérað til að koma sættum á milli hjóna, sem höfðu

skilið. Á heimleiðinni var þeim gerð fyrirsát við Eyjafjarðará. Áin var nýlögð og ísinn ótraustur. Þeir Áskell vörðust á árbakkanum, en óvinirnir urðu að leita yfir ísinn. Áskell kallaði til foringjans, er Steingrímur hét, og bað hann fara varlega, því að ísinn væri ótraustur. En litlu síðar brast spöngin undir þeim Steingrími og druknuðu þeir þar þrír félagar, en margir komust undan. Áskell heldur nú áfram ferð sinni og menn hans. Hann sat á sleða og fór síðast. Maður einn úr liði Steingríms hafði leynst við ána eftir bardagann og veitti þeim eftirför. Hann særði Áskel miklu sári en hljóp að því búnu til sinna manna. Áskell gerði ekki förunautum sínum aðvart en lét konu, er sat hjá honum á sleðanum, binda um sárið. Vissu menn hans ekki um atburð þennan, fyr en daginu eftir þegar Áskell var að bana kominn. Varð þá engum hefndum komið fram á vegandanum. Ingimundur, Ólafur Höskuldsson, Áskell goði, og fáeinir aðrir af bestu mönnum sögualdarinnar voru of göfuglyndir til að hallast að blóðhefndatrú samtíðarmanna sinna. (Reykdælas. 52).

SKÁLDIN. — Á söguöldinni stóðu Íslendingar framar öðrum norrænum þjóðum í öllu, er að skáldskap laut. Þá voru hér á landi fjölda margir menn, sem gátu mælt af munni fram hnyttnar tækifærisvísur. En yfir þann hagyrðingahóp gnæfðu stórskáldin, sem ruddu sér braut til vegs og frama með ljóðum sínum, hvar sem þeir fóru. Skáldin gerðu listina að atvinnuvegi, og ljóðin að útflutningsvöru. Utanfarir voru þá mjög almennar, og þótti sá varla maður með mönnum, er eigi hafði framast erlendis. En fáir áttu í útlöndum jafn góðra kosta völ eins og skáldin, sem fóru land úr landi milli konunga, ortu um þá lofkvæði og fengu að launum metorð, góðar gjafir, hirðvist, klæði, hringa, skrautbúin vopn eða hlaðin skip. Þegar farandskáld þessi ætluðu að yrkja kvæði um

einhvern höfðingja kyntu þeir sér fyrst allar frásagnir um orustur hans og sigurvinninga, ortu síðan kvæðið og lærðu vísu fyrir vísu. Síðan gekk skáldið í höllina, kvaddi konung, og bað um leyfi að flytja kvæðið. En er leyfið fékst, hneigði skáldið sig fyrir konungi og mælti fram kvæðið hátt og skýrt, svo að hvert orð heyrðist um alla höllina. Mikið var undir því komið að kvæðin væru skörulega flutt. Oftast launaði konungurinn kvæðið undir eins. Englandskonungur gaf *Gunnlaugi ormstungu* að kvæðislaunum skinndregna skarlatsskikkju, en Sigtryggur Írakonungur vildi gefa honum tvo knerri. Þá mælti féhirðir konungs: „Of mikið er það. Aðrir konungar gefa að bragarlaunum gripi góða, sverð eða gullhringa“. Þá varð úr að konungur gaf Gunnlaugi ný skarlatsklæði og gullhring.

Hallfreður vandræðaskáld var í Noregi og hafði kristnast fyrir fortölur Ólafs Tryggvasonar. Þá vildi hann flytja konungi kvæði, en Ólafur taldist undan að hlýða því. Hallfreður mælti: „Þú munt því ráða, en týna mun eg þá þeim fræðum, er þú létst mér kenna. Eru þau eigi skáldlegri en kvæði það, er eg hefi um þig ort“. „Sannarlega máttu heita vandræðaskáld“ mælti konungur „og skal eg heyra kvæðið“. Þá gaf Ólafur honum gott sverð. Margar aðrar gjafir þáði Hallfreður fyrir kveðskap sinn: Öxi silfurrekna, hjálm, skikkju, gullhring, sverð o. m. fl. Þó var enn betur launað, þegar skáldi var gefin upp dauðasök fyrir eitt kvæði. Svo fór Eiríki blóðöx við Egil Skallagrímsson, og voru þar þó ærnar sakir. Kvæði Egils heitir „Höfuðlausn“ og er snildarverk. Flest íslensku skáldin leituðu heim til átthaganna, er þeir höfðu hlotið frægð og fé erlendis; þó ílendust fáeinir hinir bestu með erlendum konungum, urðu hirðskáld þeirra og virktavinir. Einn þeirra var *Sighvatur skáld*. Hann var svo mikill vinur Ólafs helga, að hann svaf í herbergi konungs. Sonur Ólafs var Magnús

góði. Hann var í fyrstu harður og strangur við landsfólkið. Þoldu menn það illa og höfðu í heitingum að drepa Magnús en enginn þorði að segja konungi hvar komið var. Þá orti Sighvatur kvæði, er hann nefndi *Bersöglisvísur*. Segir hann konungi um hug og áform bænda, og til hvers muni leiða. Þá gefur hann konungi ráð, og minnir hann á atvik úr sögu hinna fyrri konunga, sem varast beri eða séu til fyrirmyndar. Konungur gerbreyttist við kvæðið, varð allra manna mildastur og drenglundaðastur við óvini sína. (Hallfr.s. 17. Gunnl.s. 22. 40 Íslendingaþættir 239–40).

LEIKIR OG ÍÞRÓTTIR. — Fornmenn iðkuðu mikið ýmiskonar líkamsæfingar, bæði sér til gamans, og til að styrkja og herða líkamann. Þetta voru helstu íþróttirnar: *Sund, glímur, knattleikar, hlaup, stökk, skauta- og skíðaferðir, kastæfingar og skilmingar.*

Allir frjálsbornir sveinar æfðu eina eða fleiri af þessum íþróttum frá blautu barnsbeini. *Sundið* var ákaflega almenn íþrótt; jafnvel þrælarnir voru syndir. Þar sem laugar voru, notuðu menn þær til sundnáms og æfinga, en engu að síður var synt, þó að ekki væri kostur á nema köldu vatni. Bringusund var algengast. Ekki var stefnt svo mjög að því að vera hraðsyndur á sprettinum, heldur hinu að vera þolinn, og vel kafsyndur. Var það hin mesta unun góðra sundmanna að færa andstæðingana í kaf og halda þeim, sem lengst niðri í vatninu. *Glíman* varð þjóðleikur Íslendinga, þegar í fornöld, og er líklega fundin upp hér á landi, því að í Noregi er mest talað um hryggspennu. Glímt var á sama hátt og nú, þannig að tveir áttust við og reyndu með margskonar fótabrögðum að fella hvor annan. Reyndi þar fremur á snarræði og lipurð, en krafta. Bæði var glímt inni í húsum og úti á sléttum, hörðum völlum. Glíman kom oft að

haldi í vopnaviðskiftum er annar hafði brotið eða mist vopn sín. Sætti hann þá færi að hlaupa undir andstæðing sinn og fella hann með ýmiskonar glímubrögðum. *Knattleikur* var önnur uppáhaldsíþrótt fornmanna. Hann var mest iðkaður um vetur, á harðvelli eða ísum. Það var alsiða, að menn frá mörgum bæjum komu daglega til slíkra leikmóta, þegar veður voru hagstæð. Gengu sumir þar að leikum en aðrir horfðu á, en hver fór heim til sín að kveldi. Sumstaðar bygðu menn sér leikskála á hentugum stöðum og lágu þar við, viku eða hálfan mánuð, til að stunda knattleika. Í knattleik var leikmönnum skift í tvo flokka, en þó léku aðeins tveir saman. Best þótti fara á því, að leiknautar væru mjög jafnir að afli og atgervi. Þeir höfðu í félagi knött og knatttré, hvortveggja úr tré. Knötturinn var ekki stærri en það, að vel mátti ná á honum taki með annari hendi. Knatttréð var dálítil kylfa, gildari í annan endann. Knötturinn var sleginn með trénu. En fyrir kom það, að knatttréð var líka notað fyrir barefli á mótstöðumanninn. Samhliða merkjalínur voru dregnar á bak við leiknautana, og var leikvöllurinn milli línanna. Sigurinn var í því fólginn að koma knettinum út yfir merkilínu andstæðingsins. Var þar fáum reglum fylgt, heldur þótti sá bestur, er slyngastur var að koma knettinum út yfir línuna, hvort sem honum var velt, sparkað, kastað eða barinn með hnefanum. Þess vegna urðu oft áflog og meiðingar við knattleiki, og bar sá sigur af hólmi, sem sterkastur var. *Hlaup* voru mikið æfð, bæði einstök og í sambandi við knattleikana. Sama er að segja um *stökk*, enda var stökkfimi bráðnauðsynleg öllum vígamönnum. Gunnar á Hlíðarenda stökk hæð sína upp í loft í öllum herbúnaði og um Skarphéðinn er frægt hlaupið mikla yfir álinn í Markarfljóti. Á ísum rendu menn sér *fótskriðu* og á *skautum*. Þá þektu menn ekki málmskauta, en rendu sér á *ísleggjum*, en það

voru afturfótaleggir stórgripa. *Skíðaferða* er ekki getið á Íslandi í fornsögunum, en þær hljóta að hafa verið iðkaðar hér á landi, því að landnámsmenn þektu íþróttina í Noregi. *Kastfimi* þótti mikilsverð íþrótt, því að í orustum var oft barist með steinkasti og spjótskotum. Þá kom sér vel að vera hæfinn og beinskeytur. Skotfimi lærðu menn við að kasta steinum eða spjótum í mark, en stundum æfðu menn sig með skotvendi. Það var kollótt prik á þyngd við spjót. Tveir leiknautar köstuðu skotvendinum milli sín og tóku á lofti. Á því urðu menn fimir að skjóta spjótum og grípa þau á flugi. Af þessu má sjá að fornmenn höfðu mjög fjölbreytilegar íþróttir, og eru þó ekki allar hér taldar. (Gíslas. 16. Grettiss. 225).

FUNDIÐ GRÆNLAND. — Á söguöldinni gengu óljósar sagnir um, að í vesturátt frá Íslandi væri stórt, óbygt land, og áttu sjóhraktir menn að hafa orðið þess varir. Þetta frétti vestfirskur höfðingi, er hét Eiríkur rauði. Hann var vígamaður mikill og átti marga óvini, er sátu um líf hans, svo að honum þótti varla vært í landinu. Kom Eiríki þá til hugar að leita þessa vestlæga lands og festa þar bygð sína. Bjó hann nú skip sitt og sigldi í vesturátt frá Snæfellsnesi og leið eigi á löngu, áður en hann sá til jöklanna á Grænlandi. Kom hann nær austurströndinni, en mun hafa séð, að hún var óbyggileg fyrir ís og snjó. Eiríkur hélt þá suður með ströndinni, fyrir syðsta höfða á Grænlandi og norður með landinu vestanverðu. Fann hann þar marga langa firði vel byggilega. Gengu inn frá þeim dalir fagrir og grösugir. Skógur óx í hlíðunum neðanverðum, en alt voru jöklar hið efra. Sjórinn var kvikur af fiski og selum, en gnótt fugla í björgum og úteyjum. Eiríkur vildi gefa landinu fallegt nafn, svo að menn fýsti þangað, og nefndi það *Grænland*. Hann kannaði landið allvel en sigldi að því búnu heim til Ís-

lands og sagði frá landfundinum. Svo fór, sem Eirík grunaði, að marga fýsti til Grænlands; fóru 25 skip þangað frá Íslandi hið næsta sumar og fylgdu tilvísun Eiríks, er þá flutti vestur alfarinn. Ekki komust þó nema 14 af skipunum alla leið. Hin lentu í hafvillum og týndust eða snéru aftur til Íslands. En þrátt fyrir þessar hrakfarir héldu Íslendingar áfram Grænlandsferðum og brátt var landið alnumið, þar sem landkostir leyfðu. Grænland var nokkurskonar Nýja-Ísland. Atvinnuvegir, byggingar, lög, venjur, mál og menning var hið sama í báðum löndunum. Eiríkur rauði varð þar mestur höfðingi og að honum látnum héldust í ætt hans bæði völd og auður um langa stund.

VÍNLAND HIÐ GÓÐA. — Eiríkur rauði átti son, er Leifur hét. Hann var fæddur á Íslandi en fluttist þaðan til Grænlands með föður sínum. Hann var mikill fyrir sér eins og faðir hans. Eitt sumar var Leifur staddur í Noregi og vildi sigla þaðan beint til Grænlands. Það var árið 1000 og 18 árum eftir að faðir hans fann Grænland. Leifur lét nú í haf, en vindar og hafstraumar báru hann suður á bóginn, uns hann kom að landi einu mjög fögru og frjósömu. Þar óx vínviður sjálf-sáinn og margir aðrir suðrænir viðir. Leifur nefndi landið *Vínland hið góða*. Vita þóttist hann, að Grænland væri þaðan í norðurátt. Siglir hann nú þá leið og nær heim um haustið. Þótti honum giftusamlega hafa tekist förin. Var hann af því kallaður Leifur hepni. Ekki fór Leifur aðra ferð til Vínlands, en nokkrir landar hans leituðu þangað og vildu festa þar bygð. Fluttu þeir með til Vínlands kvikfé og aðrar nauðsynjar, en eigi varð þó af landnámi. Sundurþykki kom upp í nýbygðinni, en verra var þó hitt, að frumbyggjar landsins, er Grænlendingar nefndu *Skrælingja*, ásóttu aðkomumennina. Voru þeir fjölmennir og gerðu

áhlaup mjög að óvörum, svo að ilt var að reisa rönd við þeim, þó að Grænlendingar hefðu vopn betri og væru menn hraustari. Fór svo að landnemarnir sneru heim til Grænlands aftur en Vínland týndist, og fanst eigi aftur fyr en fimm öldum síðar, er Kolombus sigldi þangað. En þá var landið nefnt Ameríka og þrekvirki Leifs gleymt.

TRÚARSKIFTIN. — Um það leyti sem Ísland bygðist voru á Norðurlöndum tímamót í trúarlegum efnum. Ásatrúin var óðum að hnigna. Margir menn voru orðnir blendnir í trúnni og fylgdu blótunum og öðrum helgisiðum ásatrúarinnar, með hálfum huga. Um suma menn, einkum þá sem miklir voru fyrir sér, er sagt að þeir hafi trúað á mátt sinn og megin. Þá hafði kristna trúin breiðst út um alla álfuna sunnanverða. Bretlandseyjar voru kristnar og Þýskaland að miklu leyti. Frá þessum tveim löndum barst nú kristna trúin til Norðurlanda, einkum til Danmerkur og Noregs. Á Íslandi gætti kristninnar lítið, fyrstu áratugina eftir byggingu landsins. Reyndar voru sumir af landnámsmönnunum kristnir, t. d. Auður djúpúðga, og fleiri sem komu vestan um haf. En um aldamótin 1000 nær öflug kristin trúboðshreyfing til Íslands, og eru tveir menn þar brautryðjendur. Annar hét *Þorvaldur víðförli* og var Íslendingur. Hinn var *Ólafur Tryggvason* Noregskonungur.

ÞORVALDUR VÍÐFÖRLI. — Sá maður sem fyrstur boðaði kristna trú á Íslandi var bæði víkingur og kristniboði, vígamaður og göfugmenni. Þorvaldur var fæddur og alinn upp í Húnavatnssýslu en fór ungur í siglingar og víkingaferðir. — Var hann um stund í liði Sveins Danakonungs og þótti hinn mesti atgerfismaður, hraustur og djarfur í orustum, en svo mildur og drenglynd-

ur við óvini sína að furðu sætti. Oft fékk hann hertekna menn í sinn hlut eftir unninn sigur. Þeim gaf hann öllum frelsi og bað þá heim fara. Varð Þorvaldur af þessu frægur og vinsæll. Eitt sinn sat Sveinn konungur að veislu með tveim öðrum konungum. Mælti þá einn hirðmanna, að eigi mundi annað borð betur skipað en það, er þeir sátu við konungarnir. Þá mælti Sveinn, „Finna mun eg þann útlendan bóndason, er í engu hefir minni göfugleik en við þrír konungar. Hann er svo vitur, sem spökum konungi hæfir að vera, styrkur og hugdjarfur, sem hinn öruggasti berserkur og svo góðháttaður, sem hinn siðugasti spekingur.“ Þessi maður var Þorvaldur. Eigi undi hann þó til lengdar víkingalífinu; fór hann suður í lönd og var þar skírður af Friðriki biskupi í Saxlandi. Þeir urðu vinir og gerði biskup það fyrir bænarstað Þorvaldar að fara með honum kristniboðsferð til Íslands. Lá Þorvaldi einkum á hjarta að snúa föður sínum til kristinnar trúar, og öðrum landsmönnum, ef hann mætti.

Þeir félagar komu til Íslands árið 981. Dvöldust þeir hinn fyrsta vetur hjá föður Þorvaldar, skírðu hann og flest heimafólk hans. Um vorið fluttu þeir þaðan og bjuggu í fjögur ár á jörð einni þar í nágrenninu. Fóra þeir þaðan kristniboðsferðir í ýmsar áttir, einkum um Vestur- og Norðurland og snéru ýmsum með fortölum sínum. Var Þorvaldur túlkur, því að biskup skildi eigi málið. Brátt óx þó óvild heiðinna manna gegn þeim. Lét höfðingi einn norðlenskur gera um þá níðvísur. Þá vaknaði víkingseðlið í Þorvaldi og drap hann nokkra af þeim, er mest höfðu gert á hluta hans. Fór svo að heiðingjar gerðu þá útlæga úr landinu. Biskupi líkaði illa vígamenska Þorvaldar og varð það til, að þeir skildu. Fór biskup heim aftur til Þýskalands, en Þorvarður tók upp sína fyrri hætti. Fór hann suður í lönd, til Miklagarðs og

þáði þar sæmdir af keisaranum. Síðan hélt hann til Rússlands, stofnaði þar klaustur og dó þar. Vel má vera, að hann hafi heldur viljað bera beinin á ættlandi sínu, en vitað sem var, að hann mundi ekki eiga samleið við landa sína.

ÓLAFUR TRYGGVASON. — Nú liðu 10 ár frá því Íslendingar gerðu Þorvald og Friðrik útlæga. Þá kom til ríkis í Noregi Ólafur Tryggvason. Hann var allra manna glæsilegastur, mikill og sterkur, bjartur á hörund, eygður manna best, manna vopnfimastur og svo vel að sér ger um allar íþróttir, að hann hitti aldrei neinn sér snjallari. Ólafur var vel viti borinn, örlyndur í skapi en grimmur og slægur er því var að skifta. Hann hafði legið í víking um mörg ár, áður en hann varð konungur. Á Englandi kyntist hann kristinni trú og lét skírast. Eftir það var trúboðið honum hið mesta áhugamál. Og er hann var orðinn konungur í Noregi tók hann að kristna landsfólkið. Ekki hafði andi kristindómsins mýkt huga hans. Honum og mörgum trúboðum þeirrar aldar var nóg, ef trúskiftingarnir voru skírðir og kristnir að nafninu til. Braut nú konungur heiðingjana til að kristnast. Suma tókst honum og prestum hans að sannfæra að nafninu til. Aðra keypti hann með fégjöfum eða vegtyllum til að taka trúna, og suma hræddi hann og kvaldi, uns þeir létu undan í orði kveðnu. Við óvini sína var hann miskunarlaus að víkingasið: brendi þá, limlesti eða lét grimma hunda rífa þá sundur. Eigi var Ólafi nóg að kristna Noreg, heldur vildi hann einnig snúa Færeyingum, Íslendingum og Grænlendingum til kristinnar trúar. Leifur hepni var á leið frá Noregi, nýskírður, er hann fann Vínland. Til Íslands sendi konungur mann, er *Stefnir* hét. Hann var Íslendingur og hafði lengi verið á ferðum með Þorvaldi víðförla. Honum var nauðugt að fara

til Íslands, en varð þó að beygja sig fyrir konungi, sem aðrir menn hans. Stefnir var eitt ár á Íslandi. Honum varð lítið ágengt með trúboðið. Tók hann þá það ráð að fara með flokk manna um landið, og brjóta hofin en brenna goðin. Varð hann af þessu mjög óþokkaður af heiðnum mönnum. Þá voru gerð á alþingi þau lög, að hver sá sem lastaði goðin eða óvirti þau, skyldi útlægur úr landinu, og frændur hins seka framfylgja dómnum. Þótti þeim bera mest skylda til þess, því að trúníðingar væru frændaskömm. Þegar Stefnir kom til Noregs, sagði hann Ólafi konungi, að torsótt mundi að kristna Íslendinga.

ÞANGBRANDUR. — Þegar Ólafur konungur sá, að Stefnir fékk engu áorkað, sendi hann til Íslands þýskan prest, er *Þangbrandur* hét. Var klerkur sá í mörgu líkur konungi: víkingur að lunderni, vígamaður mikill, en hélt sig vera kristinn. Þar að auki hafði Þangbrandur prestsmentun. Konungur hafði fengið honum brauð gott í Noregi, en prestur lifði í sukki og sællífi meðan eignirnar hrukku. En er þrotin voru föng öll, safnaði hann um sig flokki óaldarmanna og rændi í bygðinni. Þetta fréttir konungur og líkar stórilla; hótar hann nú Þangbrandi afarkostum. Varð hann að vinna það sér til friðar, sem þá þótti einna erfiðast, að fara kristniboðsferð til Íslands. Fær konungur honum skip vel búið og allan messuskrúða. Lætur nú Þangbrandur í haf og kemur að Austurlandi, sunnarlega, haustið 997. En er heiðnir menn vissu erindi hans, vildu þeir honum í engu liðsinna, og kom hann ekki skipi sínu í höfn. Þá bjó þar nærri Síðu-Hallur, einn hinn besti maður á landinu og mikill höfðingi. Hann bauð Þangbrandi og mönnum hans vetursetu. Voru þeir félagar þar í góðu yfirlæti um veturinn. Þangbrandur messaði í tjaldi sínu, því að engin var kirkjan. Boðaði prestur nú

trú Halli og fólki hans og var það alt skírt. Um vorið heldur Þangbrandur í trúboðsferð vestur um Suðurland og varð vel ágengt. Skírði hann marga hina helstu höfðingja t. d. Flosa á Svínafelli, Njál og fólk hans, Gissur hvíta, Hjalta Skeggjason og marga aðra. Víða mætti hann mótspyrnu. Þá gekk hann á hólm við óvini sína eða barðist við þá, og hafði jafnan sigur. Síðan fór Þangbrandur um Vesturland og nokkur héruð af Norðurlandi og varð allvel ágengt. Kristnir menn mynduðu nú töluvert fjölmennan flokk, sem hélt vel saman móti heiðingjum. Eftir tveggja vetra dvöl á Íslandi fór Þangbrandur heim til Noregs. Bar hann Íslendingum illa söguna og var konungur þeim hinn reiðasti.

KRISTNITAKAN. — Tveir af höfðingjum þeim, sem Þangbrandur hafði skírt, fóru til Noregs sama sumar og hann. Það voru þeir *Hjalti Skeggjason* og *Gissur hvíti*. Höfðu heiðnir menn gert Hjalta útlægan í þrjá vetur fyrir níðvísu, er hann orti um hina fornu guði. Að vísu reyndu trúarbræður Hjalta að veita honum lið, og varð dómurinn ekki settur, vegna aðgöngu þeirra, fyr en fjandmenn Hjalta létu há dóminn á Öxarárbrú og vopnaða menn gæta brúarsporðanna. Hjalti var tengdasonur Gissurar. En er þeir komu til Noregs, var þar fyrir fjöldi íslenskra manna, og margir þeirra heiðnir. Höfðu þeir frétt, að konungur mundi þröngva þeim til kristni. Þeir vildu forðast það, og lágu ferðbúnir að láta í haf, en gaf eigi byr. Nú fréttir konungur til Íslendinga þessara og skipar þeim á sinn fund og verða þeir að hlýða því. Voru þar samankomnir margir göfugir menn, synir og bræður ýmsra helstu höfðingja á landinu. Konungur var þá svo reiður, að hann kvaðst vilja láta drepa eða limlesta alla þá Íslendinga, er heiðnir voru og þar staddir. Þá gengu fram Gissur og Hjalti og báðu löndum sínum griða. Gissur taldi

til frændsemi við konunginn; kvað hann þess von, að kristnin mætti ná fram að ganga á Íslandi, ef farið væri að með ráðum og gætni. „En Þangbrandur“ sagði hann „fór þar að sem hér, heldur óspaklega; drap hann þar menn nokkra og þótti mönnum hart að þola það af útlendum manni“. Hétu þeir Gissur og Hjalti konungi umsýslu sinni að tekið yrði við kristninni á Íslandi. Við þetta sefaðist konungur og gaf Íslendingum grið, með því skilyrði, að þeir tækju skírn og það varð. Þó hélt konungur eftir hjá sér fjórum helstu höfðingjasonunum íslensku. Gerði hann það til þess, að ættmenn þeirra ættu nokkuð á hættu, ef seint gengi að fá kristindóminn lögleiddan á Íslandi.

Gissur og Hjalti eru nú þann vetur í góðu yfirlæti við hirðina. En snemma um sumarið láta þeir í haf. Fékk konungur þeim nokkurt fé til styrktar trúboðinu, og sjö presta, er skyldu skíra Íslendinga. Þeir mágarnir koma til Vestmannaeyja um það leyti, er menn riðu til alþingis, og berast skjótt til þings fregnir um, hvaða menn konungur hafi í gislingu. Gissur og Hjalti hraða nú ferðinni sem mest þeir mega. Hjalti var sekur maður, því að hann hafði ekki verið nema einn vetur utan, og var honum því hætta búin að koma fáliðaður til þings. Þetta vissu kristnir menn, er á þingi voru. Riðu þeir því austur að Hrafnagjá móti þeim félögum og síðan til þings. Lá þá nærri að barist yrði, en vinir beggja gengu á milli og fengu afstýrt vandræðunum. Var nú alt kyrt þá nótt. En snemma næsta morgun syngja allir prestarnir messu á eystri bakka Almannagjár. Mátti þaðan sjá athafnir þeirra og heyra sönginn víða að af Þingvöllum. Eftir messu héldu þeir Gissur og Hjalti ræður frá lögbergi, mæltu með kristninni, mintu á hve vel þeir hefðu dugað Íslendingum, þeim er urðu fyrir reiði konungs haustið áður, og að heiðingjum mundi erfitt að ganga móti giftu og vilja Ólafs

konungs. En er er þeir höfðu talað, urðu óhljóð og háreisti hvarvetna, því að kristnir menn og heiðnir sögðu sundur með sér lögum, friði og griðum. Þá kom sendimaður á þingið og kvað jarðeld upp kominn, skamt frá Ingólfsfjalli, og hraunið stefna á bæ eins hálfkristna goðans. Þá sögðu heiðingjar: „Ekki eru undur, þó að goðin reiðist slíkum tölum“. Snorri goði svaraði: „Hverju reiddust goðin er jörð brann, þar sem nú stöndum vér?“ Urðu nú flokkadrættir og viðsjár á þinginu. Síðu-Hallur var fyrir kristnum mönnum en Þorgeir Ljósvetningagoði fyrir heiðingjum. Þeir voru báðir aldraðir menn, *vitrir og góðgjarnir*. *Þótti þeim og mörgum hinna* gæflyndari manna komið í óefni mikið og vildu fegnir koma á sáttum. Varð það úr að Hallur og Þorgeir sömdu með sér, að Þorgeir einn skyldi segja upp sáttagerðina, og lofuðu báðir málspartar að halda þá sætt er hann gerði. Skyldu báðir málsaðilar fá nokkuð af því, er þeir vildu: Kristna trúin verða löghelguð, en kristnu mennirnir gangast undir hið veraldlega vald fornu goðanna. En fáir vissu um samkomulagsatriðin. Þorgeir hugsaði mál sitt vandlega í tvo daga, en kvaddi þá allan þingheim saman og talaði frá lögbergi. „Vér skulum allir“ sagði hann „hafa ein lög og einn sið, því ef vér slítum í sundur lögin, munum vér einnig slíta friðinn“. Þá bauð hann að allir menn, sem óskírðir vóru, skyldu skírast og taka kristna trú. En heimilt var mönnum að bera út börn, eta hrossaket og blóta á laun, ef eigi varð sannað með vottum. Margir heiðnir menn þóttust sviknir af Þorgeiri en sættu sig þó við orðinn hlut. Bót í máli var, að þeir máttu blóta á laun, og halda ýmsum heiðnum venjum. Þá voru og sumir deigir að beitast móti kristninni, af því þeir áttu vandamenn í haldi hjá Ólafi konungi. Enn voru og sumir af höfðingjum landsins, sem heldur vildu beygja sig fyrir konungi í trúmálunum, en hætta á, að hann legði landið undir sig um leið

og hann kristnaði það. Fór því svo að þingi sleit friðsamlega. Prestar Ólafs konungs skírðu heiðingjana, suma á Þingvöllum, en fleiri þó við heitar laugar skamt frá. Síðan voru hofin brotin niður og gekk Þorgeir þar á undan. Þegar hann kom heim af þinginu, kastaði hann goðunum úr hofi sínu í foss í Skjálfandafljóti, sem síðan heitir Goðafoss. Fregnin um kristnitökuna barst til Noregs snemma um sumarið og varð konungur glaður við. Litlu síðar lagði hann af stað í Vindlandsferð sína og féll þá, á áliðnu sumri, árið 1000 (Njála 142—53).

KAÞÓLSKA KIRKJAN. — Þegar Íslendingar tóku kristni voru liðnar því nær tíu aldir frá því, að Kristur flutti boðskap sinn. Þennan langa tíma höfðu kenningar hans verið að berast vestur og norður um álfuna, uns þær komu til Norðurlanda. En á þessu ferðalagi hafði kristnin breytst til stórra muna, gruggast eins og fjallalækur, sem seitlar gegn um leirmýri, litast af grimd og fávisku hálfviltra þjóða eins og sólargeisli, sem fellur gegnum litað gler. Kristnin var orðin að hálf-andlegu og hálf-veraldlegu félagi, *kaþólsku kirkjunni*; hún hafði lagað sig eftir mönnunum, sem hún vildi drotna yfir, en um leið týnt miklu af göfgi sinni. Á Íslandi var kirkjan litilþæg í fyrstu. Hún krafðist, að menn *viðurkendu að þeir væru kristnir*, og að þeir *létu skírast*. Bestu menn heiðninnar höfðu snúist vegna sannra yfirburða kristninnar. En allur fjöldinn hafði látið undan síga af rænuleysi eða veraldarhyggju. Fyrstu áratugina eftir trúarskiftin náði kristnin engum tökum á huga þjóðarinnar. Menn sáu helst og virtu hinn ytri búning: Skrautið í kirkjunum, skrúða prestanna, klukknahringingar, kórsönginn, angan reykelsisins og hið bjarta skin ljósanna. Dýrlingadýrkunin létti trúarskiftin þeim, sem vanir voru að trúa á og tilbiðja marga guði, og hafa myndir af þeim. Dýrlingarnir voru nokkurskonar hálfguðir, verur, sem stóðu mitt á milli guðs og manna og áttu vingott við báða. Næst á eftir kristnitökunni voru *kirkjubyggingar* helsta áhugamál forgöngumanna kristninnar. Margir af goðunum bygðu kirkjur í stað hofanna. Það var að vísu ekki lögboðið, en nokkurskonar siðferðisleg skylda, að þeir sæu þingmönnum sínum fyrir guðshúsum, er hofin voru rifin. En öllum var frjálst að reisa kirkjur, og klerkarnir ýttu undir

menn í því efni með því fyrirheiti, að hver maður skyldi jafnmörgum mönnum eiga rúm í himnaríki, sem standa mætti í kirkju þeirri, er hann lét gera. Mjög mikill skortur var á lærðum kennimönnum, og var í fyrstu varla völ á nema útlendum prestum. En til að bæta úr þessu tóku margir goðar vígslu, og höfðu prestskapinn í hjáverkum eins og blótmenskuna áður. Aðrir kirkjueigendur fengu sér leigupresta, sem að jafnaði voru mun lakar mentir en goðarnir. Þannig var kirkjan í rúma hálfa öld skipulagslaus; sundraðir frikirkjusöfnuðir víða um land, dálítið af lélegum prestum, og áhugalitlum söfnuðum. Biskupar engir nema einstöku erlendir farandprestar, sem komu til landsins við og við og gerðu sum biskupsverk t. d. að vígja kirkjur og presta.

ÓLAFUR HELGI OG ÍSLENDINGAR. — Nokkrum árum eftir fall Ólafs Tryggvasonar kom til ríkis í Noregi frændi hans *Ólafur Haraldsson*. Hélt hann áfram kristniboðinu í líkum anda og fyrirrennari hans. Ólafur blandaði sér nokkuð í kirkjumál á Íslandi, gaf meðal annars við í kirkju á Þingvöllum og klukku mikla í þá kirkju. Hann hændi að sér marga íslenska höfðingja með vegtyllum og vingjöfum. Þar var eitt sinn við hirð Ólafs helga Íslendingur, er *Þórarinn* hét *Nefjólfsson*. Hann var vitur maður en frámunalega ljótur, einkum mjög illa limaður. Þórarinn svaf í herbergi konungs. Einn morgun vaknar konungur og sér að Þórarinn hafði rétt annan fótinn undan klæðum. „Vakað hefi eg um hríð“ mælti hann „og séð þá sýn, er mér þykir mikils um vert, en það er mannsfótur sá, er eg hygg að enginn skal hér í kaupstaðnum jafnljótur vera“. Þórarinn kvað þar annan finnast mundu ófegri, og nú veðja þeir. Þá brá Íslendingurinn hinum fætinum undan klæðunum og mælti: „Sjá nú hér konungur annan fót, og er sá því ljótari að af er ein táin“. Konungur svarar: Víst er hinn fóturinn því ófegri, að þar eru fimm tær ferlegar en hér eru fjórar. Ólafur sendi Þórarinn þennan síðar til Íslands. Hann fékk hraðbyri svo mikið, að hann sigldi frá Þrándheimi til Eyrarbakka á átta

dægrum. Þing stóð þá yfir. Þórarinn reið þangað, gekk til lögbergs, bað sér hljóðs og mælti: Eg skildist fyrir fjórum nóttum við Ólaf konung. Sendi hann kveðju hingað til lands öllum mönnum, bæði höfðingjum og alþýðu, og það með, að hann vill vera yðar drottinn, ef þér viljið vera hans þegnar, en hvorir annara vinir og fulltingismenn til allra góðra hluta. Þá bað konungur enn, að landsmenn vildu gefa honum Grímsey. Flestir höfðingjar tóku vel þessari málaleitun Þótti *Guðmundi hinum ríka*, sem sér mundi mætari vinátta konungs en það útsker. Þá var *Einar Þveræingur*, bróðir Guðmundar, kvaddur til málanna. Hann kvað ráðlegra að ganga eigi undir skattgjafir og álögur konungs. „Munum vér eigi það ófrelsi gera einum oss til handa, heldur bæði oss og sonum vorum og allri ætt vorri, þeirri er þetta land byggir og mun ánauð sú aldrei hverfa af þessu landi. En um Grímsey er það að ræða, að ef enginn hlutur er þaðan fluttur, sá er til matfanga er, þá má þar fæða her manns. Og ef þar er útlendur her og fari þeir með langskipum þaðan, þá ætla eg mörgum kotbóndanum þykja þröngt fyrir dyrum". En er Einar hafði þetta mælt, þá vildi enginn verða við bæn konungs, og sá Þórarinn þá erindislok sín um þetta mál.

ÍSLEIFUR BISKUP. — Gissur hvíti, sá er fékk kristnina lögtekna á Íslandi, bjó í Skálholti. Hann lét sér ant um vöxt og viðgang kristninnar og sendi einn af sonum sínum, er Ísleifur hét, í klausturskóla suður til Þýskalands og lauk hann þar guðfræðisnámi. Ísleifur erfði Skálholt og goðorðið að föður sínum látnum, en lítið lausafé, svo að honum var bagi að. Þá réðu vinir hans honum að biðja ríkrar og efnilegrar konu, er Dalla hét. Hún átti heima í Húnaþingi. Ísleifur ríður nú þangað norður, hittir föður konunnar og hefir upp bónorðið. Þóndi kvaðst fús til mægðanna, ef Ísleifur

flyttist þangað norður. Ekki vildi Ísleifur yfirgefa föðurleifð sína og mannaforráð og ríður hann nú burtu. Dalla var að heyverkum með öðru fólki á túninu. Spyr hún föður sinn, hverir gestir höfðu þar komið, og að erindum, en hann sagði sem var. Dalla mælti: Eg hefi þann metnað að vilja eiga hinn helsta manninn og með honum hinn göfugasta soninn, er á Íslandi mun fæðast. „Ekki hafa þín ráð mátt lítið hér til“ svaraði faðir hennar, og lét senda eftir Ísleifi. Fékk hann hennar og tók hún við búsforráðum í Skálholti. Líða nú fram tímar. Þá kemur þar að landsmenn biðja Ísleif að taka biskupsvígslu og verða biskup yfir Íslandi og það verður úr, að hann siglir til Þýskalands og er þar vígður árið 1056. Heldur varð honum erfið tignarstaðan. Hann sjálfur áhugamikill og hinn besti kennimaður, en landsmenn hins vegar tómlátir um trúmálin, prestar fáir og lítt mentir og margir höfðingjar ósiðlátir, fullir ofurkapps og metnaðar. Átti hann ávalt óhægt bú með peninga; voru föng lítil en aðsókn mikil og gestakomur. Ísleifur sá að aldrei yrði bót ráðin á þessum vandkvæðum kirkjunnar nema því að eins, að prestar væru betur mentir. Þess vegna kom hann á stofn prestaskóla í Skálholti og kendi þar mörgum ungum mönnum. Þegar biskup lá banaleguna, báðu menn hann að benda á þann, er best væri fallinn til að vera eftirmaður hans. Ísleifur gerði það, en sagði þó, að seint yrði auðið biskups á Íslandi, ef menn hétu eigi að vera við hann sæmilegar en þeir hefðu við hann verið.

GISSUR ÍSLEIFSSON. — Eitt sinn var Gissur sonur Ísleifs og Döllu staddur í Noregi og varð tíðrætt um hann við hirð Haralds konungs harðráða. Þá mælti konungur: Af Gissuri má gera þrjá menn. Hann má vera víkingahöfðingi og er til þess vel fenginn. Þá má hann og vera kon-

ungur af sínu skaplyndi og í þriðja lagi biskup og er hann til þess best fallinn. Það mun hann hljóta og þykja ágætismaður. Gissur hafði fengið prestsmentun í Þýskalandi eins og faðir hans. Síðan var hann í förum, fór víða um lönd og græddist fé. Gissur var mikill vexti, bjarteygður, tígulegleg ur í yfirbragði, rammur að afli og vitur. Hann varð biskup í Skálholti eftir föður sinn árið 1082. Höfðu Íslendingar mjög sótt á hann að taka að sér vegsemd þessa, en hann var tregur til. Minti hann höfðingjana á dánarorð föður síns, og tók þá fyrst við embættinu, er þeir höfðu lofað að hlýðnast boðum hans og fyrirskipunum um alt, er að kirkjumálum laut. Settist nú Gissur að í Skálholti og tók tign og virðingu mikla svo að hver vildi sitja og standa, sem hann bauð. Var svo kallað að Gissur væri bæði konungur og biskup yfir landinu, meðan hann lifði. Þá var friður góður í landinu og deilur nær því engar með höfðingjum, því að biskup bar ægishjálm yfir þá, og leið engum að hafa í frammi ofsa eða ójöfnuð. Gissur sá að kirkjan þurfti að hafa miklar fastar tekjur, svo að starfsmenn hennar væru óháðir öllu veraldlegu valdi. Hann reisti mikla kirkju í Skálholti og gaf síðan kirkjunni jörðina, og mikið annað fé í fasteignum og lausum aurum. Kvað hann svo á, að þar skyldi ávalt vera biskupsstóll, meðan Ísland bygðist og kristni héldist í landinu. Þá var sá siður *kominn á suður í löndum, þar sem kristni var rótgróin*, að allir menn, sem nokkrar eignir áttu, guldu árlega skatt til kirkjulegra þarfa, og var það kölluð *tíund*. Á Norðurlöndum gekk víða illa að koma á skatti þessum, og stóðu um hann langvinnar deilur. En með yfirburða skörungsskap tókst Gissuri að fá Íslendinga til að játast undir tíundargjaldið möglunarlaust. Tíundinni skyldi skifta í fjóra staði: Einn hlut handa biskupi, annan til kirkna; þriðja skyldu kennimenn hafa en fjórða fátækir. Þannig var hver landsmaður skattskyldur

biskupi og varð það feiknamikið fé, er safnaðist á biskupsstólinn. Hlutur biskupsins var sýnilega bestur, þó að bæði prestum og kirkjum væri hinn mesti styrkur að þessum almenna skatti. Gissur kom fyrstur manna föstu skipulagi á íslensku kirkjuna. Hann tók við kirkjunni fátækri og máttvana, en gerði hana að stórveldi í landinu.

JÓN BISKUP HELGI. — Einn af lærisveinum Ísleifs biskups var *Jón Ögmundsson*, fyrsti biskup á Hólum. Jón var mikillar ættar, kominn af Síðu-Halli. Foreldrar hans voru vel efnuð. Þegar Jón var barn að aldri breyttu faðir hans og móðir ráði sínu og fóru utan með sveininn. Þau komu til Danakonungs og fengu góðar viðtökur; sat móðir Jóns hið næsta drotningunni í hirðveislu. Margar dýrar krásir voru á borðum, og varð sveininum það fyrir, sem barna er háttur, að hann rétti hendur til þeirra hluta, er hann fýsti að hafa. Þá drap móðir Jóns hendi við honum en drotning mælti: „Gjör eigi svo. Þetta eru biskups hendur". Eigi miklu síðar snéru þau hjónin, Ögmundur og kona hans, heim til Íslands, og ólst Jón upp með þeim, uns þau fengu hann Ísleifi biskup til fósturs og menningar. Biskup hafði miklar mætur á sveininum, og Jón unni Ísleifi svo, að hann kvaðst ætíð minnast fóstra síns, er hann heyrði góðs manns getið. Þegar Jón hafði lokið námi í Skálholti fór hann utan og suður í lönd. Hitti hann konunga og stórhöfðingja og þá sæmdir af þeim. Á þessari ferð kom hann til Noregs. Þar voru þá staddir margir Íslendingar í Niðarósi, eigi færri en þrjú hundruð. Þá bar svo til að Íslendingur einn, Gísl að nafni, drap einn af hirðmönnum konungs, og hefndi með því föður síns. Konungur lét varpa Gísl í fangelsi, en Íslendingar brutust inn í dýflissuna, leystu fangann og tóku hann í sinn flokk. Þá mælti einn konungsmanna: „Reiðst hefir Magnús konungur um

minni mótgerðir, en að drepinn sé hirðmaður hans af þeim mörfjöndunum". Íslendingar gengu til dómstefnu, þar sem konungur var fyrir. Teitur sonur Ísleifs biskups, en bróðir Gissurar, var helst fyrir flokknum. Hann vildi færa fram vörn fyrir Gísl en konungur bað hann þegja; kvað maklegt að úr honum væri skorin tungan. Þá bað Jón prestur um orðið og fékk hljóð. Hann ógnaði konungi með eilífri glötun, sem biði þeirra valdsmanna, er dæmdu ranga dóma. „Hyggið nú að, herra konungur" mælti hann „hvor eldurinn muni vera heitari og langærri, sá er lagður er í eikistokkinn, eða kveiktur er í þurru limi". „Stritt hefir þú talað prestur" mælti konungur, er Jón hafði lokið ræðu sinni. Fór svo, að konungur gaf Gísl upp sakir og gerði hann að hirðmanni sínum.

Í biskupstíð Gissurar Ísleifssonar báðu Norðlendingar, að þeir mættu fá sérstakan biskup, kváðu erfitt að ná biskupsfundi þaðan. Gissur biskup varð við bæn þeirra og valdi Jón til starfsins. Jón fór utan og var vígður í Lundi árið 1106. Svo stóð á, er Jón kom í Lund, seint um dag, að erkibiskup var í kirkju með prestum sínum og hlýddi aftansöng. Jón gekk í kirkju og tók undir sönginn. Hann var manna raddfegurstur. Erkibiskup hafði harðbannað klerkum sínum að líta úr kórnum fram í kirkjuna meðan stæði á messugerð, en nú varð honum það á sjálfum. „Rödd hefir borið fyrir eyru mér" mælti hann „þá er eg hefi eigi slíka fyr heyrða, og heldur má hún þykja englaröddum lík en manna". Jón var tvígiftur áður, og varð því ekki að kirkjunnar lögum vígður, fyr en páfinn gaf sitt samþykki. Prestur einn í Skagafirði gaf jörðina *Hóla í Hjaltadal* fyrir biskupssetur. Flytur nú Jón biskup þangað og stýrir umdæmi sínu með mikilli rögg og skörungsskap. Hann gerði skóla á staðnum til að kenna prestsefnum. Sparaði hann ekkert til, og fékk ágæta menn

erlenda sér til aðstoðar. Prédikuðu sumir þeirra með biskupi og þótti mikið að kveða. Jón biskup var trúmaður mikill og mælskur, svo að unun þótti á að hlýða. Safnaðist þessvegna múgur og margmenni viðsvegar að, stundum svo hundruðum skifti, heim að Hólum, til að heyra biskup messa. Margir réðust þangað búferlum og bygðu sér hús umhverfis kirkjugarðinn. Fluttu sumir með sér vistir og fæddu sig sjálfir en aðrir þágu beina á stólbúinu. Jón biskup var strangur og siðavandur. Réðist hann á margar menjar heiðindómsins, er honum þóttu óguðlegar, en í stað hinna fornu siða vandi hann menn á að fylgja hegðunarreglum kirkjunnar. Áður voru sumir vikudagarnir kendir við hina fornu guði: Óðinn, Þór og Frey, en Jón breytti því, í það horf sem enn er haldið. Hann var hinn fyrsti strang-kirkjulegi biskup í landinu, gæddur eldmóði trúarinnar og brennandi mælsku.

BISKUPAR. — Það var hvergi nærri hægur vandi að verða og vera biskup á Íslandi um þessar mundir. Fyrst og fremst varð biskupsefnið að vera prestlærður og útnefndur til tignarstöðunnar af prestum og helstu veraldlegum höfðingjum í því biskupsdæmi. Reyndar réðu höfðingjarnir mestu, enda voru flestir hinir fyrstu biskupar af fornum goðaættum, eða skjólstæðingar voldugra manna. Þessu næst varð biskupsefnið að sigla á fund erkibiskups og fá hann til að samþykkja valið, og vígja sig. Síðan kom hann heim og tók við embættinu, en því fylgdu margar skyldur. Á hverju ári varð Hólabiskup að fara um alt sitt umdæmi og koma í hverja sveit. Umdæmi Skálholtsbiskups var aftur á móti svo stórt, að hann gat ekki farið nema um þriðjung þess á einu sumri. Á þessum ferðum vígðu biskuparnir kirkjur og kapellur, fermdu börn, litu eftir kristnihaldi fólksins og framferði prestanna. Ef kirkja var vanrækt, knúðu þeir kirkjueiganda til

að bæta úr því. Ef byggja skyldi nýja kirkju, þá ákváðu þeir, hvar hún skyldi standa. Ef kirkja var bygð en henni fylgdu litlar eignir að gjöf frá kirkjubyggjanda, þá gat biskup neitað að vígja þá kirkju, og var hún þá ónýt, þar til úr var bætt, og sátt komin á við biskup. Heima á stólnum var siður að biskup messaði nokkrum sinnum á ári. Hann vígði presta, og var skriftafaðir manna, sem hans fund sóttu. Helst varð hann að hafa prestaskóla á heimili sínu, til að geta haft nógu marga hæfa presta í sitt umdæmi. En stundum komu menn, er lært höfðu annarsstaðar, og vildu ná prestvígslu. Þessa menn varð biskup að prófa, og senda af höndum sér, ef óhæfir voru til starfsins. Hann varð að sjá prestum fyrir messuklæðum og efni til kvöldmáltíðar. Hann var forráðamaður prestanna. Þeir áttu að framkvæma boð hans og bann í smáu og stóru.

PRESTARNIR. – Þegar kristnin var lögleidd voru allir skyldir til að vera kristnir menn, en enginn var beinlínis neyddur til að byggja kirkju eða sjá um að messur væru sungnar. Kirkjur risu samt upp furðu margar, en einstakir menn bygðu þær af eigin efnum. Fyrst og fremst bygðu margir goðar kirkjur til að sjá þingmönnum sínum fyrir guðshúsum í stað brotnu hofanna. Þá voru og auðvitað margir aðrir fúsir til að vinna til eilífrar sælu á himnum fyrir sig og sína með því að reisa kirkju. Sóknir voru óákveðnar, framan af, eins og hofsóknir höfðu verið.

Flestir íslensku prestarnir voru í fyrstu mjög illa búnir undir preststarfið, sem von var, og það breyttist ekki verulega fyr en skólar voru reistir, bæði á biskupsstólunum og víðar. En þar að auki var prestastéttin tviskift í nokkra mannsaldra. Sumir prestar voru voldugir og ríkir höfðingjar, en aðrir umkomulausir smælingjar. Þessu var svo varið, að margir goð-

ar reistu kirkjur og messuðu sjálfir, eins og þeir höfðu staðið fyrir blótum og fórnum í heiðnum sið. Þeir voru fyrst og fremst veraldlegir höfðingjar og höfðu prestsverkin í hjáverkum. Þegar stundir liðu fram höfðu margir þessir menn fengið fullkomna prestsmentun. En annarsvegar voru leiguprestarnir. Sumir sem bygðu kirkju á bæ sínum vildu ekki, eða gátu ekki, af einhverjum ástæðum tekið vígslu sjálfir. Þeir þurftu að hafa prest, en þeir vildu lítið borga fyrir prestsverkin. Slíkur prestur var einskonar vinnumaður á heimilinu, og í fremur litlu áliti. Efnilegir menn sem áttu annara úrkosta völ, vildu ekki vera leiguprestar. Stundum tóku kirkjueigendur umkomulitla sveina og ólu þá upp með því skilyrði, að þeir yrðu prestar við kirkjur þeirra. En þeim féll ekki ætíð vel við starfið, er þeir voru teknir við kjóli og kalli. En ef þeir struku burt í óleyfi húsbóndans mátti hegna þeim eftirminnilega. Eins og gefur að skilja var ekki miklu kostað til að menta leiguprestana. Þegar tímar liðu fram, og vald kirkjunnar óx, urðu kjör og ástæður prestanna betri, og um leið áhrif þeirra meiri.

Skyldustört presta voru fyrst og fremst að messa, skíra börn, taka til altaris, vera skriftafeður sóknarbarna sinna, hugga deyjandi menn og grafa þá sem dóu. Fyrir sum af þessum verkum fengu prestarnir dálitlar aukatekjur. En annars var þeirra hluti af tíundinni mesta tekjubótin.

SKÓLAR. — Landnámsmennirnir og fyrstu niðjar þeirra höfðu enga skóla. Víkingarnir og samtíðarmenn þeirra á Norðurlöndum kendu sonum sínum íþróttir og vígamennsku, „eins og örninn kennir ungum sínum að fljúga til bráðar“. Skólahald hófst eigi á Íslandi fyr en með kristninni. Ísleifur Gissurarson nam í Þýskalandi og setti skóla í *Skálholti*. Fóstursonur hans, Jón helgi, stofnaði *Hólaskóla*. Nálægt

Skálholti risu upp tvö mjög fræg mentasetur: *Oddi* og *Haukadalur*. Voru skólar í báðum stöðunum og komu þaðan sumir ágætustu snillingar, er ritað hafa á íslensku. (Snorri Sturluson, Ari fróði). Teitur sonur Ísleifs biskups stofnaði skólann í Haukadal, en Sæmundur fróði skólann í Odda. Þessir skólar voru eiginlega prestaskólar, þó leikmenn væru þar líka til náms. Brátt fjölgaði skólunum, þó að þessir, sem nú eru taldir, yrðu frægastir. Ýmsir áhugamiklir *prestar* höfðu *heimaskóla*, og síðar bættust við *klausturskólarnir*. Í öllum skólum á þessum tíma var lögð hin mesta stund á *latínu*. Hún var þá heimsmál. Á latínu voru þá auðugastar bókmentir; latínan var viðskifta- og verslunarmál, mál ferðamanna og stjórnmálamanna. Og hún var sér í lagi mál kirkjunnar. Mikið af messugerðinni fór fram á latínu, og svo er enn í kaþólskum löndum. Allir fræðimenn, nema á Íslandi, rituðu þá bækur sínar á latínu. Allir sem vildu geta lesið bækur eða skrifað, urðu að nema latínu. Latína var því fyrsta og sjálfsagðasta námsgrein í hverjum skóla, enda fór kenslan að miklu leyti fram á því máli, og námssveinar æfðu sig í að tala latínu hver við annan. Smiður einn á Hólum, sem bygði þar kirkju fyrir Jón biskup helga, nam latínu af því, sem hann heyrði kent og talað á staðnum. Þá var piltum kend *versagerð* og *mælskufræði*; æfðu þeir sig í að flytja ræður á latínu og að yrkja latneskar vísur. *Sönglist* var mikið æfð, og þótti nauðsynleg andlegrar stéttar mönnum. Þá lásu prestar einnig bibliuna og ýms guðfræðisrit á latínu. Samhliða þessu héldust við þjóðleg fræði í íslensku skólunum, bæði lögð rækt við *norrænan kveðskap* og *sagnfræði*.

KLAUSTRIN. — Klausturhreyfingin byrjaði suður í löndum á fyrstu öldum kristninnar. Margir guðræknir menn

héldu þá, að líf mannanna á jörðunni væri fánýtur hégómi, nema því væri eingöngu fórnað til að búa sálirnar undir veruna í himnaríki. Þessir menn sögðu, að því meir sem hinir guðhræddu afneituðu jarðneskum gæðum: auði, völdum, vináttu og heimilislífi, því nær stæðu þeir guðdóminum. Í fyrstu gerðust menn þessir einbúar og lifðu við hungur og hverskonar meinlæti í lélegum hreysum á afskektum stöðum. Síðan mynduðu meinlætamenn þessir félög og bjuggu margir saman. Heimili þeirra voru nefnd *klaustur*; voru karlmenn í sumum en konur í öðrum, Karlmenn sem bjuggu í klaustri hétu *munkar*, en konur *nunnur*. Hver sem gekk í klaustur, varð að láta af hendi allar eigur sínar og lofa æfinlegri fátækt. Hins vegar máttu klaustrin vera rík, og þau fæddu og klæddu alla klausturbúana. Þá urðu munkar og nunnur að lifa ógift, og máttu ekki eiga börn. Lá þung hegning við, ef það heit var rofið. Fyrir munkaklaustrum réðu yfirmenn, sem hétu *ábótar*, en *abbadísir* stýrðu nunnuklaustrum. Aginn var strangur í klaustrunum; máttu ábótar og abbadísir beita vægðarlausri hörku til að halda góðri reglu og velsæmi. Í einu klaustri á Íslandi var nunna brend og öskunni kastað á eyðistað, svo að eigi yrði hún á mannavegum. Þóttist abbadísin og aðrir kirkjuhöfðingjar hafa fullar sönnur þess, að nunna þessi hefði bréflega selt sig fjandanum. Sú trú lagðist á, að klausturlífnaðurinn væri drottni velþóknanlegur, og guðsþakkaverk að styðja hann. Varð þetta til þess, að margir auðugir menn gáfu eigur sínar til að stofna eða styrkja klaustrin. Eitt íslenska klaustrið átti hundrað jarðir og þótti það mikil eign hér á landi. Jarðir þessar voru flestar gefnar. Leiguliðar á klausturjörðunum guldu klaustrunum landskuld. Var það stórfé, og barst þó mikið annað að árlega bæði í gjöfum og áheitum. Klausturbúarnir gátu því lifað rólegu og áhyggjulausu lífi. Þeir skyldu biðjast fyrir og hlýða messu á

vissum tímum dagsins. Bækur höfðu þeir og ritföng. Þá var prentlistin ekki fundin og allar bækur skrifaðar, enda miklu dýrari og sjaldgæfari en nú. Margir munkar voru rithöfundar en aðrir afskrifuðu bækur. Fjölgaði þá drjúgum handritum, og bjargaði það mörgum góðum bókum frá glötun. Íslensku klaustrin höfðu mikla þýðingu fyrir andlegt líf þjóðarinnar, því að þar voru fyrst skráðar og síðan varðveittar margar af Íslendingasögunum. Í sumum klaustrum unnu munkarnir að ýmiskonar útivinnu, bæði til gagns og sér til hressingar. Jón biskup helgi á Hólum lét reisa hið fyrsta klaustur á Íslandi árið 1133, á Þingeyrum, og gaf því nokkuð af tekjum sínum. Síðan fjölgaði klaustrunum svo að þau urðu níu talsins, sjö fyrir munka og tvö fyrir nunnur. Flest voru þau reist á 12. og 13. öldinni.

Munkaklaustrin voru þessi: Hið fyrsta á *Þingeyrum*, tvö í Eyjafirði, annað á *Möðruvöllum*, þar sem síðar var skólinn, hitt á *Munkaþverá*, þar sem fyr bjó Einar bróðir Guðmundar ríka. Á Vesturlandi var *Helgafellsklaustur* á bæ Guðrúnar Ósvífursdóttur og Snorra goða Á Suðurlandi var klaustur í *Viðey*, skamt frá Reykjavík. Þá voru klaustur í *Þykkvabæ* í Álftaveri og *Skriðu* í Fljótsdal. Annað nunnuklaustrið var á *Kirkjubæ* á Síðu, en hitt á *Reynistað* í Skagafirði.

RITÖLDIN. — Svo bar við eitt sinn á dögum Haraldar harðráða, að ungur, en félaus Íslendingur kom til konungs og bað hann ásjár. Haraldur spurði, hvort hann kynni nokkur fræði, en hann lést kunna sögur að segja. Tók þá konungur við honum til veturvistar með því skilyrði, að hann skyldi skemta hirðinni með að segja sögur. Varð hann brátt vinsæll og fékk góðar gjafir fyrir sögur sínar. Leið svo fram til jóla. Þá ógladdist Íslendingurinn. Kvað konungur líklegast, að nú væru þrotnar sögurnar. „Rétt er sem þú getur“ mælti Íslendingurinn. „Sú ein er sagan eftir, er eg þori eigi hér að segja, því að það er útfararsaga yðar“. Konungur

kvað sér mesta forvitni á að heyra þá sögu, og nú segir Íslendingurinn hana um jólin. Þá mælti konungur: „Hvergi er vikið frá því, sem efni stóð til eða hver kendi þér?“ Hann svarar: „Það var vandi minn úti þar á Íslandi, að eg fór hvert sumar til þings, og nam eg hvert sumar nokkuð af sögunni, er Halldór sagði Snorrason“. „Það er eigi undarlegt“ segir konungur „að þú kunnir vel, er þú hefir af honum numið“. Halldór var sonur Snorra goða. Hafði hann verið á herferðum í liði Haraldar konungs suður í Miklagarði og víðar um lönd. Síðan fór Halldór til Íslands og bjó þar það sem eftir var ævinnar.

Á þessu tímabili, um miðja 11. öld og nokkuð fram á 12. öld, var friður góður bæði á Íslandi og í Noregi. Íslensku höfðingjarnir og biskuparnir neyttu valdsins til að efla frið og samlyndi. En í skjóli friðarins þróaðist *sagnalistin*. Undanfarnir áratugir höfðu verið viðburðaríkir bæði í Noregi og á Íslandi, og vegna stöðugra utanferða var Íslendingum eigi miður kunnugt um það, sem í Noregi gerðist, heldur en atburði á Íslandi. Þannig hafði safnast saman og geymst í minni manna mikið af sögum, norskum og íslenskum, um Harald hárfagra, Ólaf Tryggvason, Ólaf helga, Harald harðráða, Ingólf, Skallagrím, Gunnar, Njál, Kjartan, Gísla, Snorra goða og marga fleiri. Mönnum var ákaflega mikil unun að heyra þessar sögur sagðar, og þeir sem vel kunnu að segja, fengu góðar gjafir að sögulaunum. Í öðru lagi lögðu afkomendur frægra manna hina mestu stund á að halda við frásögnunum um afreksverk forfeðranna, því að þau brugðu ljóma yfir ættina alla. En þá þótti fátt betra en að vera vel ættaður, og geta rakið kyn sitt til víðfrægra stórmenna. Íslendingasögurnar geymdust því best í þeim sveitum, þar sem eftirkomendur söguhetjanna bjuggu og allir þektu sögustaðina. Hvort sögurnar hafa afbakast til muna í meðferð manna, er

ekki gott að segja. Mjög oft hefir sagan fengið fast form í meðferð sjónarvotta, eins og útferðarsaga Haraldar, sem konungur gat ekki að fundið. Þá höfðu geymst um atburðina vísur og kvæði, sem margir kunnu; var það til mikils stuðnings til að halda réttri sögunni. Ennfremur var þá færra að muna, og menn því minnisbetri heldur en nú, er sífeldar nýungar berast að með blöðum og bókum. Þá höfðu þingfundirnir, bæði vorþingin og þó einkum hálfsmánaðardvölin á alþingi, hina mestu þýðingu. Þar komu langferðamenn og sögumenn og sögðu frá því, sem þeir höfðu séð og reynt sjálfir eða numið af öðrum en í kring um þá þyrptist söguþyrstur manngrúinn, til að fræðast og nema. Stundum var sama sagan endursögð þing eftir þing, eins og útferðarsaga Haraldar. Þannig lifðu sögurnar á vörum þjóðarinnar langa stund. Þá barst *ritlistin* til Íslands með kristninni, sunnan úr löndum, þar sem bókmentir höfðu verið stundaðar öldum saman. Prestarnir þurftu bækur bæði við nám og guðsþjónustu. Þeir urðu því að geta bæði lesið og skrifað. Margir Íslendingar höfðu numið erlendis, t. d. þeir Ísleifur og Gissur á Þýskalandi, Sæmundur fróði í París og Þorlákur helgi á Englandi og ýmsir fleiri. Þessir menn kunnu latínu og fluttu heim með sér ábrif frá bókmentum Suðurlanda. Þeir stofnuðu og störfuðu við skóla, þar sem var mikið andlegt líf. Þessvegna hefir ritlistin breiðst út tiltölulega fljótt frá skólunum í Skálholti, Odda, Haukadal og Hólum, að ógleymdum klausturskólunum. Ekkert var eðlilegra en að þessir fræðimenn, sem skildu gildi og þýðingu ritlistarinnar, vildu bókfesta hin þjóðlegu fræði, sem verið höfðu óskabarn Íslendinga um langan aldur. Um 1118 byrjar það tímabil, sem nefnt er *ritöldin*. Á næstu áttatíu árunum voru skráðar Íslendingasögurnar, gullaldarbókmentir okkar, sem best hafa haldið við tunguinni og mesta sæmd hafa gert þjóðinni. Þá skrifuðu rithöfundar annara

þjóða öll sin rit á latínu. En þeir sem rituðu Íslendingasögurnar voru ekki að skrifa fyrir lærða menn, heldur fyrir alþýðuna, sem unni sögunum og vildi heyra þær og geyma í sinni upprunalegu mynd. Höfundarnir voru svo óeigingjarnir, að þeir settu ekki einusinni nöfn sín á sögurnar. Þeir vissu ekki, að þeir voru að gera stórvirki. Og þeir þóttust í engu meiri sögumönnunum, sem geymt höfðu sögurnar í huga sér, og sagt þær til að gleðja aðra. Menn vita því ekki með vissu um höfund neinnar af hinum eiginlegu Íslendingasögum, en af líkum má ráða, að það hafi verið prestar og munkar eða þá leikmenn, sem numið höfðu í skólum kirkjunnar. Mörg helstu klaustrin voru einmitt stofnuð á seinni hluta 12. aldar. En um einn rithöfund frá þessum tíma vita menn þó nokkuð. Það er *Ari prestur fróði*. Hann var alinn upp í Haukadal og fékk þar mentun sína. Teitur biskupsson, sá er bjargaði Gísl í Noregi, var fóstbróðir hans og aldavinur. Ari ritaði hina fyrstu Íslandssögu og nær hún fram að 1120. Saga þessi er mjög stutt, en afar skýr og áreiðanleg. Hún er talin með bestu sagnfræðisritum, sem til eru í heiminum. Það var ómetanlegt happ fyrir Íslendinga að eiga slíkan brautryðjanda í byrjun ritaldarinnar, því að hann varð auðvitað fyrirmynd margra, er síðar rituðu. Ari andaðist árið 1148 og var þá liðlega áttræður.

INNANLANDSDEILUR. — Þegar kemur fram á síðari hluta 12. aldar hefjast magnaðar deilur í landinu og lýkur eigi fyr en seint á 13. öld, þegar landið gekk undir Noregskonung. Deilum þessum olli *kirkju- og höfðingjavaldið*. Kaþólska kirkjan gerði uppreist á móti lögum landsins og heimtaði öll hin sömu forréttindi, sem hún hafði suður í löndum; en í fyrstu hafði hún lagað sig alveg eftir stjórnarskipun landsins. Höfðingjarnir deildu hver við annan og við kirkjuna. Þá voru fáeinar höfðingjaættir orðnar mjög voldugar. Mörg goðorð og mikll auðæfi voru með erfðum og mægðum komin í eign

einstakra manna. Við það raskaðist jafnvægið í stjórn landsins, eins og nú mundi verða, ef sami þingmaður gæti keypt eða erft mörg kjördæmi, og farið einn með margra manna vald. Flestir þessir höfðingjar voru gáfaðir og glæsilegir menn en ótrúlega siðlausir. Andi kristindómsins hafði eigi fest rætur í hugum þeirra, en siðgæði heiðninnar var glatað. Þeir viðurkendu í raun og veru ekkert æðra vald, hvorki á himni eða jörðu. Óskir þeirra og stundardutlungar réðu gerðum þeirra. Alþýðan var máttlaust verkfæri í höndum þessara manna. Stórhöfðingjarnir gátu dregið saman mörg hundruð manna, hvort sem heldur var á sumri eða vetri. Og ef smábændurnir hlýddu eigi, þegar kallið kom, voru þeir drepnir eða reknir af búum sínum. Taumleysi og óstjórn kom fram svo að segja í öllum gerðum höfðingjanna, smáum og stórum. Þeir giftust til fjár og valda, en höfðu hjákonur til ásta. Þeir gengu á eiða og gerðar sættir, ef minsta hagnaðarvon var að. Þeir börðust til fjár og metorða við nánustu ættmenn sína. Þeir vildu heldur sigra með svikum en drengskap, af því þeir héldu að það væri fyrirhafnarminna. Þeir rændu andstæðinga sína eða brendu þá inni. Þeir misþyrmdu og limlestu handtekna menn. Þeir níddust á varnarlausum og jafnvel á líkum fallinna óvina. Að vísu voru ekki allir höfðingjar á þessu tímabili svona spiltir. En undantekningarnar eru sárfáar, eins og sjá má af Sturlungu, sem lýsir ágætlega þessu voðalega tímabili.

HAFLIÐI OG ÞORGILS. — Um 1120 bjó á Breiðabólstað í Húnaþingi *Hafliði Másson* en *Þorgils Oddason* á Staðarhóli í Dalasýslu. Þeir voru þá einna mestir höfðingjar í landinu. Skjólstæðingar þeirra deildu um vertíðarkaup sjómanns nokkurs. Urðu áverkar og víg út af atviki þessu, og kemur málið til þings. Báðir fjölmentu mjög, og vildi hvorugur vægja. Á messudegi einum um þingtímann gengu flokkarnir báðir til kirkju og stóðu með vopnum framan við kirkjuna til að hlýða guðspjallinu. Þá mælti Þorgils í hljóði við einn sinna manna: „Taka mun nú öx mín til Hafliða!“ Þó varð þar ekki af áverkum. Skömmu síðar var gengið til dóma. Hafliði tók þá öxi sína, en það var þá óvanalegt. Kona hans bað hann halda háttum sínum og bera

eigi vopn. Hann svaraði stygglega og kvað það ekki til hennar koma. Mikil þröng var við dóminn og báðir fjölmennir. Þorgils sá öxi Hafliða koma upp úr þrönginni og var fátt manna milli þeirra. Þá hjó hann til Hafliða, á öxarskaftið, og af einn fingurinn. Hafliði gekk til búðar og mælti við konu sína, að eigi mundi hann hafa orðið fyrir þessum vansa, ef hann hefði fylgt ráðum hennar. Síðan lét Hafliði dæma Þorgils sekan þá á þinginu. En hann breytti eigi háttum sínum og sat heima með 80 vígra manna. Á næsta þingi hafði Hafliði liðsdrátt mikinn. Hann braut niður búðarveggi fyrir Þorgils og vildi verja honum, sekum manni, að koma á þingstaðinn. Hafliði hafði 1200 manna en Þorgils 800. Horfði nú til bardaga. Biskup vildi koma á griðum og sáttum en eigi var nærri því komandi við Hafliða. Þá hótaði biskup að bannfæra Hafliða, en hét á alla alþýðu til meðalgöngu. Sefaðist Hafliði þá nokkuð, og þáði sjálfdæmi. Mátti hann dæma sér fégjöld stór og það gerði hann. Tók hann átta tigi hundraða í sárabætur og var það geysimikið fé. Þá mælti einn af vinum Þorgils: „Dýr mundi Hafliði allur, ef svo skyldi hver limur“. Þó sættust þeir að þessu sinni og héldu vel gerðina. Var enn um stund góður friður í landinu. (Sturl. I. 42).

HVAMM-STURLA. — Þorgils á Staðarhóli átti son, sem *Einar* hét og erfði hann bæði óðal og mannaforráð að föður sínum látnum. Einar var ríkur maður, en ekki vitur. Þá bjó í Hvammi í Dölum (bæ Auðar djúpúðgu) *Sturla Þórðarson*, ættfaðir Sturlunganna. Milli Hvamms og Staðarhóls er dálítill fjallgarður, en þó umferð mikil. Mikil kepni var með þeim Einari og Sturlu, og síðar fullur fjandskapur. Þeir gerðu hvor annan sekan, en hvorugur hlýddi dómnum, og sátu heima með fjölmenni. Eitt sinn meðan Sturla var á þingi, fór Einar í Hvamm, rak heimamenn í kirkju, rændi

öllu verðmætu og flutti heim, en brendi bæinn. Biskup kom þá sættum á og lét Einar bæta ránið. Síðar deildu þeir um beit í eyjum í Breiðafirði. Einar hafði þar ær sínar. Sturla fór þangað, drap allar ærnar og dró í eina kös. Einar hefndi þess síðar með að ræna eða stela miklu af kvikfé frá tengdasyni Sturlu, en þó varð Einar að skila því aftur eftir harðan bardaga. Hafði Sturla jafnan betur í þeirra skiftum, því að hann var slægari. Þá bjó í Reykholti í Borgarfirði Páll prestur og Þorbjörg kona hans. Þau voru stórrík. Páll og Sturla deildu um arf eftir auðugan mann. Eftir miklar róstur var lagður sáttafundur í Reykholti, og sótti Sturla þangað með marga menn. Fundurinn var í stofu og urðu menn eigi á eitt sáttir. Þorbjörg var grimm í skapi. Leiddist henni þóf þetta, hljóp fram að Sturlu með hnif í hendi og mælti: „Hvi skal eg eigi gera þig þeim líkastan, er þú vilt líkastur vera, en það er Óðinn“. Hún lagði til Sturlu og stefndi á augað. Lagið geigaði og kom í kinnina; særðist Sturla lítið eitt. Hann strauk hendi um kinnina og dreifði blóðinu svo, að áverkinn sýndist sem mestur. Sturla bað menn vera stilta og halda áfram að ræða sættirnar. „Konur kunna með ýmsu móti að leita eftir ástum“ mælti hann „því að lengi hefir vinfengi okkar Þorbjargar verið mikið“. Við atburð þennan og blíðmæli Sturlu mýktist prestur og var nú auðveldari í erfðamálunum. Síðan seldi hann Sturlu sjálfdæmi um áverkann. Þá var Sturla eigi jafn mildur. Gerði hann svo mikla fésekt á hendur Páli, að varla hefðu nægt auðæfi hans öll til að gjalda hana.

Þá bjó að Odda á Rangárvöllum *Jón Loftsson* og var kallaður mestur höfðingi á landinu. Loftur faðir Jóns var sonur Sæmundar fróða, er fyrstur gerði Odda frægan. Sæmundur hafði numið árum saman við háskólann í París. Hann var allra manna lærðastur sinna samtíðarmanna og

mikils metinn af öllum er þektu. Sæmundur stofnaði skólann í Odda, og var þar síðan eitt hið helsta mentasetur landsins í marga áratugi. Bókasafn hefir verið þar mikið og gott. Loftur Sæmundsson giftist norskri konungsdóttur, er mikið þótti að kveða. Jón Loftsson var sonur þeirra. Hann var vitur maður og góðgjarn, en þó röggsamur. Meðan hans naut við var friður betri í landinu, heldur en síðar varð, því að hann var þunghentur á ofsa- og ójafnaðarmönnum. Páll prestur sendir nú til Jóns og biður hann liðveislu og hét hann því. Á þingi sendi Sturla til Jóns í sömu erindum, en hann tók því fálega. „Nú mun eg veita Páli lið“ mælti hann. „Svo segir mér hugur um“ kvað sendimaður „að höfuðgjarnt verði nokkrum vina Páls, ef Sturla er nokkuð minkaður“. Jón svarar: „Vita menn það, að Sturla er oft óbilgjarn um manndrápin. En fleiri kunna að láta drepa menn en Sturla einn. Og það segi eg þér, að ef Sturla lætur drepa einn mann fyrir Páli að drepa skal eg láta þrjá menn fyrir Sturlu“. Sá nú Sturla sitt óvænna og skaut málinu í dóm Jóns og mælti um leið: „Kann vera að eg hafi eigi vit til að sjá mér hlut til handa en vilja mundi eg halda sæmd minni“. Þá mælti biskup: „Engi maður frýr þér vits en meir ertu grunaður um græsku“. Jón gerði til handa Sturlu sæmilegar bætur, og bauð til fósturs Snorra syni hans. Hann var þá þrevetur (fæddur 1178). Snorri óx upp í Odda og naut þar ágætrar mentunar. Eigi löngu síðar andaðist Þorbjörg í Reykholti. En þá brá Sturlu svo við, að hann lagðist í rekkju og þótti mönnum þó ólíklegt, að Sturla mundi syrgja hana. „Annað ber til þess“ mælti Sturla „því eg virði svo, að aldrei væri saklaust við sonu Þorbjargar, meðan hún lifði. En nú samir eigi vel að veita þeim ágang er hún er önduð“. Sturla bjó til elli í Hvammi og andaðist þar. (Sturl. I. 152).

ÖNUNDARBRENNA. — *Guðmundur* hét maður og var nefndur hinn dýri. Hann bjó á Bakka í Öxnadal, hálfa dagleið í vestur frá Akureyri. Guðmundur var ríkur goðorðsmaður. Skamt frá honum bjó annar höfðingi, *Önundur Þorkelsson*; sonur hans hét Þorfinnur. Hann lagði hug á Ingibjörgu dóttur Guðmundar, en þau voru nokkuð skyld, og meira en svo, að þau mættu giftast eftir kirkjulögum. Synjaði því Guðmundur ráðsins, en varð þó undan að láta síðar, því að þeir feðgar komu með marga menn heim að Bakka og neyddu Guðmund til að samþykkja ráðahaginn og ákveða brúðkaupsdag og heimanmund. Lét þá Önundur þau Þorfinn hafa óðalsjörð sína, en flutti að *Lönguhlíð*. Sá bær var þar allskamt frá. Fór Önundur þar eigi að lögum, því að hann átti engan rétt á jörðinni, en rak bóndann burtu nauðugan og tók bæ og bú, sem væri það hans eign. Margt fleira gerðist til sundurþykkis þeim Guðmundi og Önundi. Það var eitt að ómerkingur nokkur hafði orðið fyrir óvild Guðmundar dýra, en leitað sætta með því að gefa honum stóðhross góð. En síðan gaf hann Önundi sömu hrossin og stal þeim úr högum á Bakka. Guðmundur lét sem hann vissi eigi, en menn Önundar gerðu gys að; kölluðu þeir, að Guðmundur sæti á friðstóli upp í Öxnadal og kváðust mundu hlaða vegg fyrir ofan og neðan, en tyrfa þar yfir og kasa svo metorð Guðmundar. Þá líktu þeir honum við á kollótta, sem fallin væri af ullin. Þar kemur, að Guðmundi þykir eigi lengur við unandi; safnar hann þá að sér níutíu mönnum, með mikilli leynd, og heldur flokknum í Lönguhlíð. Önundur var heima með fimtíu manna. Vildu þá flestir verjast úti, en Önundur kvað oft illa sækjast, er menn voru sóttir inn í hús og það varð úr, að þeir gengu allir inn. Aðkomumennirnir skipuðu sér um bæinn. Önundur spyr úr dyrum, hver fyrir ráði. Guðmundur svarar: „Lítil er forustan. Hér er

nú komin ærin sú hin kollótta, gengin úr dal ofan og mjög af ullin. En þó ætlar hún nú annaðhvort að láta reyfið alt eða ganga með fullu reyfi heim". Þá lét hann sækja eld á aðra bæi, bera hey að veggjum og á þök og kveikja í. Logaði nú mjög bærinn. Þá var konum leyfð útganga, og þeim, sem eigi voru hafðir fyrir sökum. Þorfinnur mælti við Guðmund: „Það er illa, að Ingibjörg dóttir þín er ekki hér". Guðmundur svarar: „Það er vel að hún er eigi inni. En þó mundi það nú fyrir engu standa". Margir hlupu nú út úr eldinum, er þeir voru að dauða komnir, en brennumenn feldu þá hvern af öðrum. Einn af þeim var Þorfinnur en faðir hans brann inni. Þessir atburðir gerðust um vorið 1197. Jón Loftsson kom á sættum, og gerði þungar fésektir á hendur brennumönnum. En þeim dómi var eigi hlýtt, enda var Jón þá kominn að fótum fram og andaðist litlu síðar.

KIRKJUDEILUR. — Nokkru fyrir Önundarbrennu byrjuðu í landinu kirkjudeilur þær, sem síðar urðu til mestu óheilla. Þá var biskup í Skálholti *Þorlákur* er seinna var nefndur hinn helgi. Hann var að nokkru alinn upp í Odda og hafði fengið þar prestmentun en síðan dvalið mörg ár í Englandi og framast þar vel. Þegar Þorlákur var tekinn við biskupstign, lá honum mjög á hjarta að efla sem mest hag og veldi kirkjunnar. Lifði hann sjálfur stranglega eftir reglum hennar og lagði á sig miklar föstur og bænahald. „Sæll er sá þræll, er drottinn finnur vakandi, þá er hann kemur að vitja hans" var orðtæki biskups. En er Þorlákur hafði skamma stund setið á biskupsstóli, gerði hann þá kröfu á hendur kirkjueigendum í Skálholtsbiskupsdæmi, að þeir létu af hendi jarðir þær, sem kirkjur stóðu á. Skyldu allir þeir, sem bjuggu á kirkjujörðum framvegis gjalda kirkjunni landskuld eins og þeir væru leiguliðar. Þetta þóttu bændum harðir kostir. Þótt-

ust þeir hafa lagt ærið í kostnað að reisa kirkjurnar og gefa til þeirra mikið fé, þó að eigi væru þeir þessvegna sviftir eignarrétti á fornum óðalsbýlum sínum; en biskup kvað þetta vera erlendan sið, er kominn væri á í Noregi. „Er það og eigi rétt eða þolanlegt“ mælti hann „að þetta hið fátæka land standi eigi undir einum lögum og þar“. Kom hann svo sínum fortölum, að margir kirkjueigendur þorðu eigi annað en láta af hendi jarðirnar við hann. Gengur svo þar til biskup kemur á kirkjustað einn, sem Jón Loftsson átti, og skyldi þar vígja kirkju nýbygða. Hefir biskup nú sömu orðræðu sem fyr. Jón vildi í engu vægja og mælti: „Heyra má eg erkibiskups boðskap, en ráðinn er eg í að halda hann að engu, og eigi hygg eg, að hann vilji betur né viti en minir foreldrar, Sæmundur hinn fróði og synir hans“. Biskup hótaði banni en Jón kvaðst aldrei láta erfð sína undir kirkjuna. Sá þá biskup sitt óvænna því að bændur stóðu fast með Jóni. Vígði hann kirkjuna, þó að jörðin væri í eigu Jóns, en vænti að geta rétt hluta sinn síðar, með stuðningi erkibiskups í Niðárósi. En það varð eigi því að erkibiskup var þá flæmdur af stóli. Nú fetuðu aðrir kirkjubændur í fótspor Jóns Loftssonar og féllu þessar kröfur niður, eftir þetta, meðan Þorlákur biskup lifði.

GUÐMUNDUR ARASON. — Um aldamótin 1200 varð Guðmundur Arason biskup á Hólum. Hann var Eyfirðingur, góðrar ættar, en misti ungur föður sinn og ólst upp á hrakningi með presti einum, er var föðurbróðir hans. Hjá þeim manni nam Guðmundur guðfræði og var vígður á unga aldri. Þótti snemma mikið að honum kveða fyrir margra hluta sakir. Hann var siðavandur mjög, gjafmildur og máttugur í orði og verki. Hann var talinn geta gert kraftaverk, læknað sjúka, rekið út illa anda, og vígt vatn, svo að það

yrði læknisdómur. Varð þetta til þess, að hann mátti sjaldan halda kyrru fyrir, því að höfðingjar buðu honum til sín og var hann með þeim langdvölum. Þá bjó á Víðimýri í Skagafirði Kolbeinn Tumason og var mestur höfðingi á Norðurlandi. Hann hafði veitt lið Guðmundi dýra við Önundarbrennu. Kona Kolbeins var bróðurdóttir Guðmundar Arasonar og var hann oft langvistum á Víðimýri. Sagði Kolbeinn, að sér væri eftirsókn að veru Guðmundar þar á staðnum, því að þá þyrfti minna til bús að leggja, er hann væri þar með klerka sína. En er Guðmundur er fertugur, verður biskupslaust á Hólum. Þá lætur Kolbeinn kjósa Guðmund Arason. Sögðu menn að Kolbeini hefði það til gengið, að hann vildi ráða fyrir bæði leikmönnum og kennimönnum á Norðurlandi. Guðmundur var ófúss til starfsins en lét þó undan þrábeiðni manna. En er kosningu var lokið á Víðimýri bar Kolbeinn sjálfur á borð fyrir biskupsefni, og var borðdúkurinn slitinn mjög. Kolbeinn mælti: „Mjög kennir nú dælleika af vorri hendi, meir en verðleiks yðar, er svo vondur dúkur er á borði“. Guðmundur svarar: „Ekki sakar um dúkinn; en þar eftir mun fara minn biskupsdómur; svo mun hann slitinn vera sem dúkurinn“. Kolbeinn roðnaði við og svaraði engu. Nú flytur Kolbeinn Guðmund til Hóla og sest þar að sjálfur; tók hann undir sig öll fjárforráð staðarins, og fór með alt sem hann ætti. Réði Kolbeinn þar öllu, svo að Guðmundur mátti eigi halda þar nákomin skyldmenni eða gefa förumönnum mat. Síðan varð það að ráði, að móðir Kolbeins og stjúpfaðir tóku við búsforráðum fyrir biskup, því að honum þótti ósýnt um fjármálin. Eigi gafst það vel, og dró brátt til fjandskapar milli þeirra Kolbeins og biskups. Prestur einn var þar í héraðinu, sem Kolbeinn þóttist eiga fé hjá og stefndi honum um skuldina eftir landslögum. En biskup kvað presta og aðra andlegrar stéttar menn eigi vera undir landslögum heldur guðslögum,

Þóttist hann vera þar réttur dómari með prestum sínum. Kolbeinn fékk prestinn dæmdan sekan á alþingi, en biskup tók við klerkinum, og bannfærði Kolbein. Urðu þeir brátt mestu hatursmenn. Sótti Kolbeinn marga skjólstæðinga biskups að landslögum og gerði þá skóggangsmenn, en biskup bannfærði Kolbein og alla þá, sem honum vildu lið veita. Hvorugur vildi vægja fyrir hinum, en þó var Kolbeini raun að bannfæringunni. Biskup virti að engu landslög eða dóma alþingis, en bauð dóm erkibiskups í Noregi. Með því byrjaði sú óheillastefna, að fá erlendum mönnum æðsta úrskurðarvald í íslenskum málum. Kemur þar að lokum um haustið 1208, að Kolbeinn sækir biskup heim og hefir 400 manna; biskup hafði margt manna til varnar en var þó fáliðaðri. Slær nú í bardaga, en eftir litla stund fær Kolbeinn steinshögg í ennið og fell við. Það var banasár. En er enginn var til forustu lagði liðið á flótta, en sumir gáfust upp og seldu biskupi sjálfdæmi. Lagði hann á bændur mikil fégjöld og skriftir þungar. Líður svo veturinn. (Sturl. II. 34–38).

STURLUSYNIR. — Hvamm-Sturla átti margt barna en af þeim urðu nafnkendastir bræður þrír: Þórður, Sighvatur og Snorri. Þeir voru á æskuskeiði er faðir þeirra andaðist: Þórður átján vetra, Sighvatur þrettán og Snorri fimm. En er þeir bræður voru fullorðnir, þóttu þeir álitleg höfðingjaefni. Þeir voru miklir menn fyrir sér, framgjarnir og vel viti bornir. Ekki urðu þeir ríkir menn af foreldra arfi, en efldust mjög með mægðum við höfðingja. Þórður giftist dóttur stórbónda á Snæfellsnesi og fékk með konunni jörðina Stað (nú Staðarstað) og mikið fé. Þórður bjó á Stað, en hafði annað bú í Hvammi eftir að móðir hans var önduð. Sighvatur fékk Halldóru systur Kolbeins á Víðimýri. Hún var skörungur mikill og voru þeirra samfarir góðar. Þau

bjuggu fyrst vestur í Dölum, en síðar á Grund í Eyjafirði, hinu mesta höfuðbóli. Snorri óx upp í Odda með Jóni Loftssyni. Hann var nítján ára, er fóstri hans andaðist. Þá tók við búi í Odda Sæmundur sonur Jóns. Hann bað til handa Snorra Herdísar ríku frá Borg á Mýrum. Snorri var þá félaus maður, en fékk með konunni einhver hin mestu auðæfi, sem þá voru í einstaks manns eigu á Íslandi. Snorri bjó fyrst á Borg, uns hann náði *Reykholti* í Borgarfirði; þá flutti hann þangað og var það aðalheimkynni hans eftir það. Brátt urðu þeir Sturlusynir einna voldugastir höfðingjar í landinu. Þeir sátu yfir miklum auði, höfðu hver um sig mörg bú og stór, og mikil mannaforráð. Höfðu þeir jafnan um sig margt manna og sýndu af sér rausn mikla í hvívetna. Nokkuð voru þeir bræður fjöllyndir í ástamálum. Þórður og Snorri skildu báðir við konur sínar, en áttu mörg börn með fylgikonum.

KOLBEINS HEFNT. — Nú víkur þangað sögunni er Kolbeinn Tumason hefir fallið í orustu móti mönnum Guðmundar biskups. Næstur til eftirmáls var *Arnór* bróðir Kolbeins. Um veturinn gerir hann orð ýmsum höfðingjum um að draga flokka að biskupi næsta vor. Verður honum gott til liðveislu, og kemur í Hóla um vorið með sjö hundruð manna. Þar voru þeir Sturlusynir Sighvatur og Snorri en Þórður vildi eigi fara. Varð það upphaf að fáleikum milli eldri bræðranna. Biskup hafði fátt manna til varnar á staðnum nema heimamenn sína, og bjuggust þeir til varnar uppi á bæjarhúsunum. Menn Arnórs æptu heróp um kvöldið en veittu þó ekki aðgöngu fyr en um morguninn. Fór þá svo, að margir menn leyndust frá biskupi um nóttina, svo fátt var eftir á húsunum en sumir flúðu í kirkju og væntu sér þá fremur griða. Eigi leið á löngu áður Arnór hafði bæinn á valdi sínu. Arnór bauð þá biskupi, að hann leysi þá úr banni, og fari alfarinn

úr Hólum en þeir gefi grið sumum þeim, er í kirkju voru, eða drepnir verði allir í kirkjunni, og biskup hafður burt af staðnum með svívirðingu. Ekki vildi biskup leysa Arnór og félaga hans úr banni; kvaðst ekki mega það. Þá tók Snorri við Guðmundi og býður honum heim með sér í Reykholt. Fara þeir burtu þann dag. En Arnór braut upp kirkjuna og tók af lífi suma af biskupsmönnum, er þar voru inni; en öðrum voru gefin grið. Settist Arnór nú á staðinn, og innheimti handa sér biskupstekjur. Hann þröngvaði prestum til að taka menn úr banni og syngja tíðir bæði heima á Hólum og í öðrum kirkjum, en biskup bannsetti síðar alla þá presta, er messur sungu í óleyfi hans. Alla þá, er höfðu veitt biskupi fylgi, kúgaði Arnór til sjálfdæmis við sig. Líða nú svo þau missiri, að biskup nær eigi staðnum en flakkar um landið og syngur messur í tjöldum, en eigi kirkjum, meðan höfuðkirkjan var saurguð af návist bannsettra manna.

GRÍMSEYJARFÖR. — Nú kemur bréf erkibiskups í Niðarósi. Ávítar hann Íslendinga harðlega fyrir mótþróa við biskup og boðar utan alla þá höfðingja, er verið höfðu í aðför við biskup og svo Guðmund sjálfan. Lést hann vilja dæma mál þeirra. Fara þeir nú utan Arnór og Guðmundur og segir ekki af þeirra viðskiftum í Noregi. En er biskup kemur heim, heldur hann skóla á Hólum. Dreif þá þangað margt manna og þóttust bændur vita, að skjótt yrði á þá leitað með vistir handa liði biskups. Þá dregur Arnór lið saman, kemur að Hólum um nótt, lætur taka biskup úr hvílu sinni og draga fram bæinn. Biskup setti hendur og fætur í dyrustafi, en þeir drógu hann því harðara, svo að við stórmeiðslum lá. Arnór rak alt fólk biskups af staðnum og hótaði að brenna skólann, en hélt biskupi í myrkvastofu það sem eftir var vetrar. En um vorið fór Arnór með biskup á

börum suður til Borgarfjarðar og ætlaði að flytja hann utan nauðugan. En meðan Arnór beið skips, náðu vinir Guðmundar honum úr varðhaldinu eina nótt, því að gæslumenn sváfu. Tekur nú biskup upp fyrri hætti, flakkar um landið með fjölmenni, svo að alloft voru hundrað manna í fylgd hans. Söfnuðust bændur þá stundum saman og vörðu bú sín og bæi og ráku húsgangsflokkinn af höndum sér; en aðrir tóku vel við biskupi og héldu lið hans, meðan vistir entust. Arnór fór utan á þessum missirum og andaðist í Noregi. Son átti hann er *Kolbeinn* hét og var nefndur hinn *ungi*. Hann var þá þrettán vetra. Sighvatur á Grund átti marga sonu og voru þeir elstir *Tumi* og *Sturla*. Tumi var framgjarn mjög. Og er höfðingjalaust var í Skagafirði, eftir lát Arnórs, býður Tumi Skagfirðingum forustu móti Guðmundi Arasyni. En er biskup verður þess var, flýr hann úr Hólum út í Málmey á Skagafirði, með þær vistir, er hann má með komast. En Tumi Sighvatsson sest að á Hólum, svo sem væri það hans föðurleifð. En er líður á veturinn voru mjög þrotnar birgðir í eyjunni. Fara þá biskupsmenu þrjátíu saman um nótt að Hólum. Tumi svaf í útiskemmu, og nokkrir menn með honum, en annað lið inni í bænum. Þeir bera nú eld að skemmunni. Tumi varðist vel, en var þó um síðir handtekinn og drepinn. Það líkaði biskupi illa; vildi að þeir hefðu fært sér Tuma. Máttu þeir nú eigi haldast lengur við í Málmey og stefndu til Grímseyjar öllu liðinu, er vora tók. Var þar gott til vista.

Sturla Sighvatsson var nú fulltíða maður, og glæsilegt höfðingjaefni. Hann bjó á Sauðafelli í Dölum, skamt frá Hvammi og hafði tekið virðing mikla þar vestra. En um vorið eftir lát Tuma safna þeir Sighvatur og Sturla liði um Dali, Skagafjörð og Eyjafjörð. Hafa þeir þrjú hundruð manna og stefna til Grímseyjar. Biskup hafði sjötíu vígra manna. Skipa þeir sér til varnar við lendinguna, en biskup gekk í

kirkju með það lið, sem eigi mátti berjast. Verður þar stutt orusta, áður þeir feðgar komast með liðið upp á eyjuna og tvístruðu biskupsmönnum. Féllu þar allmargir af varnarliðinu en aðrir hlutu meiðingar. Þeir feðgar létu leggja hendur á biskup og fóru með hann úr eyjunni á skipi Sighvats. Guðmundur biskup bað guð hefna sín „því að eg má eigi, vesalingur *minn*“. Þetta sumar létu þeir Sighvatur biskup fara utan harðlega leikinn. Var hann þá nokkra vetur í Noregi.

HRAFN OG ÞORVALDUR. — Í byrjun 13. aldar var Hrafn Sveinbjarnarson mestur höfðingi á Vestfjörðum. Hann bjó á Eyri við Arnarfjörð, (Rafnseyri þar sem Jón Sigurðsson var fæddur og alinn upp). Hrafn var atgervismaður hinn mesti, mikill og sterkur, vígfimur, skaut manna best af boga, völundur bæði á tré og járn og læknir ágætur. Hrafn hafði framast vel erlendis, farið til Rómaborgar og komist í vináttu við marga góða menn. Hann var gestrisinn með afbrigðum; dvöldu sjúkir menn oft hjá honum, en hann gaf alt, bæði veru og læknishjálp. Ferju hafði Hrafn bæði við Arnarfjörð og Breiðafjörð, og lét flytja menn yfir, þá er þurftu. Var kallað að þá væri brú yfir báða firðina fyrir rausn hans. Nú er það eitt sinn, að á fund Hrafns kemur frændi hans einn, Þorvaldur úr Vatnsfirði við Ísafjarðardjúp. Hann var þá fátækur og umkomulaus, en bróðir hans var höfðingi í Vatnsfirði. Hrafn tók hið besta við frænda sínum, og hélt hann nokkura vetur eins og væri hann bróðir hans eða sonur. En á þeim missirum andaðist bróðir Þorvaldar og erfir hann þá auð og mannaforráð í Vatnsfirði og flytur þangað. Þykist hann í fyrstu vera vinur Hrafns, en þar kemur þó brátt, að hann vinnur Hrafni hvert ógagn, er hann má. Eitt sinn biður hann Hrafn að fara með sér í ránsferð, en Hrafn neitaði; kvaðst fús að veita Þorvaldi til laga en eigi til ólaga. Litlu síðar

kemur Þorvaldur að Eyri, slær hring um bæinn og lætur bera eld að dyrum og á þökin. Hrafni hafði komið njósn og vissi sér von liðveislu á hverri stundu. Fer hann að engu óðslega, en lætur deyfa eldana með vatni og sýru. Og innan stundar koma sveitungar Hrafns svo fjölmennir, að þeir áttu allskostar við Þorvald. En Hrafn vildi eigi veita honum aðgöngu, og komst Þorvaldur því undan, en hafði hvers manns ámæli, og var um sumarið dæmdur sekur skógarmaður. Litlu síðar dregur Þorvaldur enn lið saman og með lítilli vægð. Ámundi hét fátækur maður og bjó, þó hann ætti mikla ómegð. Hann var þingmaður Hrafns. Þorvaldur sendi menn til Ámunda en bauð að drepa hann, ef tregða yrði á með liðveisluna. Sendimenn fundu hann á engjum, er hann sló, en kona hans rakaði ljá á eftir honum, og bar reifabarn á baki sér, það er hún hafði á brjósti. Þeir báru upp erindið, en Ámundi kvaðst í engri þeirri ferð vera mundi, er Hrafni væri til óþyktar. Þá hlupu þeir að honum og vógu hann. Hrafni kom enn njósn og hafði fyrir þrjú hundruð manna, en Þorvaldur eigi nema eitt hundrað. Sér nú Þorvaldur sitt óvænna og er hinn auðveldasti, býður sættir og vináttu og þiggur Hrafn það. Þáðu þeir dagverð að Hrafni, og fékk hann þeim hesta til heimferðarinnar. Að skilnaði myntist Þorvaldur við Hrafn og kvaðst feginn sætt þeirra. „Sýnist mér sem við munum eigi uppnæmir fyrir einum höfðingja, ef við erum báðir að einu ráði“. Þó varð brátt bert, að Þorvaldur vildi eigi standa við sættina. Hrafn hafði látið gera virki um bæinn á Eyri og var haldinn vörður dag og nótt. En svo bar til í vondu veðri á útmánuðum árið 1213, að varðmenn voru tregir á að vaka um nóttina; segja að engir menn geti verið á ferð í slíku foraðsveðri, og fer svo að þeir ráða. Þá um kvöldið kemur Þorvaldur í bygðina, og lætur fjötra alt fólk á þeim bæjum er þeir fara framhjá, svo að engin njósn geti borist

Hrafni. Þeir koma að Eyri um nóttina, lyfta manni upp á virkisvegginn, en hann opnar þegar hliðið. Ganga nú menn Þorvaldar heim að bænum, bera við fyrir allar dyr og á þökin og kveikja í. Hrafn bauð mörg boð og góð, en Þorvaldur lét sem hann heyrði eigi; en þar kemur þó um síðir, að hann leyfir öllu fólki útgöngu með því að allir vígir menn leggi niður vopn og hann megi gera við hvern það, sem hann vildi, og gekk Hrafn að þessu. Þorvaldur rak heimafólk flest í kirkju en lét hálshöggva Hrafn. Síðan rændi Þorvaldur á Eyri öllu fémætu, sem hann náði til. Þannig skildi með hinum göfugasta manni og versta níðingi Sturlungaaldarinnar.

HÖFÐINGJAEFNI. — Sturlusynir þrír tóku nú að eldast og nýir menn koma til sögunnar. Þórður átti tvo sonu nafnkenda; *Sturlu* og *Ólaf*, sem báðir voru skáld og ritsnillingar. Sighvatur á Grund átti sjö sonu. *Tumi* féll ungur, sem fyr er frá sagt. *Sturla* bjó á Sauðafelli í Dölum. Hann fékk frá föður sínum goðorð ættarinnar, sem aldrei hafði komið til skifta. Út af því goðorði varð fjandskapur með Snorra í Reykholti og Sturlu. Bar þar og til, að þeir lögðu báðir hug á sömu konuna, Solveigu í Odda. Þegar faðir hennar dó, var Snorri fenginn til að skifta búinu og hélt hann þá mjög fram hlut Solveigar. En litlu síðar fékk Sturla hennar, og líkaði Snorra það illa. Snorri átti tvo sonu: *Jón murta* og *Órækju*; hvorugur þeirra var mikilmenni. Í Skagafirði óx upp *Kolbeinn ungi*, sonur Arnórs, þess er deildi við Guðmund biskup. Kolbeinn var á æskuskeiði er faðir hans andaðist. Skömmu síðar kom hann heim frá Noregi og var hið fyrsta missiri með Sighvati á Grund og Halldóru föðursystur sinni. Síðan tók hann við erfðagoðorðum sínum í Skagafirði og gerði þar bú. Sighvatur réði mestu með honum þá um skeið. Um þetta leyti hafði Oddaverjum mjög

hnignað, og gætti þeirra lítið. En keppinautar þeirra, *Haukdælirnir*, voru því voldugri. Þá bjó í Hruna, skamt frá Skálholti, Þorvaldur Gissurarson, vitur maður og friðsamur. Hann var tvíkvæntur og átti margt barna. Þorvaldi fæddist sveinn veturinn eftir, að Kolbeinn Tumason féll í Hólabardaga. Töluðu menn þá um, að hann skyldi láta kalla sveininn eftir Kolbeini. Þorvaldur svarar: „Eigi mun son minn verða jafnvel mentur sem Kolbeinn. En þó hafa vitrir menn mælt, að menn skyldu eigi kalla sonu sína eftir þeim, sem skjótt eru af heimi kallaðir. Mun eg láta son minn heita *Gissur*, því að lítt hafa þeir aukvisar verið í Haukdælaætt, er svo hafa heitið hér til". Sveinn þessi óx nú upp með föður sínum og var hinn mannvænlegasti. Þá ber svo til í veislu nokkurri í Hruna, að þar er staddur Sighvatur á Grund. Einn dag lét Þorvaldur kalla fram fyrir Sighvat börn sín, og sagði að sér þætti miklu skifta, hversu honum litist á þau. Fyrst gengu fram eldri systkynin. Sighvatur horfði á þau um hríð og lofaði þau. Þá gengu hin yngri fram, og Gissur fyrir þeim. Þorvaldur hélt í hendur hans og mælti: „Hér er nú ástin mín, Sighvatur". „Eigi er mér um ýglibrún þá" svaraði Sighvatur stuttlega, og hættu þeir þá talinu. Gissur varð brátt mikill fyrir sér. Tólf ára gamall sótti hann mann til sektar á alþingi. Hann fékk á unga aldri mikil völd, og fór gætilega með. Þótti hann snemma framsýnn og harðfylginn.

SNORRI STURLUSON. — Árið 1220 kom Snorri Sturluson heim eftir tveggja ára dvöl í Noregi. Norðmenn voru þá mjög reiðir Íslendingum og höfðu viðbúnað til að fara herferð til landsins. En Snorri fékk afstýrt því með að heita að koma landinu undir konung. En hann gerði aldrei neina tilraun í þá átt. Snorra var tekið fálega í fyrstu, því að menn óttuðust konungserindið, en brátt hvarf sá ótti, og næstu tíu

árin eftir heimkomuna voru besti kaflinn af ævi hans. Snorri var þá rúmlega fertugur að aldri, börn hans uppkomin og þrjár af dætrunum giftar helstu höfðingjum í landinu: Kolbeini, Gissuri og Þorvaldi Vatnsfirðingi. Þá hafði hann tekið að sér ekkju þá, er Hallveig hét. Hún var ríkasta kona í landinu. Var sambúð þeirra hin besta. Snorri sat þá yfir miklum auði, og hafði mörg bú á ýmsum helstu höfuðbólum á Suður- og Vesturlandi. Á einni þessari jörð misti hann 120 nautgripi einn snjóavetur, og stóð jafnréttur fyrir því. Hann var hvað eftir annað kosinn lögsögumaður, sem þá var mest virðingarstaða í landinu. Hann var orðinn frægur maður sem skáld og rithöfundur bæði utanlands og innan. Hann hafði ritað bók þá, er hann nefndi *Eddu* og vanalega er kölluð Snorra-Edda. Þar er meðal annars ágætt yfirlit yfir goðafræði Norðmanna og Íslendinga. En á árunum milli fertugs og fimtugs ritaði hann *Heimskringlu* (sögur Noregskonunga) og er það frægasta bók, sem rituð hefir verið á íslensku. Hún er bæði áreiðanlegt vísindarit, og listaverk að formi og máli. Utlendingar eru vanir að kalla Snorra „mesta mann Íslands að fornu og nýju“, og víst er það, að enginn Íslendingur hefir náð slíkri heimsfrægð sem hann.

ÞORVALDSBRENNA. — Eftir lát Hrafns Sveinbjarnarsonar fór Þorvaldur utan og gekk suður til Rómaborgar. Síðan kemur hann heim og gerist mjög umsvifamikill á Vestfjörðum. Vildi hann þar einn öllu ráða, og sátu engir í friði fyrir honum, nema þeir gerðust hans undirmenn. Syni Hrafns á Eyri rak hann burtu og voru þeir löngum í Dölum með Sturlu Sighvatssyni, og honum gáfu þeir goðorð sitt til liðveislu. Nú verða ýmsar greinir með Þorvaldi og Sturlu bæði út af Hrafnssonum, og því, að Þorvaldur var áleitinn við skjólstæðinga Sturlu. Kemur þar, að Hrafnssynir fara að

Þorvaldi og hyggja á föðurhefndir. Maður nokkur varaði hann við þeim en Þorvaldur svaraði: „Annað lítið mun fyrir, en að Hrafnssynir séu banamenn minir“. „Oft veltir lítil þúfa þungu hlassi“ mælti maðurinn. Fáum dögum síðar, á áliðnu sumri 1228, koma þeir bræður að bæ, þar sem Þorvaldur gisti og taka hús á honum. Lögðu þeir eld í bæinn. Þorvaldur réð til útgöngu en komst hvergi. En er húsin tóku mjög að loga, gengur Þorvaldur í eldhús og legst yfir eldstóna. Hann rétti hendur frá sér í kross, og þar fanst hann síðan örendur. En er Þorvaldur var dauður, gáfu þeir bræður öðru fólki grið og flúðu síðan á náðir Sturlu, en hann sendi þá norður að Grund til föður síns.

SAUÐAFELLSFÖR. — Þorvaldur átti sonu nokkra uppkomna þá, er eigi voru dóttursynir Snorra í Reykholti. Hétu þeir *Þórður* og *Snorri*, sem mest kvað að af þeim bræðrum. Vatnsfirðingar þessir kendu Sturlu um brennuna og vildu engum sáttum taka. Og um veturinn safna þeir að sér fimtíu mönnum með mikilli leynd og stefna liðinu til Dala. Þeir tóku menn og bundu þá, hvar sem þeir komu, svo að eigi færi njósn fyrir þeim þeim. Þá höfðu þeir og eld með, ef til þyrfti að taka. Hugðust þeir að sækja Sturlu með eldi og vopnum, hvort sem hann væri fjölmennur eða fámennur. En þessa nótt, sem Vatnsfirðingar koma, var Sturla eigi heima. Á Sauðafelli voru hýbýli góð, skáli tjaldaður allur og skipaður skjöldum utan á tjöldin, en brynjur voru fyrir framan rekkjur. Solveig húsfreyja hafði fætt barn skömmu áður; lá hún í stofu með ungbarnið; þar var einnig móðir hennar og fleira manna. Aðkomumaður nokkur hafði tekið lokur frá og voru dyrnar opnar. Ganga nú Vatnsfirðingar í skálann með blóti og höggum, og hjuggu alt það, er fyrir varð. Myrkt var í skálanum en komumenn fylgdu rekkjunum og hjuggu

og lögðu, sem óðir væru, varnarlaust fólkið í rúmunum. Hirtu þeir ekkert um, hvort fyrir urðu konur eða börn. Unnu þeir þar í skálanum mörg óheyrileg níðingsverk. Þeir brutu upp lokrekkju Sturlu og lögðu sverðum og spjótum í rúmið. En brátt fundu þeir, að enginn maður var í hvílunni og brá þá mjög í brún. Báru nú einhverir ljós í skálann. Var þar sorglegt um að litast og aumlegt að heyra vein kvenna og sárra manna. En er þeir fundu eigi Sturlu í skálanum, hugðu þeir hann falinn í stofunni og rannsökuðu hana. Þeir gengu að hvílu Solveigar með brugðnum og blóðugum bröndum. Þeir hristu vopnin yfir henni, og sögðu, að með þeim hefðu þeir litað lokkinn á „Dala-Frey“ (þ. e. Sturlu). Síðan rændu þeir úr bænum öllu fémætu, sem þeir máttu með komast og bundu í klyfjar. Þeir tóku og hross öll á bænum og í nágrenninu til að flytja á ránsfenginn. En er Vatnsfirðingar þóttust búnir til brottferðar gekk Þórður í stofu. Hann tók til orða: „Þeir tveir hlutir hafa orðið annan veg en eg ætlaði, er eg fann eigi Sturlu, en sá annar, er þú ert eftir, Solveig; og eigi mundi það vera, ef eg mætti með þig komast“. Gengur Þórður þá út og voru engar vináttukveðjur að skilnaði. Nú voru sendir menn til Sturlu að segja honum tíðindin. Hann spurði hvort þeir gerðu ekki Solveigu mein. Þeir sögðu hana heila. Síðan spurði hann einkis. (Sturlunga II. 158—63).

DREPNIR VATNSFIRÐINGAR. — Sturla lét sér eigi í fyrstu mjög ótt um hefndina. Sættist hann við þá bræður fyrir Sauðafellsför, og lagði á þá fégjöld mikil, en þeir guldu, sem til var sett. Þá mælti Þórður Vatnsfirðingur: „Víst er fégjaldið mikið, en vel ann eg þeim, er við tekur. Uni eg betur við þennan hlut en að taka þetta fé fyrir þvílíkar tilgerðir“. Fátt fanst Sturlu um þessi orð, en þó

skildu þeir skipulega. Líða nú þau missiri. Þá er það um veturinn 1232, að Snorri Sturluson býður Vatnsfirðingum heim, og þeir þiggja það. Fara þeir um Dali og rétt hjá garði á Sauðafelli. Sturla lætur nú safna liði um héraðið og veitir þeim eftirför. En er Vatnsfirðingar sjá mannsöfnuðinn og að varla er undankomu auðið, nema þeir staðar í garðstæði nokkru, og var þar vígi gott. Eigi voru þeir nema átta til varnar, en fjölmenni sótti að. Sturla hafði sig lítt í hættu og kvaðst vilja neyta liðsmunar. Vörðust Vatnsfirðingar ágæta vel, en þó kom þar, að þeir voru ofurliði bornir og létu þar líf sitt bæði Þórður og Snorri. Þeir voru á tvítugsaldri, og þóttu í mörgu mannvænlegir menn, en grimdarseggir eins og þeir áttu kyn til. (Sturl II. 197).

Í KONUNGSGARÐI. — Skömmu eftir fall Vatnsfirðinga kom út bréf erkibiskups í Noregi. Var þar mælt harðlega til Sturlu og Sighvats um Grímseyjarför og annan mótgang við Guðmund biskup. Var þeim stefnt utan báðum feðgum, en það réðst af, að Sturla skyldi einn fara og leysa mál þeirra beggja. Sturla réðst suður til Rómaborgar og fékk þar lausn allra sinna mála og föður síns og tók þar stórar skriftir. Hann var leiddur berfættur milli allra kirkna í Rómaborg og laminn fyrir flestum höfuðkirkjum. Bar hann það drengilega, sem líklegt var, en flest fólk stóð úti og undraðist, barði á brjóstið og harmaði, að svo fríður maður var svo hörmulega leikinn. Sturla kom við í Noregi í báðum leiðum. Þar réði þá ríkjum Hákon konungur, er síðar var nefndur hinn gamli. Fyrir hans daga höfðu geysað í Noregi magnaðar innanlandsdeilur; þóttust margir menn þar réttbornir til konungstignar, og efldu flokka hver á móti öðrum. Var þar þá nokkurskonar Sturlungaöld. Hákoni gamla tókst um síðir með slægvisku og harðfylgi að sameina þjóðina undir sinni stjórn og

koma á friði í landinu. Honum lék og mikill hugur á að ná yfirráðum á Íslandi. Þóttist hann sjá sér þar leik á borði, þar sem þjóðveldið virtist að hruni komið. Þegar Sturla kemur að sunnan, gerir Hákon konungur sér títt við hann, og bauð Sturlu að dveljast við hirðina lengi vetrar. Sátu þeir þá oft á einmæli konungurinn og Sturla. Vissu menn ógerla, hvað þeirra fór á milli en af því sem síðar kom fram má ráða, að Sturla hefir lofað að koma landinu undir konung en Hákon heitið að gera Sturlu að höfðingja yfir landinu; skyldi Sturla forðast mannvíg og stórdeilur en flæma þá menn, er mótþróa sýndu, úr landi á fund Hákonar konungs. Þessi ráðagerð tókst þó eigi svo vel, sem ætlað var.

HEIMKOMAN. — Meðan Sturla var burtu hafði margt breyst í landinu. Snorri hafði sett Órækju son sinn í Vatnsfjörð; sat hann þar með mikið fjölmenni og þóttist hafa völd öll á Vestfjörðum. Þegar þröngt var í búi, lét hann menn sína fara ránsferðir um héruðin og hafði af hverjum það, sem hann vildi. Órækja var giftur systur Kolbeins unga og höfðu þeir mágar átt í illdeilum við Sighvat á Grund og sonu hans. Snorri var tekinn að eldast og gæfan honum móthverf. Órækja var honum óhlýðinn sonur. Jón murtur hafði andast í Noregi. Þeir mágar Gissur Þorvaldsson og Jón voru þar saman og höfðu gerst skutilsveinar Hákonar konungs; þótti það mikil virðing. Eitt kvöld komu þeir mágar seint heim úr gildaskála og voru druknir. Jón lendir þá í áflogum við Íslending, er með þeim bjó. Gissur vildi skilja þá og hélt Jóni, en þá hjó maðurinn með handöxi í höfuð Jóns. Var það lítið sár en dró hann þó til bana. Heima á Íslandi lagðist sá orðrómur á, að Gissur ætti sök á vígi Jóns, en hann hreinsaði sig með eiði og lét Snorri sér það vel líka. Ingibjörg dóttir Snorra var gift Gissuri en sambúð þeirra var

hin versta og kom þar, að þau skildu. Kolbeinn ungi hafði og skilið við dóttur Snorra, og sent hana heim í Reykholt. Hún andaðist litlu síðar. Þriðja dóttir Snorra var þá orðin ekkja eftir Þorvald Vatnsfirðing. Synir Sighvats hinir yngri voru frumvaxta, og höfðu sumir fengið mannaforráð nyrðra. Sturla kemur nú heim, finnur föður sinn og er með honum hinn fyrsta vetur. Ráða þeir nú ráðum sínum, hversu þeir megi koma fram konungserindi. (Sturl. II. 255).

HERFERÐ STURLU. — Þennan vetur kemur sá kvittur til eyrna þeim feðgum, Snorra og Órækju, að Grundarmenn hyggi á herferð suður um land. Safnar þá Órækja sex hundruð mönnum á Vestfjörðum og kemur til liðs við föður sinn. Vildu þá margir, einkum Órækja, að liðinu væri snúið norður, en Snorri vildi eigi hefja ófrið við bróður sinn. Dreifa þeir nú flokkunum. Snorri fór þá úr Reykholti suður á Bessastaði. Þar átti hann annað bú, en fékk Þórði bróður sínum til varðveislu staðinn í Reykholti. En rétt fyrir páska koma þeir að norðan Sighvatar og Sturla með þúsund manna og halda suður í Borgarfjörð. Þórður Sturluson reið á móti Sighvati og veitti honum átölur þungar fyrir að fara að bróður sínum. Kvað hann mundi taka stór gjöld fyrir af guði, gamall maður. Sighvatur tók undir í gamni: „Hvorugur okkar þarf nú að bregða öðrum um elli, eða gerist þú nú spámaður, frændi?“ „Enginn er eg spámaður“ mælti Þórður „en þó mun eg þér verða spámaður. Svo mikill sem þú þykist nú og trúir á mátt þinn og sona þinna, þá munu fáir vetur líða áður það mun mælt, að þar sé mest eftir sig orðið“. „Reiður ertu nú, frændi“ segir Sighvatur. Kann vera að okkur talist betur í annað sinn, þá er við erum í góðu skapi og skal þess bíða“. Síðan fer Sturla í Reykholt og slær eign sinni á búið og allar eignir og mannaforráð Snorra í Borgarfirði.

En er Snorri fréttir þetta, fer hann austur í Skaftafellssýslu til vina sinna og er þar um sumarið. Sturla heldur úr Borgarfirði til Vestfjarða og kreppir svo að Órækju, að hann verður að gefa þar upp alt ríki sitt í hendur Sturlu og verða þaðan burtu, en Sighvatur skyldi dæma um mál þeirra öll. (Sturl. II. 159).

NÍÐINGSVERK. — Sighvatur kom eigi á tilsettum tíma til að ljúka gerðinni með þeim frændum. Sturla ginnir þá Órækju til sín í Reykholt og lætur við hann vinalega. En er minst varði, lætur hann ráðast á gesti sína, Órækju og menn hans, fletta þá vopnum og klæðum og varpa þeim í fangelsi. Síðan ríður Sturla með nokkra menn upp til jökla, uns þeir koma að Surtshelli. Hefir hann Órækju með sér fanginn, og skipar að ljósta úr honum augun með spjótskafti, en sá kvaðst eigi það kunna, er til var kvaddur. Þá var tekinn hnífur og vafinn og ætlað af meir en þverfingur. Þá stungu þeir hann með hnífnum við augun, en eigi misti hann sjónina. Órækja kallaði á Þorlák biskup og söng sálma, meðan þeir misþyrmdu honum. Eftir þetta reið Sturla heim en setti menn til að gæta Órækju. Skömmu síðar komst Órækja úr hellinum og suður í Skálholt. Biskup réði honum að fara utan, því að hann mundi hér enga uppreist fá sinna mála. Órækja hlýtti þessu ráði og var í Noregi í nokkur ár eftir þetta. Og ekki miklu seinna biðu vinir og bandamenn Snorra ósigur fyrir Sturlu. Sá Snorri þá sitt óvænna og fór utan á eftir syni sínum. Sturla þóttist nú hafa í hendi sér alla höfðingja í landinu, nema Gissur Þorvaldsson. Fer Sturla þá með þrjú hundruð manna suður á land og biður Gissur að finna sig við *Apavatn*. Það er lítið stöðuvatn milli Skálholts og Þingvalla. Gissur kom með fjóra tigi manna. Finnast nú báðir flokkarnir við vatnið. Sturla

og Gissur gengu saman í bróðerni. En alt í einu biður Sturla tvo menn að gæta Gissurar, og skipar mönnum hans að leggja niður vopnin. Þeir voru dreifðir og óviðbúnir, svo að lítið varð um vörn, enda bað Gissur þá að hafa eigi líf sitt í hættu. Þá spyr Gissur Sturlu, því hann láti leggja hendur á hann. Sturla bað hann ekki efast um, að hann ætlaði sér meiri hlut en öðrum mönnum á Íslandi, „en mér þykir sem þá séu allir yfirkomnir, er þú ert, því að eg uggi þig einn manna á Íslandi, ef eigi fer vel með okkur". Lét hann þá Gissur vinna sér trúnaðareið, og sverja utanferð sína. Riðu þeir saman þann dag vestur í sveitir. Var Sturla heldur ófrýnn og þungbúinn en Gissur hinn kátasti. Það er sögn Gissurar, að þeir námu staðar í hrauninu við Sogið og sátu á baki. Þá mælti Sturla eftir stundarþögn: „Ríðum enn". Það þóttist Gissur þá finna, að Sturlu mundi hafa til hugar komið að stytta honum aldur. (Sturl. II. 283. 291).

ÖRLYGSSTAÐABARDAGI. — Gissur þóttist eigi skyldur að halda nauðungareið sinn, og hyggur nú á það eitt að koma hefndum fram á Sturlu. Gera þeir þá samband sín á milli árið 1238, Kolbeinn ungi og Gissur, að láta til skarar skríða með þeim og Sturlu. Gissur dró að sér lið af Suðurlandi, en Kolbeinn úr Skagafirði og Húnavatnssýslu, en Sturla af Vesturlandi og Sighvatur úr Eyjafirði og Þingeyjarsýslu. Mætast flokkarnir á *Örlygsstöðum* í Skagafirði, rétt fyrir sunnan Miklabæ. Gissur og Kolbeinn höfðu þrettán hundruð manna en feðgar mun færra. Kolbeinn hafði riðið með úrvalslið sitt suður um Kjöl og komu þeir félagar með herinn sunnan yfir fjöll og mjög að óvörum, því að bændur í Skagafirði fylgdu fast Kolbeini höfðingja sínum, og vildu enga njósn bera til Sturlu. Verða þeir feðgar því heldur varbúnir og náðu hvorki öllum vopnum sínum né að fylkja liðinu skipulega. Gissur

hélt ræðu fyrir mönnum sínum um morguninn og eggjaði þá til drengilegrar framgöngu. Voru foringjarnir báðir öruggir og svo liðið. Ráðast þeir nú grimmilega á lið feðganna, en þar kendi liðsmunar og skipulags. Riðluðust flokkar þeirra brátt, og sumir lögðu á flótta til fjalls, eða í kirkju á Miklabæ. Sighvatur féll þar, lítt sár, en yfirkominn af mæði. „Hver húkir þar undir garðinum?“ mælti Kolbeinn ungi. Þeir sögðu að það var Sighvatur. „Hví drepið þér hann eigi?“ mælti Kolbeinn og hjó til hans. Þeir særðu hann sautján sárum og flettu hann vopnum og klæðum. Sighvatur var þá nær sjötugu. Sturla varðist drengilega gegn ofurefli liðs. Bárust þá sár á hann en hann kastaði sér niður og virtist að bana kominn. Þá kom Gissur að og mælti: „Hér skal eg að vinna“ og hjó mikið högg í höfuð dauðsærðum manninum. Þá var Gissur svo æstur, að hann hljóp í loft upp um leið og hann greiddi höggið, svo að sá undir iljar honum. Fleiri níddust á líkinu og rændu af því dýrgripum. Einn af sonum Sighvats komst lífs af úr orustunni, tveir féllu en tveir komust í kirkju á Miklabæ en fengu ekki grið. Þar voru einnig teknir úr kirkju og vegnir tveir synir Hrafns Sveinbjarnarsonar, er lengi höfðu fylgt Sturlu. Alls létust á Örlygsstöðum nær sex tigir manna. En af þeim voru ekki nema sjö úr liði Kolbeins og Gissurar. (Sturl. II. 315).

NÆTURVÍG. — Snorri Sturluson spyr um haustið til Noregs fall Sighvats og sona hans. Þótti honum hinn mesti skaði um bróður sinn, þó að þeir bæru eigi ætíð gæfu til samþykkis. Er hann þar um veturinn, en býr sig til heimferðar um vorið, og Órækja með honum. En er þeir voru búnir, koma sendimenn Hákonar konungs með bréfum og stóð þar á, að öllum Íslendingum væri bannað að fara heim á því sumri. Þeir sýndu Snorra bréfin en hann svaraði: „Út vil

eg". Eftir þetta létu þeir feðgar í haf og urðu vel reiðfara. Snorri fór í Reykholt, en Órækja tók upp sína fyrri hætti um rán og yfirgang á Vestfjörðum. Fátt var með þeim Snorra og Gissuri, en miklu var Gissur orðinn grimmari og harðdrægari eftir Apavatnsför. Líður nú nokkur stund, þar til út kemur bréf frá Hákoni konungi til Gissurar. Var þar í að Gissur skyldi láta Snorra fara utan, hvort sem honum væri ljúft eða leitt, eða drepa hann að öðrum kosti fyrir það, að hann hafði farið út í banni konungs. En raunar mun Hákon hafa óttast Snorra, að hann yrði eigi leiðitamur við sendisveina konungsvaldsins, og vildi nú láta Gissur reka erindi sín í stað Sturlu Sighvatssonar. Gissur hélt mjög á lofti bréfum konungs, og kvaðst með engu móti vilja brjóta á móti þeim. Gissur dregur nú lið saman og kemur fjölmennur í Reykholt nótt eina í september 1241. Engin njósn kom um ferð þeirra og var fólk allt í fasta svefni er flokkurinn reið að bænum. Gissur lætur nú brjóta upp skemmu þá, er Snorri svaf í, en hann vaknar við hávaðann, og hleypur í kjallara, er þar var undir húsunum. Þeir Gissur leita nú Snorra um bæinn, og spyrja prest einn, hvar hann muni falinn, en hann lést eigi vita. Gissur kvað þá eigi mega sættast, nema þeir fyndust. Prestur kvað vera mega, að Snorri fyndist, ef honum væri heitið griðum. Eftir það urðu þeir varir við Snorra og var maður settur til að vega að honum. „Eigi skal höggva" sagði Snorri. Eftir það veittu þeir honum banasár. (Sturl. II. 349).

VELDI KOLBEINS UNGA. — Eftir Örlygsstaðafund þótti Kolbeinn enn harðleiknari heldur en Gissur við flóttalið þeirra feðga. Lét hann fletta marga vestanmenn vopnum og klæðum og berja þá. Síðan reið hann norður að Grund og rak Halldóru föðursystur sína af jörðinni og tók undir sig allar eignir og mannaforráð eftir þá feðga fyrir norðan land

og þóttist þar nú einvaldur í fjórðunginum. Mikil vináttla var með þeim Kolbeini og Gissuri. Órækja undi illa við sinn hlut. Gissur hafði sett frænda sinn til að búa í Reykholti. Þangað kemur nú Órækja eina nótt um jólaleytið, mjög liðmargur, tekur hús á bónda og lætur drepa hann. Síðan stefnir hann með fjölmenni austur um heiðar og ætlar að gera Gissuri sömu skil. En Gissuri er borin njósn, svo að hann gat safnað liði. Heldur hann því til Skálholts og fylkir liðinu í kirkjugarðinum. Verður þar stuttur bardagi, áður biskup gengur á milli og kemur sættum á. Skyldi hann gera um málin. Gissur sór við krossmark að halda sætt þessa. Var nú lagður sáttafundur og koma þeir þar allir: Gissur, Kolbeinn, Órækja og biskup. En áður biskup hafði gert um málin nær Gissur Órækju með svikum á sitt vald, og rauf þar með eið sinn. Dæmdu þeir nú Órækju til utanferðar og andaðist hann erlendis. Gissur fór þá og utan á konungsfund og var alllengi með Hákoni. Var nú Kolbeinn voldugasti maður í landinu, um stund, og urðu allir að sitja og standa sem hann vildi. Lét hann alla helstu fylgismenn og vini Snorra og Órækju sverja sér dýra trúnaðareiða. En þegar alt virtist leika í lyndi fyrir Kolbeini kemur honum sú frétt, er honum þótti verst, að til landsins var kominn *Þórður* kakali *Sighvatsson*, frændi hans, sá er mestur var og bestur af öllum Sturlungum. Hann hafði verið erlendis síðan fyrir Örlygsstaðafund og kom nú heim að leita arfs og hefnda eftir föður sinn og bræður. (Sturl. II. 333).

FLÓABARDAGI. — Einum vetri eftir lát Snorra Sturlusonar kom út Þórður kakali. Þá réði Kolbeinn ungi fyrir mestöllu landinu. Þórður hittir fyrst Eyfirðinga, sem verið höfðu mestir vinir og stuðningsmenn föður hans. En þeir þorðu sig hvergi að hreyfa fyrir ríki Kolbeins. Þá leitar hann suð-

ur yfir fjöll og hittir systur sína Steinunni. Hún var gift einum Oddaverja, er var mjög friðsamur. Kvað þá Steinunn sæmra að hún tæki vopnin, og veitti bróður sínum, en bóndinn gætti búrlyklanna. Þó varð eigi af liðveislu við Þórð fyr en hann kom til Vestfjarða, því að þar höfðu þeir Sturlungar lengi átt hauka í horni. Voru þó flestir menn þar bundnir nauðungareiðum við Kolbein. En Þórður var bæði ráðsnjall og þolgóður og drengur hinn besti. Kemur þar að honum hefir safnast allmikill her, og heldur hann því liði, sumarið 1244, sjóleiðis frá Ströndum og austur yfir Húnaflóa. En um sama leyti kemur Kolbeinn austan yfir flóann og hygst að eyða Vestfirði svo að Þórði mætti þaðan engin hjálp koma. Kolbeinn hafði um fjögur hundruð manna, en Þórður eigi nema tvö hundruð. Þá hafði Kolbeinn og skip fleiri og stærri. Þórður eggjaði lið sitt mjög til framgöngu, og tekst nú hinn harðasti bardagi. Skutu menn Þórðar svo fast að þeir Kolbeinn fengu eigi annað gert en að hlífa sér um hríð. Hallaðist þá bardaginn á Norðlendinga, þó að þeir væru fleiri. Kom það til af tvennu: Fyrst, að þeir höfðu grjót lítið en Þórðar menn höfðu hlaðið hvert skip með grjóti, og hitt annað, að í liði Kolbeins voru fáir menn, er nokkuð kunnu að gera á skipum en af Vestfirðingum var hver maður öðrum kænni í öllu, er að sjómensku laut. Sneri mannfallinu í lið Kolbeins, og gekk enginn jafn djarflega fram af Þórðar mönnum sem hann sjálfur. Þó fór svo, er leið á daginn, að Kolbeinn gat neytt liðsmunar, og lét Þórður þá undan síga með skip sín upp að Ströndum en Kolbeins menn voru svo þjakaðir, að þeir gátu eigi veitt skjóta eftirför. Og er þeir Þórður voru lentir, skaut hann á húsþingi, þakkaði liðinu góða fylgd og fór mörgum fögrum orðum um framgöngu sinna manna. „Væntir mig“ mælti hann „að nú hafi snúist hamingjan með okkur Kolbeini“. Þetta reyndist orð að sönnu.

Kolbeinn hafði engin not af sigrinum. Varð hann sjúkur litlu síðar og andaðist. Tók þá Þórður við föðurleifð sinni og leið eigi á löngu, áður hann réði fyrir öllu landinu, því að Hákon hélt Gissuri hjá sér í Noregi og fékk honum þar embætti. Þórður fór vel með vald sitt, en gerði lítið eða ekki neitt til að koma landinu undir konung. Þá var orðinn biskup á Hólum Norðmaður einn, *Heinrekur* að nafni. Guðmundur Arason hafði andast árið fyrir Örlygsstaðafund, en verið blindur og karlægur hin síðustu ár sín. Heinrekur var Íslendingum hinn óþarfasti maður. Hann studdi konungsermeð réttu og röngu. Í hans augum var ekki til nema ein synd: Það, að standa móti vilja Hákonar konungs. Nú grunar hann Þórð um athafnaleysi og kærir fyrir konungi. Sá Þórður sinn kost vænstan að fara utan og bera hönd fyrir höfuð sér, því að hann var hirðmaður konungs. Setti hann vini sína til að gæta ríkis síns á Íslandi. Einn af þeim var *Hrafn Oddsson*, dóttursonur Hrafns Sveinbjarnarsonar. Hann var giftur dóttur Sturlu Sighvatssonar. (Sturl. III. 90—110).

FLUGUMÝRARBRENNA. — Meðan Þórður kakali réði mestu á Íslandi þótti Gissuri daufleg vistin í Noregi. Réð hann þá af að fara suður til Rómaborgar og fá þar lausn allra sinna misgerða, og það gerði hann. En er Gissur kom að sunnan, sendir konungur hann til Íslands, sem sinn trúnaðarmann, en kyrsetur Þórð í Noregi. Heinrekur biskup var þá í fyrstu vel til Gissurar. Það þóttist Gissur vita, að Norðlendingar yrðu sér móthverfastir og því flytur hann bygð sína úr Árnessýslu norður í Skagafjörð vorið 1253. Keypti hann þar höfuðbólið *Flugumýri*, þar sem Kolbeinn ungi hafði búið. Setur hann þar saman rausnarbú. *Gróa* hét kona Gissurar og átti þau syni uppkomna. Nú vill Gissur festa ríki sitt með því að binda tengdir við þá höfðingja, sem tryggastir voru

Þórði, en það voru þeir Sturla Þórðarson sagnfræðingur og Hrafn Oddsson. Sættist hann nú við þessa menn og biður Ingibjargar dóttur Sturlu til handa Halli syni sínum. Skyldi brúðkaup þeirra vera á Flugumýri um veturnætur það ár, sem Gissur flutti norður. Einn af vinum Þórðar hét *Eyjólfur* og var kallaður *ofsi*. Hann var var giftur dóttur Sturlu Sighvatssonar. Þennan mann hafði Gissur gert héraðsrækan úr Skagafirði, er hann flutti að Flugumýri. Eyjólfur fór þá búferlum að Möðruvöllum í Hörgárdal. Þá ber svo til einn helgan dag um sumarið, að Eyjólfur segir í gamni við tengdamóður sína: „Hvað mundi Gissuri til ganga, er hann vildi eigi bygð þína í Skagafirði?“ Þá svarar kona Eyjólfs: „Það að Gissuri þótti hver kerling líklegri til að hefna föður míns en þú“. Eyjólfur svarar engu en varð rauður sem dreyri. Og síðan afræður hann að sækja Gissur með eldi og vopnum að brúðkaupinu nýafstöðnu. Nú koma boðsmenn að Flugumýri, og var þar hin ágætasta veisla. Gissur setti Hrafn hið næsta sér, en Sturlu á miðjan bekk gegnt sér. Boðsmenn voru um tvö hundruð, og sex sætaraðir eftir stofunni. Ísleifur sonur Gissurar og Hrafn sátu saman annan dag veislunnar og drukku af einu silfurkeri og fór hið besta með þeim. Hrafn vissi um fjörráð Eyjólfs við Gissur, en vildi eigi upp ljósta. Þó bað hann Gissur, er þeir skildu, að vera varan um sig. En kveldið eftir að boðsmenn fóru, koma þeir Eyjólfur að Flugumýri með nær fimtíu manna. Tveir menn héldu vörð úti á túni en annað heimafólk var gengið til hvílu. Annar varðmaðurinn komst í bæinn og gerði menn vara við hættunni, en Eyfirðingar ruddust inn í skálann og tóku að vega menn í rúmunum. Þó náðu margir heimamenn vopnum og var nú barist snarplega um hríð í skálanum og vann hvorugur á. Þá báru Eyfirðingar eld að húsum og á þökin og varð brátt reykur mikill inni og svæla. Gissur og Gróa lögð-

ust niður í skálanum með höfuðin við gólfið til að ná fremur andanum. Heyrðu menn þá að Gissur baðst fyrir með miklum fjálgleik. Þá gengu þau hjón til dyra og svalaði heldur á meðan. Kvaddi Gissur þá Gróu og fékk henni tvö fingurgull, er verið höfðu ættargripir, því að hann ætlaði henni líf en sér dauða. Þá gekk út brúðurin, Ingibjörg Sturludóttir, en Gróa varð eftir inni í eldinum, og segja sumir að henni væri hrundið í logana. Stuttu síðar hljóp Hallur brúðgumi út; hann var drepinn en tveir bræður hans urðu undir skálanum, er hann féll og margt annara manna. Níu ölmusumenn köfnuðu í gestahúsi, en alls lést hálfur þriðji tugur í brennunni. En það er frá Gissuri að segja, að hann hljóp úr aðalbænum í skyrhúsið. Hann sá hvar skyrker stóð á stokkum í húsinu, en undir því var lítið sýruker grafið í jörð og hulið að mestu af skyrtunnunni. Gissur fór þar ofan í fáklæddur og tók sýran honum í geirvörtur. Kalt var mjög í sýrunni svo að hann skalf sem hrísla í vindi. Þá heyrir hann mannamál í húsinu, og talað er um, að ef Gissur finnist, þá skuli þrír menn vega að honum og fara eigi ótt að, og vita hvernig honum yrði við. Þá hvarf úr honum allur skjálfti. Brennumenn lögðu með spjóti í kerið þrem sinnum og fékk hann þá nokkur smásár á höndum og fótum. Eftir þetta stigu brennumenn á bak og riðu burt. En sá sem síðastur fór sá mann studdan úr rústunum og í kirkju, og grunaði að það mundi vera Gissur, en þó sneru þeir eigi aftur, því þeir óttuðust eftirreið héraðsmanna. Gissur bar karlmannlega harma sína en þó segja menn að hann viknaði, er hann sá Ísleif son sinn og Gróu, mjög brunnin, borin úr rústunum. Brennumenn riðu í Hóla og tók biskup vel við þeim og veitti þeim lausn fyrir illvirkið. Þótti honum Gissur eigi svo fylginn Hákoni konungi sem skyldi. Þá snerist Hrafn Oddsson einnig í lið með þeim. Gissur hefndi sín grimmilega og drap

fjölmarga, sem verið höfðu að brennunni, en eigi náði hann foringjunum. Kemur þar loks að biskup forboðar Gissur, en honum þótti hart undir því að búa, og fer af landinu til að finna vin sinn og herra, Hákon Noregskonung. (Sturl. III. 272-92).

ÞORGILS SKARÐI. — Hákoni konungi þótti íslensku höfðingjarnir heldur ótryggir, þótt þeir töluðu fagurlega í konungsgarði. Þó fann hann um síðir einn þann mann íslenskan, er mjög var honum að skapi. Það var *Þorgils skarði*, sonarsonur Þórðar Sturlusonar. Hann var hraustmenni mikið og vel viti borinn, en ákaflega metnaðargjarn. Hann sá að á þeim tíma var konungsvináttan vissastur vegur til valda á Íslandi. Þorgils hafði farið ungur utan, og sótt fast að komast í konungsþjónustu og tókst það að lokum. Hafði Hákon Þorgils með sér alllanga stund til að tryggja hann sem best. Síðan gefur Hákon honum heimfararleyfi og setur hann yfir eignir og mannaforráð Snorra Sturlusonar. Þóttist konungur réttur erfingi Snorra, af því hann hafði látið drepa hann. Var sú krafa óréttmæt og ósvífin. Þorgils taldi sig nú ráða fyrir Borgarfirði, en bændur þar voru honum móthverfir og lék hann þá harðlega. Hélt hann óspart fram konungsbréfunum, enda var hann í raun og veru trúr Hákoni. Eftir Flugumýrarbrennu efldist Þorgils mjög að völdum, er Gissur var farinn utan. Réði hann þá fyrir Borgarfirði, Skagafirði og Eyjafirði. Þóttust Skagfirðingar eigi hafa haft slíkan höfðingja, síðan Kolbeinn ungi féll frá. Þorgils háði orustu við Eyjólf ofsa og feldi hann, en það líkaði Heinreki biskupi illa. Þótti honum Þorgils þá gerast of voldugur. Bannaði biskup hverjum manni að samneyta Þorgilsi og fylgdarliði hans eða gera þeim nokkurn greiða. En þó mælti hann, að heldur skyldi bera mat fyrir Þorgils, en rænt væri, en gefa leyfarnar hundum. „Og eigi skal yður heimil jörð að

ganga á og eigi himinn að horfa á og enginn hlutur heimill nema helvíti“ mælti biskup við Þorgils. Þorvarður hét maður. Honum lék öfund á því hve Þorgils óx að völdum og vinsældum. Þá ber svo til að Þorgils er um nætursakir á Hrafnagili í Eyjafirði um jólaleytið 1258. Þorvarður kom þar fjölmennur um nóttina. Hann hafði þá um kvöldið sent njósnarmann í Hrafnagil. Skyldi hann látast vera ferðamaður og beiðast gistingar en raunar átti hann að draga lokur frá hurðum og segja hvar Þorgils hvíldi og tókst það bragð. Lá njósnarmaðurinn um kvöldið á rekkjustokki hjá Þorgils; töluðu þeir saman, uns Þorgils sofnaði. Um nóttina ruddist Þorvarður inn, og lét vinna á Þorgilsi með fádæma níðingshætti, svo að það víg var eitt hið versta á Sturlungaöldinni.

DAUÐI ÞÓRÐAR KAKALA. — Eftir Flugumýrarbrennu fór Gissur utan og hitti Þórð kakala við hirð Noregskonungs. Þórður hafði þá haft sýslu hjá konungi, en fékk ekki heimfararleyfi. Nú líkar honum illa að vera samvistum við höfuðfjandmann sinn og biður konung að láta Gissur brott fara; kvað eigi örvænt að til vandræða leiddi, ef þeir væru í sama kaupstað báðir. Konungur svarar: „Hver von er þér þess, að eg reki Gissur frænda minn frá mér fyrir þessi ummæli þín; eða mundir þú eigi vilja vera í himnaríki, ef Gissur væri þar fyrir?“ „Vera gjarna herra“ segir Þórður „og væri þó langt í milli okkar“. Konungur brosti að, en þó fékk hann þeim sína sýsluna hvorum. Þórður var vinsæll í því héraði, er hann hafði til forráða. Svo líða nokkur ár. Þá situr Þórður eitt kveld við drykkju heima á bæ sínum, er hann fær bréf frá Hákoni konungi. Það var 1256. Léttist þá mjög brún á Þórði og segir að konungur gefur honum nú orlof til Íslands og vill gera hann þar mestan mann. Varð Þórður svo glaður við, að hann kvað engan þann hlut

til vera, er honum þætti þá betri og þakkaði konungi mikillega. Litlu síðar um kvöldið mælti Þórður, að eigi skyldi hann fara aftur til útlanda, ef honum yrði auðið að koma til Íslands. En í því bili fær hann aðsvif, og er fylgt til hvílu sinnar. Eftir stutta stund var hann örendur.

ÍSLENSKI JARLINN. — Eftir andlát Þórðar hafði Gissur meiri metorð hjá konungi. Þóttist Hákon nú varla mega án hans vera, er þeir frændur Þórður og Þorgils skarði voru fallnir frá. Gerir nú konungur Gissur að jarli sínum og skipar hann yfir alt Suðurland, Norðurland og Borgarfjörð. Hann gaf Gissuri stórgjafir, fékk hooum merki og lúður, setti hann í hásæti hjá sér og lét skutulsveina skenkja honum, sem sjálfum sér. En að launum þessarar tignar skyldi Gissur láta Íslendinga játast undir þegnskyldu og skatt til Noregskonungs. Gissur kom út 1258, og heldur mjög á lofti jarlstigninni. Hann kaupir litlu síðar Reynistað í Skagafirði og gerir þar rausnarlegt bú. Skyldi þar vera höfuðstaður Íslands og jarlssetur. Fáir höfðingjar voru nú eftir, sem veitt gátu Gissuri mótstöðu, nema Hrafn Oddsson, enda beygðu flest héruð sig fyrir jarlinum. Jók hann veldi sitt en starfaði lítt að konungserindi. Hann hélt veislur góðar eins og títt var um þá Haukdælina, og var afar vinsæll af þingmönnum sínum, einkum á Suðurlandi. Þegar Hákon fréttir um athafnaleysi Gissurar í jarlstigninni, sendi hann til Íslands hirðmann sinn, Hallvarð gullskó, árið 1261. Hallvarður kunni tökin á íslensku höfðingjunum. Hann sýndi Gissuri fram á, að ef hann héldi ekki heit sitt við konung, yrði ríki hans tekið, og fengið öðrum höfðingjum, enda var Hákon byrjaður á þeirri stefnu með því að gera Hrafn Oddsson sér háðan. Hafði hann fengið Hrafni Borgarfjörð. En er Íslendingar, þeir sem tryggastir voru Gissuri, vissu hverjum heitum hann var bund-

inn, vildu þeir kaupa hann og þá sjálfa í sátt við konung með því að greiða Hákoni mikla fjárupphæð í eitt skifti fyrir öll. En er Hallvarður spurði þetta, segir hann, að konungurinn vildi eigi, að bændur væru píndir til svo mikils fjárgjalds; segir hann að konungur vill hafa hlýðni af bændum og þann skatt, sem þeir séu færir um að gjalda árlega. Um vorið 1262 fer Hallvarður um Vesturland og lætur þar sverja Hákoni hlýðni og trúnað, og heldur síðan til alþingis. Gissur var þar með tólf hundruð manna en Hrafn og Hallvarður höfðu sex hundruð að vestan. Þóttist Hallvarður vilja neyta þess afla, er hann hafði til, að koma fram erindi konungs á alþingi. Þá fór Gissur jarl bónarveg að þingmönnum sínum af Norður- og Suðurlandi og kallaði fjörráð við sig, ef eigi væri gengist undir skatt og þegnskyldu við konung. Var þá lögréttan skipuð og Hákoni svarið land og þegnar á alþingi 1262. Konungsvaldið hafði haft fram sitt mál. Sjálfstæði landsins var glatað fyrir manngildisskort nokkurra Íslendinga. Þjóðveldið, sem drengskapur, vit og framsýni forfeðranna hafði reist með vinnu margra kynslóða, var hrunið í grunn og dró með sér í eyðilegginguna þá glæsilegu en skammsýnu menn, sem höfðu ætlað að byggja upphefð sína á niðurlægingu þjóðarinnar. Sjálfur jarlinn, sem einn fékk að reyna sætleik valdanna, var einmana gamalmenni, síðasta grein á útkulnuðum stofni.

Nokkrar leiðréttingar.

Bls.	7,	lína 16.	systkyna, les: systkina.
—	8,	— 23.	rækju, les: ræki.
—	14,	— 9.	firðinnm, les: firðinum.
—	26,	— 4.	gjaldgengir, les: hlutgengir.
—	37,	— 3.	mánuð, les: hálfan mánuð.
—	37,	— 30.	innanhús, les: innanhúss.
—	40,	— 25.	réttrar, les: réttar.
—	43,	— 7.	Jörðin, les: jörðina.
—	44,	— 1.	Höð, les: Heði.
—	50,	— 24.	lögberg, les: Lögberg.
—	53,	— 12—13.	*Annar . . . Lögréttan* falli burt.
—	53,	— 15.	*var*, les: átti á söguöldinni setu
—	55,	— 16.	lögsögumaður-, les: allsherjargoð-
—	55,	— 17.	Eftir *þingið*, bætist inn í: og lögumaðurinn, er hann.
—	55,	— 19.	Málsgreinin *þar . . . mál* falli burt.
—	69,	— 2.	brigðir, les: brygðir.
—	72,	— 18.	jörð brann, les: brann hraunið.
—	76,	— 29.	upp í loft, les: í loft upp.
—	79,	— 9.	trúin, les: trúnni.
—	80,	— 22.	Fóra, les: Fóru.
—	80,	— 31.	Þorvarður, les: Þorvaldur.
—	81,	— 24.	miskunarlaus, les: miskunnarlaus.
—	83,	— 19.	há, les: heyja.
—	85,	— 1.	háreisti, les: háreysti.
—	92,	— 3-4.	*sonur . . . var*, les: sonur Gissurar biskups var.
—	93,	— 13.	Óðinn, les: Óðin.
—	98,	— 10.	Jón biskup helgi, les: Eftirmaður Jóns biskups helga.
—	101,	— 15.	sá, les: föðurbróðir þess.
—	101,	— 16.	fóstbróðir, les: fóstri.
—	108,	— 19.	Niðárósi, les: Niðarósi.
—	117,	— 17.	systkynin, les: systkinin.
—	121,	— 27.	geysað, les: geisað.
—	127,	— 12.	mjög, les: lítt.
—	129,	— 1-2.	Steinunn, les: Steinvör.
—	130,	— 10.	konungser, les: konungserindi.
—	131,	— 28.	hættunni, les: hættuna.
—	133,	— 31.	leyfarnar, les: leifarnar.
—	135,	— 1.	vera, les: bera.

AUGLÝSING.

Bók þessi verður aðallega til útsöla hjá kennurum víðsvegar um land a. m. k. einum til tveimur í hverri sýslu. Síðara heftið verður á stærð við þetta og kemur út, að öllu forfallalausu, haustið 1916 og verður sett á sama hátt og þetta.